HANNA MARÍA KARLSDÓTTIR

Lumar á uppskrift að ljúffengum saltfiski

• matur • helgin

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS

DÍSA OG ARNAR GRANT

Sameinast í því að hjálpa fólki

FÖSTUDAGUR FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

MARGRÉT LÁRA VIÐARSDÓTTIR

Miðlar af reynslu sinni

Gefur út kennslumyndband í fótbolta

FÓLK 42

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

19. september 2008 — 255. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

FÖSTUDAGUR

Nonni aftur í Japan

Motokatsu Watanabe er einn þeirra sem kynna Nonna á ný fyrir japönsku þjóðinni.

TÍMAMÓT 24

Allir elska Abba

Tuttugu atriði sem þú hélst að þú þyrftir ekki að vita um Agnethu, Björn, Benny og Fridu.

FÓLK 30

Réttur smáþjóða

„Heimurinn er miklu betur kominn með fjölda smáríkja en nokkur stórveldi," skrifar Hannes Hólmsteinn Gissurarson.

Í DAG 20

ÍA fallið

Skagamenn féllu úr Landsbankadeild karla í gær er þeir gerðu markalaust jafntefli við KR á heimavelli.

ÍÞRÓTTIR 36

VEÐRIÐ Í DAG

BJART EYSTRA Í dag verða suðvestan 8-15 m/s, hvassast með ströndum norðvestan til. Rigning eða skúrir en þurrt og bjart eystra. Hiti 10-15 stig.

VEÐUR 4

OPIÐ

til 20

alla daga

HAGKAUP

Ein ferð betra verð

Samkeppniseftirlitið tekur Íslandspóst til rannsóknar

Rannsókn stendur yfir af hálfu samkeppnisyfirvalda um hvort Íslandspóstur hafi brotið samkeppnislög við dreifingu fjölpósts og misnotað markaðsráðandi stöðu sína á póstmarkaði. Eðlilegt eftirlit, segir forstjóri.

SAMGÖNGUMÁL Samkeppniseftirlitið hefur til rannsóknar hvort Íslandspóstur, sem er hlutafélag í eigu ríkisins, hafi brotið lög um fjárhagslegan aðskilnað opinberra fyrirtækja vegna einkaleyfis- og samkeppnisrekstrar og hvort fyrirtækið hafi misnotað markaðsráðandi stöðu sína. Forstjóri Íslandspósts telur rannsóknina hluta af eðlilegu eftirliti.

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, segir stofnunina fylgjast með aðstæðum á póstmarkaði og þar starfi Íslandspóstur að hluta til í skjóli einkaréttar. Til að stuðla að eðlilegum starfsaðstæðum hafi samkeppnisyfirvöld mælst fyrir um fjárhagslegan aðskilnað svo að einkaréttarstarfsemi skerði ekki samkeppni á öðrum mörkuðum. Fyrirtæki eins og Íslandspóstur geti verið í ráðandi stöðu og verði að gæta þess að misnota ekki þá aðstöðu.

„Það sem Samkeppniseftirlitið er að skoða hvað þetta varðar eru aðstæður á samkeppnismarkaði með dreifingu fjölpósts þar sem þessi tvö atriði eru til skoðunar, eða hvernig lögbundinn fjárhagslegur aðskilnaður er framkvæmdur og hvort að öðru leyti er farið að samkeppnislögum."

Ingimundur Sigurpálsson, forstjóri Íslandspósts, segir að frá eftirlitsstofnunum berist reglulega fyrirspurnir um rekstur fyrirtækisins. Hann segir að Íslandspósti hafi borist fyrirspurn frá Samkeppniseftirlitinu fyrir nokkru síðan og henni hafi verið svarað. Hann telur að um eðlilegt eftirlit sé að ræða á vegum samkeppnisyfirvalda.

Rannsóknin er gerð að frumkvæði Samkeppniseftirlitsins en í því felst að stofnunin tekur mál til umfjöllunar án þess að um formlega kvörtun sé að ræða. Spurður hvort fleiri atriði í rekstri Íslandspósts séu til skoðunar segir Páll Gunnar að svo sé ekki. Hann segir að enginn lögbundinn tímarammi sé við rannsókn mála af þessu tagi og ekki sé hægt að áætla hvenær rannsókninni ljúki.

Ef sannast að Íslandspóstur hafi brotið samkeppnislög getur Samkeppniseftirlitið mælst til að úrbætur verði gerðar hjá fyrirtækinu og ákvarðað stjórnvaldssektir.

- shá / sjá síðu 8

VISTAKSTUR Geir H. Haarde forsætisráðherra hleypti í gær af stað vistakstursátaki Landverndar með því að koma, sjá og sigra í vistaksturskeppni í þar til gerðum akstursherrum á ráðstefnu um sjálfbærar samgöngur. Sigrún Pálsdóttir, verkefnisstjóri hjá Landvernd, og Magnús Kristinsson, stjórnarformaður Toyota, fylgjast hér með Geir undir stýri. Í ávarpi sínu sagði Ólafur Ragnar Grímsson forseti að Ísland ætti að vera „tilraunastofa framtíðarorkugjafa og fundarstaður þeirra sem vinna að vistvænum samgöngum". FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Óli Palli í útrásarverkefni:

Kynnir íslenska tónlist á BBC

FÓLK Útvarpsmaðurinn Ólafur Páll Gunnarsson, betur þekktur sem Óli Palli, mun sjá um þætti um íslenska tónlist á útvarpsstöð Breska ríkisútvarpsins, BBC, í Liverpool í nóvember.

ÓLAFUR PÁLL GUNNARSSON

„Ég á að vera þarna í hlutverki íslensks sendiherra," segir Óli Palli. Uppátækið er hluti af menningarhátíð í Liverpool, sem er menningarborg Evrópu í ár.

Íslenskir listamenn verða áberandi í Liverpool af þessu tilefni. Til dæmis verða þrír myndlistamenn með sýningu, Langholtkirkjukórinn ætlar að troða upp upp og íslensk/ færeyskir jólatónleikar munu koma gestum í jólaskapið.

- bj / sjá síður 16 og 42

Samkeppnislögum vikið til hliðar í risavöxnum bankasamrunum víða um heim:

Heimild til að hraða samruna

VIÐSKIPTI „Þetta er björgunaraðgerð í nafni almannaheilla og til að varðveita stöðugleika fjármálakerfisins," segir Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra um samruna Lloyds og HBOS (Halifax) í Bretlandi í gær, en við hann varð til stærsti banki Bretlandseyja, með nær þriðjungs markaðshlutdeild.

Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, hefur lýst því yfir að breska ríkisstjórnin muni beita sér fyrir því að yfirtökusamningnum verði hraðað í gegn án þess að til komi tímafrek athugun þarlendra samkeppnisyfirvalda.

„Það er heimild fyrir þessu í breskum lögum og einnig í íslenskum lögum, ef fjármálastofnun er á leið í þrot. Ef sambærilegar aðstæður kæmu upp hér ábyrgðumst við slíkar aðgerðir með sama hætti," segir viðskiptaráðherra.

Spurður um hvort athugun á samruna SPRON og Kaupþings hafi tekið of langan tíma, segir viðskiptaráðherra ólíku saman að jafna. „Þar er á ferðinni hefðbundinn samruni en ekki neyðaraðstoð."

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, segir að við athugun á samruna sé fyrir hendi svigrúm til að taka tillit til alvarlegra erfiðleika í rekstri einstakra fjármálafyrirtækja.

„Það er að sjálfsögðu eitt af því sem litið er til við þær aðstæður sem nú eru."

- bih / sjá síðu 18

SPURNING DAGSINS

Hróbjartur, var þetta rótburst hjá ykkur?

„Já. Við krossfestum himnafeðgana báða tvo.“

Rótararnir Hróbjartur Róbertsson, eða Hrói rót, og félagi hans Ingólfur Magnússon, Golli rót, lögðu Jesúfeðgana Pétur Örn „Jesús“ Guðmundsson og Guðmund Benediktsson í úrslitaleik Popppunkts í Popplandi Rásar 2 á miðvikudag.

Frumkvöðullinn Bernard Piccard á ráðstefnu um framtíðarlausnir í samgöngum:

Umhverfis jörðina á sólarorku

ORKUMÁL Fjölþjóðlegt teymi manna undir forystu Svisslendingsins Bernard Piccard vinnur nú að því að smíða flugvél sem ætlunin er að fljúga umhverfis jörðina eingöngu á sólarorku. Piccard, sem var sérstakur gestur á ráðstefnunni Driving Sustainability 08 á Hótel Nordica í gær, segist með þessari metnaðarfullu fyrirætlan þó ekki fyrst og fremst vera að eltast við að slá met. Hann vilji aðeins opna augu fólks fyrir því sem mögulegt sé að gera með þeirri tækni sem þegar sé fyrir hendi til að draga úr orkusóun og mengandi útblæstri gróðurhúsalofttegunda.

Ásamt Brian Jones varð Piccard

HUGSJÓNAMAÐUR Bernard Piccard vill opna augu fólks fyrir þörfinni á lífsstíl án orkusóunar og mengunar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

árið 1999 fyrsti maðurinn til að fljúga loftbelg umhverfis jörðina án millilendingar. Í samtali við Fréttablaðið segir Piccard að eftir þá ferð hafi hann einsett sér að næsta frumkvöðlaævintýrið sem hann tæki sér fyrir hendur hefði að markmiði að fljúga umhverfis jörðina án eldsneytis. Gangi áætlanir eftir verður það reynt árið 2011 eða 2012 á tilraunaflugvélinni SolarImpulse, sem sameinar ítrustu léttsmíði og nýjustu sólarrafhlöðu- og rafmótoratækni.

„Ég vil hrífa fólk með mér í að breyta viðteknum viðhorfum og hugsunarhætti, sem er forsenda fyrir þeim lífsháttabreytingum sem verða að eiga sér stað,“ segir Piccard. - aa

Framkvæmdastjórn ESB:

Endurskoðun fiskveiðistefnu

BELGÍA, AP Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hyggst endurskoða fiskveiðistefnu sambandsins frá grunni vegna þess að hún hefur ekki gagnast til að vernda fiskistofna.

Joe Borg, sem fer með fiskveiðimál í framkvæmdastjórninni, segir að hin árlega samkeppni aðildarríkjanna um að fá sem mest út úr úthlutun veiðiheimilda leiði einungis af sér „þröngsýna ákvörðunartöku sem byggð er á skammtímasjónarmiðum“ og niðurstaðan veki óánægju jafnt umhverfisverndarsinna sem fiskiðnaðarins. - gb

Bankastjóri Seðlabankans:

Verðbólga nið-ur síðla hausts

EFNAHAGSMÁL Verðbólgan ætti að lækka hratt síðla hausts og á næsta ári, sagði Davíð Oddsson seðlabankastjóri í viðtali við Stöð 2 í gærkvöldi. Hann sagði að stýrivextir Seðlabankans myndu lækka hratt í kjölfarið.

DAVÍÐ ODDSSON

„Hún [verðbólgan] er ekki goluþytur sem hverfur, við verðum að berja hana niður. Það munum við gera, en auðvitað er það svo að svona yfirskot í gengislækkun gerir það aðeins flóknara,“ sagði Davíð.

Hann sagði sparifé landsmanna óhult í íslenskum bönkum. Ef allt færi á versta veg væri útilokað annað en að stjórnvöld ábyrgðust innistæður landsmanna. - bj

Milljarðakröfur á Lehman:

Straumur með hæstu kröfuna

VIÐSKIPTI „Þetta eru fjarri því að vera tapaðir peningar,“ segir Ólafur Teitur Guðnason, fjölmiðlafulltrúi Straums.

Fjármálaeftirlitið upplýsti í gær að íslensku viðskiptabankarnir ættu inni kröfu hjá bandaríska fjárfestingarbankanum Lehman Brothers og tengdum félögum upp á 182,6 milljónir evra, jafnvirði tæpra 25 milljarða króna. Hlutur Straums er stærstur en hann hljóðar upp á 13,6 milljarða króna.

Lehman Brothers fór fram á greiðslustöðvun í byrjun vikunnar. Óvíst er um kröfur á hendur félögum því tengdu í Evrópu en Fjármálaeftirlitið segir þess mega vænta að hægt verði að innheimta hluta þeirra.

- jab / sjá síðu 18

FYRSTI GÁMURINN Jón Elías Gunnlaugsson við fyrsta gáminn af Skjálfta, sem nú er á leið til Danmerkur.

Flytja út 600 þúsund íslenskar bjórflöskur

Brugghúsið í Ölvisholti hefur náð samningum um að flytja út samtals 600 þúsund bjórflöskur til Svíþjóðar og Danmerkur. Að sögn eigandans eru Noregur og Finnland líka í sigtinu. Ölvisholt verður langstærsti bjórútflytjandi landsins.

IÐNAÐUR „Við verðum langstærsti bjórútflytjandinn í landinu,“ segir Jón Elías Gunnlaugssson í Brugghúsinu Ölvisholti, sem hefur sent fyrsta gáminn af bjórnum Skjálfta til Danmerkur.

Að sögn Jóns hefur verið samið um árlega sölu á eitt hundrað tonnum af Skjálfta til Danmerkur. Það samsvarar 300 þúsund bjórflöskum. Og í gær bárust þau tíðindi hingað heim frá bjórsýningu í Stokkhólmi að meðeigandi Jóns í Ölvisholti, Bjarni Einarsson, hefði náð samningum um sama fjölda af flöskum til stærsta dreifingarfyrirtækis áfengis í Svíþjóð, Wicked Wine. Að sögn Jóns ætlar sænska fyrirtækið þessu til viðbótar að dreifa bjór frá Ölvisholti til Finnlands og Noregs.

Jóns segir Wicked Wine ætla að dreifa þremur tegundum af bjór frá Ölvisholti; Skjálfta, Móra og „reyktum stout“ sem ekki hefur fengið heiti enn þá.

„Bjarni var einnig á fundi með innkaupastjóra Systembolaget sem er jafnoki Vínbúðar okkar Íslendinga. Hann lýsti yfir eindregnum vilja til að gera íslenska bjórnum hátt undir höfði enda búinn að smakka hann og líkaði vel,“ segir Jón.

Skjálfti fékk á dögunum frábæra dóma í dagblaðinu Ekstra Bladet í Danmörku. „Örugglega besti íslenski bjórinn,“ sagði Ekstra Bladet og gaf Skjálfta, eða Skælv eins hann heitir á dönsku, sex upptakara af sex mögulegum í einkunnagjöf blaðsins.

Þrátt fyrir góðar móttökur ytra eru þó blikur á lofti. Jón segir að auk þess sem salan til Danmerkur hafi byrjað mun seinna en áætlað var vegna aðstæðna á bjórmarkaði þar hafi slæmt gengi íslensku krónunnar afar neikvæð áhrif.

„Flöktið á krónunni hefur kostað okkur tugi milljóna. En þó að reksturinn sé erfiður erum við alls ekki að gefast upp – langt frá því,“ segir Jón.

Brugghúsið Ölvisholti setti rauða ölið Móra á markað í byrjun september. Móri fékk góðar móttökur að sögn Jóns sem einnig kveður vekja bjartsýni að Skjálfti hafi áunnið sér rétt til að vera á boðstólum á öllum útsölustöðum ÁTVR frá og með 1. október. - gar

FRÁ FUNDINUM Geir H. Haarde forsætisráðherra og Yoweri Museveni, forseti Úganda, á fundinum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Heimsókn forseta Úganda:

Vonast eftir samskiptum

ALÞJÓÐASAMSKIPTI Geir H. Haarde forsætisráðherra og Yoweri Kaguta Museveni, forseti Úganda, ræddu meðal annars frekari samskipti ríkjanna, stofnana og fyrirtækja.

Museveni kvaðst að loknum fundi afar ánægður með heimsóknina en hann kynnti sér meðal annars upplýsingatækni, fiskvinnslu, jarðhitarannsóknir og vetnisnýtingu.

Forsetinn sagðist vonast eftir frekari samvinnu ríkjanna í þessum málaflokkum. Geir minnti á gott samstarf ríkjanna hingað til. Það samstarf væri meðal annars í gegnum ICEAID. Heimsókn Musevenis lýkur í dag. - ovd

Ljósmæður kjósa um tillögu:

Úrslit atkvæða-greiðslu í dag

VINNUMARKAÐUR Atkvæðagreiðslu um miðlunartillögu ríkissáttasemjara í kjaradeilu ríkisins og ljósmæðra lýkur á hádegi í dag hjá Ljósmæðrafélagi Íslands. Úrslitin verða kunngerð klukkan tvö.

Guðlaug Einarsdóttir, formaður Ljósmæðrafélagsins, sagði að snemma í gærmorgun hefðu 65 ljósmæður af 206 verið búnar að greiða atkvæði um kjarasamninginn. - ghs

TILBOÐ DAGSINS
Humarsúpa prinsins
990kr/stk
Hafið Fiskiprinsinn
hefur einnig opnað að
Reykjarvíkurvegi 68, Hafnarfirði
HAFIÐ FISKIPRINSINN
Þú getur alltaf treyst á prinsinn
Hlíðasmára 8 • 201 Kópavogi • s: 554 7200
Reykjavíkurvegi 68 • 220 Hafnarfirði • s: 5557220
www.hafid.is

Hæstiréttur sneri eigin dómi og sýknaði Eggert Haukdal af ákæru um fjárdrátt:

Tíu ára baráttu ekki enn lokið

DÓMSMÁL „Þetta er stórkostlegur dagur,“ sagði Eggert Haukdal, fyrrverandi alþingismaður og oddviti Vestur-Landeyjahrepps, eftir að Hæstiréttur sneri í gær eigin dómi og sýknaði Eggert af ákæru um fjárdrátt.

Eggert var árið 2001 sakfelldur í Hæstarétti fyrir að draga sér 500 þúsund krónur úr sjóðum Vestur-Landeyjahrepps árið 1996. Hann fór ítrekað fram á að málið yrði tekið upp aftur, og fékk því að lokum framgengt árið 2006.

„Ég er búinn að vera í tíu ára baráttu, og hef staðið gegn ljúgvitnum og ómerkilegheitum,“ sagði Eggert í gær. „Það hefur aldrei verið sannað að ég hafi stolið einni einustu krónu, en samt hefur kerfið haldið því fram.“

Eggert segir málinu ekki lokið af sinni hálfu. Hann hafi verið

> Það hefur aldrei verið sannað að ég hafi stolið einni einustu krónu, en samt hefur kerfið haldið því fram.
>
> EGGERT HAUKDAL
> FYRRVERANDI ODDVITI

beittur óréttri og nú taki við undirbúningur að málaferlum til að sækja rétt sinn vegna þess.

Eggert viðurkennir að á þessum tíu ára ferli málsins hafi hann á stundum efast um að réttlætið næði fram að ganga. „Ég vonaði það alltaf, en ekki var ég alltaf öruggur með það. En ég gafst aldrei upp.“

Í dómi Hæstaréttar kemur fram að verulegt ósamræmi hafi verið milli framburðar fyrrverandi endurskoðanda hreppsins og framlagðra gagna um það hvenær umræddar 500 þúsund krónur hafi verið færðar á reikning Eggerts.

Í því ljósi þótti fjórum af fimm dómurum verulegur vafi leika á því að Eggert hafi vitað um færsluna, og að hann hafi haft ásetning um að draga sér fé, og var hann því sýknaður af ákærunni.

Símon Sigvaldason, einn af fimm dómurum í málinu, skilaði sératkvæði í málinu. Hann taldi sekt Eggerts hafna yfir vafa og vildi staðfesta fyrri dóm yfir honum á sömu forsendum og Hæstiréttur gerði árið 2001. - bj


Brothætt
Styðjum Mænuskaðastofnun Íslands
– látum drauminn rætast
Þar sem tryggingar
snúast um fólk
Fíton/SÍA
Vátryggingafélag Íslands Ármúla 3 108 Reykjavík Sími 560 5000 vis.is

GENGIÐ 18.09.2008

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	93,39	93,83
Sterlingspund	170,17	170,99
Evra	135,32	136,08
Dönsk króna	18,137	18,243
Norsk króna	16,234	16,33
Sænsk króna	14,089	14,171
Japanskt jen	0,8934	0,8986
SDR	146,25	147,13

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
177,2699
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Skipulags- og byggingarráð veitir Alcan jákvæða umsögn um aukna framleiðslu:

Meiri straumur í Straumsvík

IÐNAÐUR Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar telur að umfang fyrirhugaðra framkvæmda á lóð álvers í Straumsvík rúmist innan deiliskipulags og gerir ekki athugasemdir við þær.

Breytingarnar felast helst í því að rafstraumur verður aukinn á kerskálum og framleiðslan um leið, að sögn Lúðvíks Geirssonar, bæjarstjóra í Hafnarfirði. Framleiðslan eykst um 40.000 tonn, og verður 220.000 á ári.

„Spennistöðin verður stækkuð, en skálarnir ekki. Fyrirtækið endurnýjar þurrhreinsibúnaðinn og skilar þannig betri mengunarvörnum," segir Lúðvík. Að auki hækki einn strompurinn. Lúðvík treysti sér ekki til að svara því hvort þetta þýddi að minni mengun kæmi frá álverinu eftir breytingarnar en nú er.

Breytingarnar hafi lengi komið til greina, einnig þegar kosið var um tvöföldun á svæði verksmiðjunnar í lok mars 2007.

Þá hótuðu talsmenn Alcans að fyrirtækið hætti rekstri, fengi það ekki umbeðna stækkun. Spurður um þetta segir Lúðvík: „Ég fagna því að menn eru að treysta verksmiðjuna í sessi. Það eru komnir nýir eigendur síðan í atkvæðagreiðslunni og þeim fylgja breyttar áherslur." - kóþ

EYKUR FRAMLEIÐSLU Aukningin verður um 40.000 tonn og um leið verða mengunarvarnir efldar. Alcan hótaði á síðasta ári að hætta rekstri ef það fengi ekki að tvöfalda verið. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Fórnarlömb fellibylsins Ike:

Fá 17 tonn af íslensku vatni

BANDARÍKIN Íslenska fyrirtækið Icelandic Glacial tilkynnti í gær að það ætlaði að gefa samtals rúmlega sautján tonn af flöskuvatni til fórnarlamba fellibylsins Ike í nágrenni Galveston í Texas.

Í tilkynningu frá fyrirtækinu er haft eftir Jóni Ólafssyni stjórnarformanni að fjöldi fólks hafi ekki aðgang að hreinu drykkjarvatni vegna óveðursins. Með því að dreifa vatni til þeirra sem á þurfi að halda geti fyrirtækið gert sitt til að koma fórnarlömbunum til hjálpar.

Alls verður tæplega 23 þúsund 750 millilítra flöskum dreift á svæðinu. - bj

Hagsmunatengsl þingmanna:

Fráleitt að skrá ekki störfin öll

STJÓRNMÁL Einar Már Sigurðarson, fulltrúi Samfylkingar í forsætisnefnd, telur fráleitt að ekki liggi fyrir hver launuð störf þingmanna séu.

EINAR MÁR SIGURÐARSON

Í drögum að reglum um skráningu á fjárhagslegum hagsmunatengslum þingmanna er ekki gert ráð fyrir að þingmenn greini frá störfunum.

Einar Már segist jafnframt fylgjandi því að þingmenn skrái skuldir sínar, líkt og eignir.

Forsætisnefnd sendi drögin til flokka fyrir rúmum átján mánuðum og ítrekaði þau nýlega. Einungis VG hefur svarað. - kóþ

Þjófur sem flúði dæmdur:

Réðst að konu með plaströri

DÓMSMÁL Tuttugu og fjögurra ára gamall karlmaður var í gær dæmdur í átta mánaða fangelsi fyrir að reyna að ræna verslun á Akureyri fyrr á árinu.

Ungi maðurinn réðst inn í búðina, huldi andlit sitt með húfu og ógnaði konu um fimmtugt, sem þar var að störfum, með plaströri og heimtaði að hún léti sig fá peninga. Konan reif þá af honum húfuna og bareflið og flúði hann þá út.

Maðurinn játaði brot sitt fyrir dómi. Hann á að baki langan sakarferil og var horft til þess við ákvörðun refsingar en ekki þótti hægt að skilorðsbinda hana.

Horft var til þess að maðurinn hefði látið af neyslu fíkniefna og að hann væri einlægur í að kúvenda lífi sínu til betri vegar eftir margra ára fíkniefnaneyslu. - kdk

Lyfjaverð lækkar með nýjum lögum í haust

Heilbrigðisráðherra segir lyfjaverð hafa lækkað um meira en 120 milljónir þegar frumvarp um ný lyfjalög var til meðferðar í vor. Lögin taka gildi um næstu mánaðamót og fullyrðir hann að með því verði önnur og ekki minni verðlækkun.

STJÓRNMÁL Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra fullyrðir að lyf muni lækka myndarlega í verði eftir 1. október þegar ný lyfjalög taka gildi.

Með lögunum verður póstverslun með lyf heimiluð og sala nikótín- og flúorlyfja utan lyfjabúða leyfð. Þá á að gilda sama verð á lyfseðilsskyldum lyfjum um allt land.

Guðlaugur sagði á fundi í gær margt hafa áunnist í lyfjaverðsmálum að undanförnu. Nefndi hann lyfjalögin og áhrif þeirra í því sambandi. Sagði hann að þegar fyrir lá í vor að frumvarp hans yrði samþykkt hafi Actavis lækkað verð um allt að 120 milljónir króna og fleiri framleiðendur fylgt í kjölfarið. „Síðan mun reyna á 1. október þegar lögin taka gildi hvort þetta mun hafa meiri áhrif. Ég fullyrði að við munum ekki sjá minni lækkanir á verði á lyfjum nú í haust," sagði Guðlaugur, sem hélt þó til haga að gengisþróunin léki okkur grátt um þessar mundir. Hún kynni að hafa áhrif á verðlagið.

Guðlaugur sagði lyfjaverð lækka vegna opnunar markaðarins, aukins gegnsæis og aukinnar samkeppni. Hefði stefnu fylgismanna andstæðra sjónarmiða verið fylgt þyrftu þeir sem nota lyf að borga miklu hærra verð.

Á fundinum fjallaði Guðlaugur einnig um fyrirkomulag lyfjamála á Evrópska efnahagssvæðinu og sagði það skelfilega óvilhallt Íslendingum. Svæðið væri ekki eitt markaðssvæði þegar kæmi að lyfjum öfugt við það sem gildi um aðrar vörur. Því þyrftu lyfjaframleiðendur að sækja um markaðsaðgang í hverju landi fyrir sig með tilheyrandi vinnu og kostnaði. Þeir sæju sér ekki hag í að ráðast í slíkt fyrir hinn fámenna íslenska markað.

LYFJAVERÐ MUN LÆKKA Guðlaugur fjallaði um heilbrigðismál á breiðum grunni á fundi með sjálfstæðismönnum í Valhöll í gær. Vék hann sérstaklega að lyfjamálum og sagði verðlækkun fyrirsjáanlega. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Guðlaugur sagðist hafa beitt sér fyrir úrbótum og þegar sæist árangur. Verið væri að stíga fyrstu skrefin í átt að sameiginlegum norrænum lyfjamarkaði – samstarf við Svía væri í höfn. Snýst það um að ef fyrirtæki fær aðgang að sænskum markaði geti það með lítilli fyrirhöfn sótt um aðgang að þeim íslenska. Sagði Guðlaugur að eftir að hann hefði, fyrir tæpu ári, gert embættismönnum Evrópusambandsins grein fyrir að fyrirkomulag lyfjamála væri óviðunandi hefði hafist vinna við að breyta regluverkinu. Frekari tilslakana með tilheyrandi ávinningi væri því að vænta.

bjorn@frettabladid.is

Á AKUREYRI Maður játaði fyrir lögreglu að eiga stera.

Góðkunningi á Akureyri:

Tekinn með hass og stera

LÖGREGLUMÁL Maður á þrítugsaldri var handtekinn á Akureyri á þriðjudagskvöld með stera og kannabis í fórum sínum.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Akureyri var maðurinn með um 200 steratöflur og um 200 sterahylki auk lítilræðis af kannabisefnum þegar hann var handtekinn. Maðurinn, sem ítrekað hefur komið við sögu lögreglu áður, neitaði að segja hvaðan hann fékk efnin. Kvað hann þau vera til eigin neyslu og mun magnið styðja þá frásögn að mati lögreglu. Manninum var síðan sleppt eftir yfirheyrslu og telst málið upplýst. - gar

Lánshæfismat ríkisins óbreytt:

Á að standast samdrátt banka

EFNAHAGSMÁL Íslenska ríkið á eftir að standa af sér samdrátt í hvaða atvinnuvegi sem er. Þetta segir alþjóðlega matsfyrirtækið Moodys í rökstuðningi fyrir óbreyttri lánshæfiseinkunn íslenska ríkisins. Samdráttur í hinum stóra fjármálageira er meðal þess sem ríkið ætti að standast, samkvæmt Moodys. Þó er stærð og alþjóðavæðing fjármálakerfisins talin vera neikvæð stærð í rökstuðningnum.

Lánshæfiseinkunn ríkisins er nú Aa1 fyrir langtímaskuldir og P-1 fyrir skammtímaskuldir. - ikh

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson Veðurfræðingur

HELGIN
Bestu veðurhorfurnar um helgina verða á landinu austanverðu. Þar verður þurrt megnið af helginni þó það kunni reyndar að vera nokkuð brothætt um tíma á morgun. Annars staðar má búast við rigningu eða skúrum. Það verður dálítill blástur um helgina og hann er heldur að kólna.

Á MORGUN
5-13 m/s, hvassast með ströndum landsins.

SUNNUDAGUR
8-13 m/s.



HEIMURINN	
Kaupmannahöfn	16°
Billund	16°
Ósló	10°
Stokkhólmur	12°
Gautaborg	17°
London	19°
París	19°
Frankfurt	18°
Friedrichshafen	20°
Berlín	16°
Alicante	31°
Mallorca	28°
Basel	21°
Eindhoven	17°
Las Palmas	26°
New York	19°
Orlando	30°
San Francisco	16°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Ameríkskir dagar

43% afsláttur

ekta amerískt...

Nauta entrecote
úr kjötborði

1.998kr/kg
Verð áður 3.498.-

40% afsláttur við kassa

1.019kr/kg
Merkt verð 1.698.-

Boston skinka

35% afsláttur við kassa

1.598kr/kg
Merkt verð 2.459.-

Western kjúklingalundir
í ljúfengum western kryddlegi

40% afsláttur við kassa

947kr/kg
Merkt verð 1.579.-

New Orleans BBQ svínarif

20% afsláttur við kassa

599kr/pk
Merkt verð 749.-

BBQ hamborgarar
4 stk. með brauði

Starbucks kaffi
Starbucks kaffi - Flutt inn sérstaklega frá Ameríku fyrir okkur. Mikið úrval af möluðu og einnig baunum.

50% afsláttur við kassa

Ben & Jerry's
- ekta amerísk ísblanda

40% afsláttur við kassa

Chicago Town pönnu pizzur
– 2 tegundir

359kr/kg
Verð áður 579.-

ferskt með flugi!

Ný amerísk uppskera
– gómsæt vínber

Peter Pan hnetusmjör
– 2 tegundir

599kr/pk
Verð áður 820.-

Coke 4 í pk.
– Coke 2L, 4 flöskur saman í pakka

Nýtt í Hagkaup

Planters hnetur
– nokkrar tegundir

Gildir til 21. september eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

KJÖRKASSINN



Ert þú sátt(ur) við sameiningu fréttastofa Ríkisútvarpsins?

Já 85,5%

Nei 14,5%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Hyggst þú leita þér ráðgjafar í fjármálum á næstunni vegna þrenginga í efnahagsmálum?

Segðu þína skoðun á visir.is

Eftirlaunaréttindi hækka um 23.610 krónur á mánuði, umfram aðra, á einu ári:

Ráðherrar hagnast á töfinni

STJÓRNMÁL Ráðherrar í ríkisstjórn Íslands hafa bætt lífeyrisréttindi sín um 23.610 krónur á mánuði, með því að stuðla ekki að breytingu á eftirlaunalögunum, segir Ögmundur Jónasson, formaður þingflokks VG.

Hann bendir á að ráðherrar fái þriggja prósenta árlega ávinnslu á lífeyrisréttindi sín af þingmannalaunum og sex prósenta ávinnslu á ráðherralaunin.

„Sé þetta tekið saman og miðað við frumvarp Valgerðar Bjarnadóttur um að þingmenn ættu að vera með almenn lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna, sem eru um 1,8 prósent, hafa þeir áunnið sér þessa upphæð með því að þumbast við," segir Ögmundur. Ráðherrarnir eigi því nokkurra hagsmuna að gæta að dragist á langinn að breyta lögunum.

Árleg lífeyrisávinnsla ráðherra sé 42.082 krónur, en ávinnsla ríkisstarfsmanna, á sömu launum, 18.472 krónur.

Í stjórnarsáttmála Samfylkingar og sjálfstæðismanna segir að eftirlaunalögin verði endurskoðuð og að „meira samræmi" verði komið á í lífeyrismálum ráðamanna og almennings. - kóþ

ÖGMUNDUR JÓNASSON Segir eftirlaunalögin mala gullið ofan í vasa ráðherranna, sem hafi unnið varnarsigur með því að skjóta málinu á frest. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ráðamenn Íslands:

Launin hækka aftur í tímann

KJARAMÁL Kjararáð ákvað í lok síðasta mánaðar að æðstu ríkisstarfsmenn þjóðarinnar; þingmenn, ráðherrar og forseti ásamt dómurum, skuli hækka í launum um 20.300 krónur, frá og með 1. maí þessa árs.

Ráðið telur tilefni til þessara breytinga, í ljósi kjarasamninga almennra opinberra starfsmanna. Samræmis skuli gætt milli kjara þeirra og kjara ofantaldra.

Kjararáð bendir á að almennir launataxtar hafi hækkað um 18.000 krónur á mánuði en taxtar iðnaðarmanna og skrifstofufólks um 21.000 krónur. - kóþ

Könnun um Íbúðalánasjóð:

Níu af tíu vilja Íbúðalánasjóð í sömu mynd

SKOÐANAKÖNNUN Alls telja 92,1 prósent fasteignakaupenda að Íbúðalánasjóður eigi að starfa áfram í óbreyttri mynd, samkvæmt könnun Capacent fyrir sjóðinn. Alls 56,7 prósent telja að ríkið eigi að styrkja eignalítið og tekjulágt fólk við húsnæðiskaup.

Í sömu könnun kom fram að tæplega helmingur, eða 49,35 prósent, telja að verðtryggð húsnæðislán ættu að vera 80-85 prósent af kaupverði. Tæp 23 prósent telja að hámarkslán ættu að vera 90 prósent af kaupverði.

Könnunin var gerð frá 19. júní til 14. júlí meðal 1.266 einstaklinga sem höfðu keypt fasteign á árinu. Svarhlutfall var 44,4 prósent. - ss

LÖGREGLUFRÉTTIR

Segist hafa logið um mansal

Kínversk kona sem óskaði hér eftir hæli og sagðist vera fórnarlamb mansals hefur dregið ásakanirnar til baka. Þetta kom fram í fréttum RÚV. Lögregla handtók Kínverja á föstudag sem var með vegabréf hennar.

Sluppu út um glugga

Lögreglan á Hvolsvelli segir mildi að ekki fór verr þegar ökumaður missti stjórn á bíl sínum á Þykkvabæjarvegi í gær. Bíllinn hafnaði ofan í vatnsmiklum skurði og sást illa frá vegi. Ökumaður og farþegi voru með meðvitund og komust út um glugga.

VESTURLAND

Vindmyllur í Belgsholti

Haraldur Magnússon bóndi í Belgsholti í Melasveit ætlar að flytja inn vindmyllu til raforkuframleiðslu á jörð sinni. Þetta kemur fram skessuhorni.is. Vindmyllan verður sú fyrsta hér á landi og mun nýtast búinu.

Árni Kristinn sparar Bónus kvartmilljón

Árni Kristinn Alfonsson, færði versluninni Bónus í Kringlunni 22 innkaupakerrur sem hann hefur safnað saman víða. Hann fékk málsverð fyrir tvo og epladjús fyrir viðvikið. Jóhannes í Bónus er ánægður með framtakið.

SAMFÉLAGSMÁL Brúnin lyftist heldur betur á Stefáni Sturlaugssyni, aðstoðarverslunarstjóra í Bónus í Kringlunni, í gær þegar Árni Kristinn Alfonsson, 10. bekkingur frá Öskjuhlíðarskóla, kom með tuttugu og tvær innkaupakerrur sem hann hefur safnað héðan og þaðan um borgina í þessum mánuði.

JÓHANNES JÓNSSON

Að sögn Guðlaugs Gauta Þorgilssonar, rekstrarstjóra Bónuss, kostar hver kerra á bilinu 11 til 12 þúsund krónur svo Árni hefur sparað Bónus 242 til 264 þúsund.

Við þetta tækifæri afhenti aðstoðarverslunarstjórinn Árna gjafabréf fyrir tvo á veitingastaðinn Ruby Tuesday og kassa af eplasvala sem er í miklu dálæti hjá honum.

„Ég hef fundið nokkrar hjá slökkvistöðinni og í Menntaskólanum í Hamrahlíð og meira að segja nokkrar í kirkjugarðinum í Fossvogi," segir Árni Kristinn, sem hefur lagt það í vana sinn að fara í morgungöngu frá skólanum sínum og tekur hann þá innkaupakerrurnar sem verða á vegi hans. Tómas Hermannsson, umsjónarkennari og göngufélagi Árna, segir að honum sé sérstaklega annt um að bæta samfélagið. „Þegar við löbbum framhjá MH er hann vanur að segja nemendum sem eru úti að reykja að fara nú að hætta þessum ósið. Margir eru farnir að fela sígarettuna fyrir aftan bak þegar þeir sjá Árna nálgast."

Hann segir að kerrusöfnunin sé orðin að miklu áhugamáli hjá Árna, svo Bónusmenn megi eiga von á honum fljótlega aftur í sömu erindagjörðum.

„Þetta er mjög gott framtak hjá þessum pilti og að sama skapi sorglegt hvað fólk sýnir þessum kerrum litla virðingu," segir Jóhannes Jónsson, oftast kenndur við Bónus. Hann segir að vel verði tekið á móti Árna Kristni þegar hann kemur færandi hendi næst. „Ef hann er ánægður með það sem hann bar úr býtum þá er ég ánægður."

jse@frettabladid.is

KOMINN MEÐ KERRURNAR OG BÚINN AÐ FÁ UMBUNINA Árni Kristinn Alfonsson hefur sparað Bónus skildinginn með því að safna innkaupakerrum sem fólk virðist dreifa á ólíklegustu staði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Viltu stofna fyrirtæki?

Hnitmiðað námskeið um félagaform, skattlagningu fyrirtækja, frádráttarbæran rekstrarkostnað, ábyrgð stjórnenda og fjármál.

Námskeiðið skiptist í þrjá hluta og verður kennt miðvikud. 24. sept., 1. og 8. okt. kl. 16-19 í Háskóla Íslands, stofu N-128 í Öskju. Verð 30.000 kr.

Leiðbeinandi er Anna Linda Bjarnadóttir, héraðsdómslögmaður, LL.M

VR og fleiri félög styrkja félagsmenn sína til þátttöku á námskeiðinu.

Sjá námskeiðslýsingu á www.lexista.is

Nánari upplýsingar og skráning í síma 894 6090 eða á alb@lexista.is

Forsætisráðherra segir sérfræðihóp skipaðan:

Úttekt verður gerð á peningastefnunni

EFNAHAGSMÁL Geir H. Haarde forsætisráðherra segir að skipaður verði hópur sérfræðinga sem gera eigi fræðilega úttekt á peningastefnunni þegar um hægist en að ekki sé búið að ganga frá skipun hópsins.

Í Kastljósi RÚV á þriðjudaginn sagðist Tryggvi Þór Herbertsson, efnahagsráðgjafi forsætisráðherra, halda að slík vinna færi í gang á næstunni.

„Það sem ég hef í huga er að fá nokkra sérfræðinga, útlenda og innlenda, til að vinna þetta verk," segir Geir. Hann segir ýmis fordæmi fyrir slíkri vinnu en ekki sé rétt að kalla þetta nefnd.

„Við erum ekki búin að ganga frá þessu. Þetta er hugmynd sem ég setti fram á ársfundi Seðlabankans," segir Geir.

Í Kastljósinu sagði Tryggvi Þór að forsætisráðherra hafi boðað að gerð yrði úttekt á kerfinu.

TRYGGVI ÞÓR HERBERTSSON

GEIR H. HAARDE

„[Hann] gerði það á ársfundi Seðlabankans núna í vor og væntanlega að þeirri skoðun lokinni, sem ég held, án þess að geta sagt um það nákvæmlega, ég held að fari í gang núna á næstunni, þá munum við fá tillögur frá sérfræðingum sem munu leiða til þess, væntanlega, að við munum fá betra kerfi sem ræður betur við þessar sveiflur," sagði Tryggvi Þór. - ovd

FRÁ ÍSAFIRÐI Mörg gömul hús eru varðveitt á Ísafirði en nú vil bæjarstjórinn gera enn meira í þeim efnum.

Bæjarstjóri Ísafjarðar:

Handverksmiðstöð á Ísafirði

MENNTUN Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðabæjar, leggur til að stofnuð verði þekkingar- og handverksmiðstöð gamalla húsa og báta á Ísafirði.

Greindi hann frá þessu í fyrirlestri sem hann hélt í gær á fundi sem var efnt til á Ísafirði vegna Farskóla íslenskra safna og safnamanna sem nú stendur yfir. Markmiðið með miðstöðinni yrði að byggja upp frekari þekkingu á viðhaldi gamalla húsa og báta og breiða hana síðan um landið. Sagði hann að hugsa mætti sér samstarf Húsafriðunarsjóðs, Menntaskólans á Ísafirði, Ísafjarðarbæjar og fleiri við þetta verkefni. - jse

Ódýrari kostur!

netto

GOÐI

ÓDÝRT SALTKJÖT

399 kr/kg

~~469~~ kr/kg

GOÐI

FROSINN GRÍSABÓGUR Í SNEIÐUM

289 kr/kg

~~577~~ kr/kg

ÍSFUGL

KJÚKLINGALEGGIR

499 kr/kg

~~723~~ kr/kg

Ali

PARTÝ SKINKA, SOÐIN

1.597 kr/kg

~~2.129~~ kr/kg

DÓRU MÖFFINS-MIX

359 kr/pk.

ÓTRÚLEGA SVALANDI

TRÖNUBERJASAFI 1l
OCEAN SPRAY

197 kr/stk.

~~298~~ kr/pk.

PEPSI 2l

99 kr/stk.

TILBOÐIN GILDA 18. - 21. SEPTEMBER

Verið velkomin í Nettó

Mjódd - Salavegi - Akureyri - Höfn - Grindavík

Birt með fyrirvara um prentvillur.

www.markhonnun.is

VEISTU SVARIÐ?

1. *Hver er forstjórinn sem má ekki vera á skrifstofu sinni hjá jarðhitafyrirtækinu Enex?*
2. *Forseti hvaða Afríkuríkis hefur verið síðustu daga hér á landi í opinberri heimsókn?*
3. *Hvaða leikmaður er nú markahæstur í úrvalsdeild karla í knattspyrnu?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 42

Segir að sakfelling hefði verið í líkingu við að sendiboði hefði verið skotinn:

Mátti auglýsa fjárhættuspil á Íslandi

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur sýknaði í gær Þórmund Bergsson, framkvæmdastjóra birtingahússins Mediacom, af brotum á lögum um happdrætti í tengslum við auglýsingar sænska veðmálafyrirtækisins Betsson.

„Ég taldi alltaf út úr myndinni að hægt yrði að koma sökinni yfir á birtingastofuna í þessu máli. Það hljómar álíka gáfulega og að skjóta sendiboðann til að framfylgja réttvísinni," sagði Þórmundur þegar Fréttablaðið hafði samband við hann eftir að dómur hafði verið kveðinn upp.

Samkvæmt íslenskum lögum má aðeins reka happdrætti hér á landi til þess að afla fjár til almannaheilla. Fyrirtækið Betsson hefur þó auglýst fjárhættuspil sem hægt er að stunda á vefsíðu fyrirtækisins í íslenskum miðlum frá árinu 2006.

AUGLÝSING BETSSON Hefur auglýst fjárhættuspil sem hægt er að stunda á vefsíðu fyrirtækisins.

Í kjölfar auglýsinganna var óskað eftir því að lögregla hlutaðist til um málið og kannaði hvort það stæðist lög að erlendir veðbankar sem starfrækja veðbanka sína á netinu auglýstu í íslenskum fjölmiðlum. Framkvæmdastjóri íslenska birtingahússins Mediacom, sem annaðist milligöngu um birtingu auglýsinga frá Betsson, var síðar ákærður vegna málsins.

Dómari komst hins vegar að því að málið væri utan íslenskrar lögsögu þar sem síðan væri vistuð í útlöndum og var Þórmundur því sýknaður. Ríkissaksóknari ákveður hvort málinu verður áfrýjað til Hæstaréttar. - kdk

Bandarískir sálfræðingar:

Vilja ekki starfa í Guantanamo

BANDARÍKIN, AP Stærstu samtök sálfræðinga í Bandaríkjunum hafa samþykkt bann við því að félagar í samtökunum starfi fyrir bandarísk stjórnvöld í fangabúðum Bandaríkjahers við Guantanamo-flóa á Kúbu.

Sálfræðingarnir hafna því allri þátttöku í yfirheyrslum á vegum Bandaríkjahers. Þar með er tryggt að þeir taki á engan hátt þátt í pyntingum eða öðrum umdeildum yfirheyrsluaðferðum.

Hins vegar verður sálfræðingum heimilt að starfa fyrir mannúðarsamtök að málefnum fanganna í Guantanamo-búðunum. - gb

Biskup bregst við ákærum:

Prestur leystur frá embætti

DÓMSMÁL Karl Sigurbjörnsson biskup hefur leyst sr. Gunnar Björnsson, sóknarprest á Selfossi, tímabundið frá embætti.

SR. GUNNAR BJÖRNSSON

Biskup tók ákvörðun um þetta eftir að ríkislögreglustjóri gaf út ákærur á hendur sr. Gunnari fyrir kynferðislega áreitni og blygðunarsemisbrot gegn tveimur stúlkum. Þrjár stúlkur til viðbótar lögðu fram kæru, en ekki var ákært vegna þeirra.

Ákvörðun biskups hefur, lögum samkvæmt, verið vísað til nefndar sérfræðinga, sem taka munu afstöðu til réttmætis hennar, að því er fram kemur í tilkynningu frá Biskupsstofu. - bj

KJARAMÁL

Lögreglan vill hærri laun

Samningar lögreglumanna losna í lok október. Í samtali við Vísi í gær sagði Snorri Magnússon, formaður Landssambands lögreglumanna, að verulegrar launahækkunar yrði krafist. Við ramman reip væri þó að draga enda verkfallsréttur ekki fyrir hendi.

REYKJAVÍK

Styrkur til fjölskylduverndar

Borgarráð hefur samþykkt að framlengja samning við Félagsvísindasvið Háskóla Íslands sem felur í sér áframhaldandi þátttöku í rekstri Rannsóknaseturs í barna- og fjölskylduvernd með 750 þúsund króna framlagi árlega næstu þrjú ár.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Varað við Kazim Abdul

Lögreglan varar starfsfólk gistihúsa við manni sem undanfarið hefur pantað gistingu og gefið upp erlend kortanúmer. Því næst hættir hann við bókun og óskar eftir endurgreiðslu í peningum. Í öllum tilfellum hefur viðkomandi kynnt sig sem Kazim Abdul.

Flutningafyrirtæki krefjast rannsóknar

Tvö flutningafyrirtæki hafa sent Samtökum verslunar og þjónustu kvörtun vegna flutningastarfsemi Íslandspósts. Samkeppniseftirlitið rannsakar sömu tvær greinar samkeppnislaga sem fyrirtækin telja að hafi verið brotin.

SAMGÖNGUMÁL Samtök verslunar og þjónustu (SVÞ) hafa til umfjöllunar formlega kvörtun frá innanlandsdeildum Eimskips og Samskipa sem gagnrýna rekstur Íslandspósts harðlega. Samkeppniseftirlitið hefur til rannsóknar hvort Íslandspóstur hafi brotið samkeppnislög.

Samkeppniseftirlitið hefur fyrir nokkru hafið rannsókn á því hvort Íslandspóstur, sem er hlutafélag í eigu ríkisins, hafi brotið tvær aðskildar greinar samkeppnislaga. Um er að ræða 11. grein sem fjallar um bann við misnotkun fyrirtækja á markaðsráðandi stöðu og 14. grein um fjárhagslegan aðskilnað.

Fyrirtækið hefur að undanförnu legið undir ámæli vegna uppbyggingar á tíu pósthúsum sem sérstaklega eru til þess ætluð að styrkja fyrirtækið á flutningamarkaði á sama tíma og eldri hús eru aflögð. Er fullyrt að lögbundið þjónustuhlutverk sé virt að vettugi. Í sölum Alþingis hefur verið tekist á um starfsemi og lögbundið hlutverk Íslandspósts og stjórnarliðar sem og stjórnarandstæðingar hafa gagnrýnt fyrirtækið. Kristján L. Möller samgönguráðherra hefur varið rekstur fyrirtækisins staðfastlega á þeim vettvangi. Um sé að ræða eðlilega uppbyggingu fyrirtækisins til framtíðar og engir árekstrar séu á milli einkaleyfis- og samkeppnishluta rekstursins.

Guðmundur Nikulásson, framkvæmdastjóri innanlandssviðs Eimskips, segir að erindi fyrirtækjanna fjalli meðal annars um framgöngu Íslandspósts á samkeppnismarkaði og farið hafi verið fram á að samtökin veiti aðstoð sína til að ákvarða hvort á hlut fyrirtækjanna hafi verið gengið.

Jörundur Jörundsson, framkvæmdastjóri innanlandssviðs Samskipa, telur að Íslandspóstur hafi ekki haldið aðgreindum rekstri sínum sem varinn er einkaleyfi og samkeppnisrekstri, og fyrirtækið hækki verðlagningu á einkaleyfisstarfsemi óeðlilega mikið til að niðurgreiða samkeppnisrekstur sinn.

Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri SVÞ, segir að fjallað hafi verið um erindið í stjórn SVÞ og innihald þess verið kynnt forsvarsmönnum Íslandspósts í því skyni að gera þeim grein fyrir að samtökin hafi verið beðin um aðstoð við úrlausn málsins. „Við viljum helst leita leiða til þess að farið verði ofan í málið af frumkvæði fyrirtækjanna án þess að komi til kæru eða málshöfðunar," segir Andrés.

svavar@frettabladid.is

PÓSTUR Forstjóri Íslandspósts hefur alfarið hafnað því að fyrirtækið brjóti gegn samkeppnislögum enda sé starfsemi þeirra öll samþykkt af Póst- og fjarskiptastofnun. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

11. OG 14. GREIN SAMKEPPNISLAGA

11. grein.
Misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja á markaðsráðandi stöðu er bönnuð. Misnotkun getur m.a. falist í því að:
a. beint eða óbeint sé krafist ósanngjarns kaup- eða söluverðs eða aðrir ósanngjarnir viðskiptaskilmálar settir,
b. settar séu takmarkanir á framleiðslu, markaði eða tækniþróun, neytendum til tjóns,
c. viðskiptaaðilum sé mismunað með ólíkum skilmálum í sams konar viðskiptum og samkeppnisstaða þeirra þannig veikt,
d. sett sé það skilyrði fyrir samningagerð að hinir viðsemjendurnir taki á sig viðbótarskuldbindingar sem tengjast ekki efni samninganna, hvorki í eðli sínu né samkvæmt viðskiptavenju.

14. grein.
Þegar um er að ræða opinbert fyrirtæki eða fyrirtæki sem starfar að einhverju leyti í skjóli opinbers einkaleyfis eða verndar er Samkeppniseftirlitinu heimilt að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað, annars vegar á milli þess hluta rekstrar fyrirtækisins sem nýtur einkaleyfis eða verndar og hins vegar þess hluta rekstrar sem er í frjálsri samkeppni við aðra aðila. Skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af starfsemi sem nýtur einkaleyfis eða verndar.

Brennisteinsmengun talin drepa mosa í hrauni í nágrenni jarðvarmavirkjana:

Mosi skemmdur á stóru svæði

NÁTTÚRUVERND Mosi hefur drepist, eða er illa farinn, á rúmlega eins ferkílómetra svæði í kringum Reykjanesvirkjun. Talið er að mosinn þoli ekki brennisteinsmengun frá virkjuninni.

Starfsmenn Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) og Umhverfisstofnunar könnuðu svæðið umhverfis Reykjanesvirkjun á miðvikudag, í kjölfar frétta af mosaskemmdum í nágrenni Hellisheiðarvirkjunar í síðustu viku.

„Mér finnst þetta vera of mikið til að við getum sætt okkur við þetta," segir Sigurður H. Magnússon, gróðurvistfræðingur hjá NÍ.

Mosi á svæðinu er mikið skemmdur næst virkjuninni. Þar sem ástandið er verst er mosi á svæðinu að mestu dauður og yfirborðið þakið dauðum mosa.

Sigurður segir skemmdir á mosa mest áberandi næst mannvirkjunum. Þær hafi verið vel greinanlegar í allt að 900 metra fjarlægð.

Vitað er að mosi er mjög viðkvæmur fyrir mengun og ummerkin benda til þess að um einhvers konar mengun sé að ræða, segir Sigurður.

SKEMMDIR Dauður eða mikið skemmdur mosi þekur hraunið í kringum Reykjanesvirkjun. Hraunið heitir Illahraun, og er talið hafa runnið árið 1226. MYND/SIGURÐUR H. MAGNÚSSON

Jarðvarmavirkjanir losi brennisteinsvetni og vel sé hugsanlegt að það hafi þessi áhrif á mosann.

Stærri plöntur og fléttutegundir virðast ekki hafa orðið jafn illa úti vegna mengunarinnar.

Skemmdirnar eru mun meiri en í nágrenni Hellisheiðarvirkjunar, enda hefur virkjunin verið starfandi í rúmlega þrjá áratugi. - bj

Haustfagnaður Hríseyinga
verður haldin í Húnabúð, Skeifunni 11, laugardaginn 4. október nk.
Húsið opnað kl. 19. Miðaverð kr. 4.000.
Miðapantanir hjá Valgerði í símum 864 3599/566 6610 fyrir 27. september nk.

FORESTER

SYMMETRICAL AWD

SUBARU

NÝR SPORTJEPPI Á FRÁBÆRU VERÐI

Nú er tækifærið að eignast Subaru Forester á einstaklega góðu verði. Forester hefur meiri veghæð (21,5cm) og meira rými en sambærilegir bílar. Hann er nýtískulegur í útliti og hlaðinn búnaði sem gerir hann einstakan. Hann er Subaru og því bilar hann sjaldnar en flestir bílar. Því segjum við – Nýr Forester sportjeppi er YFIRBURÐA BÍLL

Sjálfskiptur:
3.590.000

Sjálfvirk hleðslujöfnun

Subaru FORESTER er með sjálfvirka hleðslujöfnun á afturfjöðrum sem tryggir að hann stendur réttur þrátt fyrir töluverða hleðslu. Þessi jöfnun á þyngdardreifingu auðveldar stjórnun og gerir bílinn öruggari í akstri.

ÖRUGG Í SUBARU

Við trúum því að fyrir fjölnotabíl eins og FORESTER sé sítengt aldrif öruggasti kosturinn. Með VDC öryggiskerfinu dreifir hann aflinu jafnt og örugglega til hjólanna sem veita hámarksgrip og öryggi við stjórnun.

- Subaru Forester er auk þess búinn 6 SRS loftpúðum og með ISO-FIX festingar fyrir barnabílstóla.

Reykjavík, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940
Reykjanesbæ, Holtsgötu 52, 421 8808 - Egilsstöðum, Kaupvangi 16, 471 2521

IH
INGVAR HELGASON

ENNEMM / SÍA / NM35497

STRÍÐSKLÆDDUR BOGMAÐUR Þessi vígalegi Japani í Kamakura skammt frá Tókýó hefur klætt sig upp eins og samúræi í tilefni af Yabusame-hátíðinni, þar sem keppt er í bogfimi af hestbaki.

Kosningar í Brasilíu:

Sex í framboði heita Obama

BRASILÍA Vinsældir bandaríska forsetaframbjóðandans Baracks Obama eru óvíða meiri en í Brasilíu. Þess vegna hafa sex frambjóðendur í sveitarstjórnakosningum, sem haldnar verða þar í landi í næsta mánuði, ákveðið að bjóða sig fram undir nafninu Barack Obama.

Einn þeirra klikkaði reyndar á stafsetningunni, og kallar sig Barak Obama – með engu c í fyrra nafninu.

Tæplega fertugur frambjóðandi til bæjarstjóra í bænum Belford Roxo heitir til dæmis réttu nafni Claudio Henrique dos Anjos en skráði sig til framboðs undir nafninu Claudio Henrique Barack Obama, í von um fleiri atkvæði.

Breska dagblaðið Guardian skýrði frá þessu.

- gb

Livni strax tekin til við stjórnarmyndun

Tzipi Livni hefur 42 daga frest til að mynda ríkisstjórn í Ísrael. Takist það ekki verða haldnar kosningar í byrjun næsta árs. Olmert forsætisráðherra segir af sér á næstu dögum, en verður áfram við völd þar til ný ríkisstjórn tekur við.

ÍSRAEL, AP Tzipi Livni, nýkjörinn leiðtogi ísraelska Kadima-flokksins, hófst strax í gær handa við að mynda nýja ríkisstjórn. Hún vonast til að geta tekið við forsætisráðherrastólnum af Ehud Olmert, fráfarandi flokksleiðtoga, svo ekki þurfi að efna til þingkosninga.

Livni, sem hefur verið utanríkisráðherra í stjórn Olmerts, hlaut 43,1 prósent atkvæða í leiðtogakjöri flokksins á miðvikudag, en mótframbjóðandinn, Shaul Mofaz samgönguráðherra í sömu stjórn, var með 42 prósent svo munurinn var harla lítill.

Sigur Livni í leiðtogakjörinu styrkir mjög stöðu hennar til stjórnarmyndunar, en þó er óvíst að henni takist að mynda stjórn. Ekki síst gæti reynsluleysi hennar í hernaði torveldað henni að fá stuðning meðal ísraelskra stjórnmálamanna og annarra landsmanna, sem hafa miklar áhyggjur af öryggi landsins.

Hún hefur 42 daga til að mynda stjórn, og hefur sagst vilja halda áfram samstarfi núverandi stjórnarflokka. Reynist það ekki mögulegt þarf að efna til kosninga snemma á næsta ári, eða hálfu öðru ári áður en kjörtímabil þessa þings rennur út.

Olmert neyddist til að segja af sér, bæði sem forsætisráðherra og leiðtogi Kadima-flokksins, vegna spillingarmála sem lögreglan hefur haft til rannsóknar.

STUÐNINGSMENN FAGNA Mikill fögnuður ríkti meðal stuðningsmanna Livni á miðvikudagskvöld þegar ljóst var að hún hefði sigrað. Takist henni að mynda stjórn verður hún fyrsti kvenkyns forsætisráðherra Ísraels síðan Golda Meir lét af völdum árið 1974. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Olmert þarf nú að segja formlega af sér, sem væntanlega verður eftir næsta ríkisstjórnarfund, sem verður á sunnudaginn, og þá fyrst getur Shimon Peres forseti falið Livni, sem leiðtoga stærsta flokksins, að mynda nýja stjórn.

Olmert verður áfram forsætisráðherra bráðabirgðastjórnar, sem starfar þar til ný stjórn tekur við.

Livni hefur, sem utanríkisráðherra í stjórn Olmerts, verið aðalsamningafulltrúi Ísraelsstjórnar í viðræðum við Palestínumenn. Ekkert hefur þokast í þeim viðræðum síðustu mánuðina, en bæði Ísraelar og Palestínumenn höfðu sett sér það markmið, að ósk Bandaríkjastjórnar, að ljúka friðarviðræðum áður en George W. Bush hættir sem forseti Bandaríkjanna um áramótin.

Ljóst þykir að það markmið náist ekki, en nýr forseti í Bandaríkjunum og nýr forsætisráðherra í Ísrael gætu hleypt nýju lífi í þessar erfiðu viðræður á næsta ári.

gudsteinn@frettabladid.is

KYNNING Menntamálaráðherra og umhverfisráðherra gægðust ofan í endurvinnslutunnur í MS. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Endurvinnsluvikan:

Ráðherrar heimsóttu MS

NÁTTÚRUVERND Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra heimsóttu Menntaskólann við Sund (MS) í gær í tilefni endurvinnsluvikunnar, sem sett var síðasta föstudag.

Már Vilhjálmsson, rektor MS, kynnti ráðherrunum hvernig skólinn tekur virkan þátt í verkefninu. Skólinn hefur sett sér þau markmið að minnka losun sorps um tíu prósent á þessu ári og draga sérstaklega úr sóun á pappír.

Endurvinnsluvikan er haldin til að kynna mikilvægi endurvinnslu fyrir íslenskt samfélag. Er þetta í fyrsta sinn sem hún er haldin hér á landi. **- kg**

SAMGÖNGUR

Betri strætó í Reykjanesbæ

Nýtt og endurbætt leiðakerfi strætós í Reykjanesbæ var formlega tekið í notkun í gærmorgun. Nýja leiðakerfið miðar að því að bæta þjónustu og auka þægindi fyrir farþega.

Gullfiskar gleyma öllu eftir 3 sekúndur

Þeir geta ekki spáð í fortíðina, hvað þá framtíðina.
En það getur þú. Með þrautreyndum rekstrarupplýsingahugbúnaði frá SAS.

Vertu vakandi og skráðu þig á Tour de Platform-fyrirlestrana miðvikudaginn 24. september 2008 á Hilton Reykjavík Nordica.

www.sas.com/is/tourdeplatform

www.sas.com/is

sas THE POWER TO KNOW

SAS and all other SAS Institute Inc. product or service names are registered trademarks or trademarks of SAS Institute Inc. in the USA and other countries. ® indicates USA registration. Other brand and product names are trademarks of their respective companies. © 2008 SAS Institute Inc. All rights reserved. 00949/DK/0808

Deilt um sekt ellegar sýknu:

Hjón nauðguðu barnfóstrum

SVÍÞJÓÐ Nauðgun unglingsstúlkna, sem gættu barna á kvöldin fyrir hjón á þrítugsaldri, skiptir 200 manna þorpi í Värmland í Svíþjóð í tvennt eftir afstöðu til sektar eða sakleysis foreldranna.

Barnfóstrurnar voru 14 og 15 ára þegar foreldrarnir komu heim úr samkvæmi og nauðguðu þeim. Faðirinn hefur verið dæmdur í þriggja ára og konan í sex mánaða fangelsi.

Íbúarnir í þorpinu eru ýmist sannfærðir um sekt eða sakleysi parsins, sumir þeirra telja óþolandi að beðið hafi verið fyrir fólkinu í kirkjunni á staðnum.

- ghs

Landspítali dæmdur til að greiða hjúkrunarfræðingi 800 þúsund króna bætur:

Brotið gegn æru hjúkrunarfræðings

DÓMSMÁL Konu sem Landspítalinn færði til í starfi í kjölfar ásakana um kynferðislega áreitni voru í gær dæmdar 800 þúsund króna miskabætur í Hæstarétti. Dómurinn ógilti þá ákvörðun að færa konuna til í starfi, ákvörðunin hefði verið óþörf og ólögmæt, hún hefði verið brot gegn æru konunnar.

„Þetta er mikill áfellisdómur yfir stjórnsýslu spítalans," segir Gísli Guðni Hall, lögmaður konunnar. Hann segir miskabæturnar með því hæsta sem þekkist í málum sem þessum, en auk þeirra áskilji konan sér möguleika á að sækja bætur vegna tekjutaps.

Konan starfaði sem hjúkrunarfræðingur á geðdeild Landspítalans allt þar til annar hjúkrunarfræðingur sakaði hana um kynferðislega áreitni haustið 2006. Yfirmaður hennar ákvað þá þegar að færa hana til í starfi og fól henni að starfa á Kleppsspítala.

Við þetta sætti konan sig ekki, enda sagði hún ásakanirnar ósannar og vegið að æru sinni. Lögmaður hennar krafðist þess fyrir hennar hönd að hún fengi fyrra starfið aftur, en hún mætti ekki til vinnu á Kleppi.

„Henni var gert ókleift að starfa á spítalanum þar sem hún sætti sig ekki við flutninginn," segir Gísli.

Í dómi Hæstaréttar kemur fram að forsvarsmenn spítalans hafi talið það samræmast lögum að færa konuna til í starfi til að starfsandi skaðaðist ekki. **- bj**

KLEPPUR Hjúkrunarfræðingurinn var færður til í starfi í kjölfar ásakana samstarfsmanns um kynferðislega áreitni.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

VIÐ LEIKSKÓLANN HVAMM Lausu kennslustofurnar eiga að vera við Hvamm í vetur.

Sjálfstæðismenn í Hafnarfirði:

Efast um gildi leikskólasáttar

HAFNARFJÖRÐUR Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins segjast efast um að bærinn geti með samningi við fjórtán íbúa við Staðarhvamm haldið því til streitu að hafa tvær lausar kennslustofur við leikskólann Hvamm. „Fyrir liggur skýr úrskurður Skipulagsstofnunar um að framkvæmd og staðsetning húsanna brjóti gegn byggingarlögum og vekur það upp spurningar um hvort bænum beri því ekki að fjarlægja húsin hið fyrsta," bókuðu sjálfstæðismenn.

Lúðvík Geirsson bæjarstjóri segir það sameiginlega hagsmuni bæjaryfirvalda og bæjarbúa að tryggja farsælt leikskólastarf í öllum hverfum. **- gar**

Smábarnavernd í Kópavogi:

Úr leikskólum á heilsugæslustöð

HEILBRIGÐISMÁL Heilsugæslan í Hamraborg mun ekki fara í leikskóla í Kópavogi í vetur til að sinna skoðunum á börnum. Slíkar skoðanir muni fara fram á heilsugæslustöðinni.

Sigríður Pálmadóttir, hjúkrunarforstjóri heilsugæslunnar í Hamraborg, segir að fyrir liggi breytingar á þroskaprófun barna og í framhaldinu hafi verið tekin ákvörðun um að skoðunin fari fram á heilsugæslustöðinni. Vonir standi til að síðar muni verða hægt að gera þroskaprófin aftur á leikskólum. Heilsugæslan í Salahverfi mun sinna skoðunum í leikskólum fram að áramótum.

- ss

NOREGUR

Vantar öryggisþjónustu

Jonas Gahr Støre, utanríkisráðherra Noregs, segir að Norðmenn verði að koma á fót öryggisþjónustu vegna siglinga í Íshafinu í samstarfi við Bandaríkjamenn, Kanadamenn, Grænlendinga og Rússa. Støre bendir á að bregðast þurfi skjótt við ef slys verða á siglingum á svæðinu.

BORGARBYGGÐ

Fimmtíu þúsund kall

Starfsmenn í föstu starfi hjá sveitarfélaginu Borgarbyggð fá 50 þúsund króna aukagreiðslu um leið og þeir fá útborguð laun fyrir janúar á næsta ári. Samkvæmt samþykkt byggðarráðs miðast upphæðin við fullt starf.

ÖLL Á AKUREYRI

Í dag opnum við skrifstofu LEX á Akureyri. Starfsemi hennar er beintengd víðtækri þjónustu LEX í Reykjavík og fjölbreytt sérþekking allra lögmanna LEX verður nýtt eftir þörfum í sérhverju verkefni sem skrifstofa okkar á Akureyri annast.

Við bjóðum nýtt starfsfólk okkar á Akureyri, Ásgeir Helga Jóhannsson hdl. og Þóru Elísubetu Leifsdóttur aðstoðarmann lögmanna velkomin í hópinn. Skrifstofa okkar á Akureyri verður á hverjum tíma jafnframt mönnuð af eigendum LEX og allt verður lagt í sölurnar til þess að þjónusta okkar á norðurlandi verði framúrskarandi frá fyrsta degi.

LEX
LÖGMANNSSTOFA

LEX • Hafnarstræti 94 • 600 Akureyri • Sími 590 2600
Bréfasími 590 2680 • lex@lex.is • www.lex.is

Jónas A. Aðalsteinsson hrl • Þórunn Guðmundsdóttir hrl • Erla S. Árnadóttir hrl • Helgi Jóhannesson hrl
Karl Axelsson hrl • Ólafur Haraldsson hrl • Lilja Jónasdóttir hrl • Kristín Edwald hrl • Ragnheiður M. Ólafsdóttir hrl
Heimir Örn Herbertsson hrl • Eiríkur Elís Þorláksson hdl • Garðar G. Gíslason hdl • Eva Margrét Ævarsdóttir hdl
Arnar Þór Stefánsson hdl • Dýrleif Kristjánsdóttir hdl • Katrín Jónasdóttir framkvæmdastjóri

ZEBRA

FIMMTÁN MANNS Í bænum Lakhtar í Surendranagar-héraði á Indlandi þurftu nærri fimm þúsund manns að yfirgefa heimili sín vegna flóða. Þessi ökumaður lét sig ekki muna um að bjóða fjórtán farþegum á litla farartækið sitt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Meirihlutinn í Hafnarfirði vísar á bug gagnrýni sjálfstæðismanna á vatnssölu:

Fá fimmfalt verð fyrir vatnið

HAFNARFJÖRÐUR Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokks í Hafnarfirði greiddu atkvæði gegn samningi um vatnssölu úr Kaldárbotnum til átöppunarverksmiðjunnar GlacierWorld.

Á fundi bæjarstjórnar sögðust sjálfstæðismenn telja samninginn við GlacierWorld vera ófullnægjandi. Meðal annars væri óljóst með ákvæði um einkarétt, fjárhagslega tryggingu fyrirtækisins gagnvart bænum og hvort verðið sé umtalsvert lægra en til almennra notenda í Hafnarfirði.

„Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fagna öllum tækifærum til atvinnuuppbyggingar í Hafnarfirði og nýtingar auðlinda, en telja að vanda beri mjög samning sem þennan og greiða því atkvæði gegn honum," sagði í bókun sjálfstæðismannanna.

LÚÐVÍK GEIRSSON Bæjarstjórinn í Hafnarfirði segir sjálfstæðismenn ekki hafa eflingu atvinnulífs að leiðarljósi með gagnrýni á vatnssölusamnning. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Rétt er að vekja athygli á því að samningurinn við GlacierWorld ehf. gerir ráð fyrir nær fimmföldun á vatnsverði frá því sem gildir í gjaldskrá til annarra stórnotenda á vatni hjá Vatnsveitu Hafnarfjarðar auk þess sem söluverðið er gengistryggt og með skýrum endurskoðunarákvæðum," sagði í svari Lúðvíks Geirssonar bæjarstjóra, sem lagði fram bókun fyrir hönd meirihluta Samfylkingarinnar. Sagðist bæjarstjórinn telja bókun sjálfstæðismanna byggja á öðrum sjónarmiðum en þeim að efla atvinnulíf í Hafnarfirði. - gar

Þriggja mánaða fangelsi:

Stórtækur safnari barnakláms

DÓMSMÁL **Karlmaður um fimmtugt var í gær sakfelldur í Hæstarétti fyrir að eiga 24 þúsund ljósmyndir og 750 hreyfimyndir sem sýndu börn á kynferðislegan og klámfenginn hátt. Margar myndanna voru mjög grófar og taldist brot hans því stórfellt. Honum var gert að sæta fangelsi í tólf mánuði, þar af eru níu mánuðir skilorðsbundnir.**

Í dómnum kom fram að maðurinn hefði leitað aðstoðar sálfræðings við að ná tökum á vanda sínum. Héraðsdómur hafði áður dæmt manninn í sex mánaða skilorðsbundið fangelsi. Maðurinn játaði brotin. - kdk

Condoleezza Rice:

Rússland óðum að einangrast

BANDARÍKIN, AP Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, segir að stefna Rússlands undanfarið geri það að verkum að Rússland einangrist á alþjóðavettvangi og hætti að skipta máli.

CONDOLEEZZA RICE

„Leiðtogar Georgíu hefðu vissulega getað brugðist betur við atburðunum í Suður-Ossetíu í síðasta mánuði," sagði hún í ræðu í Washington í gær, en í raun hafi þeir fallið í gildru Rússa.

Rússar geti hins vegar engum nema sjálfum sér kennt um það að staða þeirra á alþjóðavettvangi sé verri en nokkru sinni frá falli Sovétríkjanna árið 1991. - gb

Sænskir athafnamenn:

Sviku stórfellt undan skatti

SVÍÞJÓÐ **Hópur sænskra athafnamanna er talinn hafa svikið sænska ríkið um jafnvirði 700 milljóna íslenskra króna í gegnum bandaríska pókersambandið, að sögn Aftonbladet.**

Mennirnir bjuggu til greiðslukerfi sem gerði Bandaríkjamönnum kleift að spila með peninga á netinu. Mennirnir eru taldir hafa þénað fjóra milljarða króna. Sænsk skattayfirvöld telja að mennirnir hafi selt falsaða hótelreikninga, myndir, flugmiða og annað sem hægt hafi verið að nota sem greiðslu í pókerspili á netinu. - ghs

Aldrei fleiri sem vilja aðild að ESB

Tæp 49 prósent eru hlynnt aðild að Evrópusambandinu og hefur stuðningur ekki verið meiri. Meirihluti telur aðild hagstæða fyrir lífskjör sín. Formaður SI vonar að ríkisstjórnin breyti um stefnu og ákveði af eða á um umsókn.

SKOÐANAKÖNNUN 48,8 prósent segjast nú vera hlynnt aðild Íslands að Evrópusambandinu, en 32,4 prósent segjast vera andvíg aðild. Þetta kemur fram í nýrri könnun sem Capacent vann fyrir Samtök iðnaðarins (SI) og hefur stuðningur við aðild ekki mælst hærri í sambærilegum könnunum SI. Ef aðeins er tekið tillit til þeirra sem taka afstöðu til spurningarinnar segjast 60,1 prósent vera hlynnt aðild, en 39,9 prósent andvíg.

HELGI MAGNÚSSON

Helgi Magnússon, formaður SI, segist finna fyrir því að stuðningur við aðild fari mjög vaxandi, bæði innan atvinnulífsins og meðal almennings. „Núverandi efnahagsástand á sinn þátt í því. Fólk er að gera sér grein fyrir því að núverandi kerfi, með íslensku krónunni og gríðarlega háum vöxtum gengur ekki," segir Helgi.

Fyrr í vikunni kynnti SI niðurstöður sömu könnunar sem sýndi að 55,4 prósent styðja upptöku evru hér á landi. Ef einungis er tekið tillit til þeirra sem taka afstöðu eru það 64,6 prósent sem styðja upptöku evru hér á landi en 35,4 prósent eru því mótfallin.

Þá telur meirihluti, eða 55 til 60 prósent, að aðild að Evrópusambandinu yrði almennt hagstæð fyrir eigin lífskjör og gott fyrir efnahag Íslands.

Í ljósi þess hve jákvæðir Íslendingar eru gagnvart Evrópusambandinu, kemur það því ekki á óvart að 52,6 prósent segjast hlynnt því að ríkisstjórnin breyti stefnu sinni og taki ákvörðun um það á þessu kjörtímabili hvort sækja skuli um aðild að Evrópusambandinu. 38,0 prósent telja slíka ákvörðun ekki tímabæra.

Helgi segir að við núverandi aðstæður hnígi öll rök að því að þetta kjörtímabil verði ekki látið líða án þess að ákvörðun verði tekin í málinu. Hann bendir á að hægt sé að fela Evrópunefnd stjórnvalda aukin verkefni, meðal annars að framkvæma hagsmunamat. „Allt sem þessi nefnd gerir er til bóta, en til að henni verði falin aukin verkefni þarf ríkisstjórnin að breyta sinni stefnu. Ég vona svo sannarlega að hún geri það. Núverandi fyrirkomulag gjaldeyrismála og vaxta er mjög íþyngjandi fyrir þjóðina. Þó svo stefna sé mótuð í upphafi kjörtímabils geta aðstæður verið með þeim hætti að það þurfi að breyta henni."

svanborg@frettabladid.is



KERFIÐ TEKIÐ Í NOTKUN Ómar Stefánsson, formaður bæjarráðs Kópavogs, tók öryggiskerfið formlega í notkun.

Sundlaug Kópavogs:

Öryggiskerfi tekið í notkun

ÖRYGGISMÁL Nýtt öryggiskerfi var tekið í notkun í Sundlaug Kópavogs í gær. Myndavélum, sem tengdar eru við tölvur, hefur verið komið fyrir undir vatnsyfirborði og gera þær viðvart með hljóðmerki ef maður liggur hreyfingalaus á botninum í fimmtán sekúndur. Sundlaugarvörður getur þá þegar séð af tölvuskjáum hvar hinn nauðstaddi er í sundlauginni.

Sérfræðingar frá norska fyrirtækinu Davo AS settu kerfið upp og fínstilltu auk starfsmanna Sundlaugar Kópavogs. Það var Ómar Stefánsson, formaður bæjarráðs Kópavogs, sem tók kerfið formlega í notkun. - jse

KÚBA

Viðskiptabann tefur fyrir

Viðskiptabann Bandaríkjanna á Kúbu torveldar og tefur fyrir uppbyggingarstarfi eftir fellibylinn Ike, sem skildi eftir sig mikla eyðileggingu. Þessu heldur Felipe Perez Roque, utanríkismálaráðherra Kúbu, fram.

LAGERHREINSUN

Síðustu dagar útsölunnar

Allt að

80%

afsláttur

Smávara

Kertastjakar

Ljós og lampar

Stakir stólar

Borðstofuhúsgögn

Hillur og skápar

Barnahúsgögn frá Cilek

Útlitsgallaðar dýnur

og skiptidýnur frá



Svefn & heilsa

Takmarkað magn af öllu

Kletthálsi 13

mán.-fös. 10-18, lau. 12-15

Sími 660 0035

HÚSGÖGNIN HEIM

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

187

KS FERSK LAMBALIFUR OG LAMBAHJÖRTU
187 KR./KG. MERKT VERÐ 220 KR./KG.

NÝSLÁTRAÐ

30%
AFSLÁTTUR
KS FERSKT LAMBALÆRI
1009 KR./KG. MERKT VERÐ 1442 KR./KG.

2998

KS FERSKT LAMBAFILLET **2998 KR./KG.**

1398

KS FERSKUR LAMBAHRYGGUR
1398 KR./KG.

KJÖTMARKAÐUR Í BÓNUS

798
NAUTAVEISLU FERSKT NAUTAHAKK
798 KR./KG.

30%
AFSLÁTTUR
NAUTAVEISLU FERSKT NAUTAGÚLLAS
1498 KR./KG. MERKT VERÐ 2140 KR./KG.

30%
AFSLÁTTUR
NAUTAVEISLU FERSKT NAUTASNITSEL
1498 KR./KG. MERKT VERÐ 2140 KR./KG.

30%
AFSLÁTTUR
NAUTAVEISLU FERSKT NAUTAFILLET
2309 KR./KG. MERKT VERÐ 3298 KR./KG.

1.FLOKKS NAUTAKJÖT

2598

UNGNAUTASTEIKUR INNFL./FRYSTIVARA
6 stk. 200g **2598 KR. PK.**

2998

UNGNAUTALUNDIR INNFL./FRYSTIVARA
2998 KR./KG.

398

TOPPUR SÍTRÓNU 6 flöskur.
500 ml. **398 KR.**

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10.00-19.30

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓN

ALI FERSKUR SVÍNABÓGUR
499 KR./KG.

ALI FERSKT SVÍNAGÚLLAS
1127 KR./KG. MERKT VERÐ 1878 KR./KG.

ALI FERSKT SVÍNAHAKK
530 KR./KG. MERKT VERÐ 884 KR./KG.

ALI FERSKT SVÍNASNITSEL
1127 KR./KG. MERKT VERÐ 1878 KR./KG.

KJÖTMARKAÐUR Í BÓNUS

HOLTA FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1679 KR./KG. MERKT VERÐ 2799 KR./KG.

HOLTA FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1679 KR./KG. MERKT VERÐ 2799 KR./KG.

COKE & COKE LIGHT
1 LTR. 98 KR.

SS FROSIÐ ÓSOÐIÐ SLÁTUR
LIFRAPYLSA **419 KR./KG.**
BLÓÐMÖR **383 KR./KG.**

BÓNUS ÍS 2 LTR.
198 KR.
Súkkulaði & vanillu.

MYLLU KRYDDKAKA
440g **298 KR.**

BÓNUS BRAUÐ 1 KG
(26 SNEIÐAR) **129 KR.**

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10.00-19.30

„ORÐRÉTT“

Slagsíðujafnaðarmaður

„Kristinn er ekkert annað en jafnaðarmaður, með svipaða slagsíðu og sumir landsbyggðarþingmenn okkar, að ógleymdum byggðaráðherranum.“

ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON IÐNAÐARRÁÐHERRA UM ÁTÖK INNAN FRJÁLSLYNDA FLOKKSINS.
Heimasíða Össurar Skarphéðinssonar, 17. september

Ástarjátning

„Ég hef einu sinni verið ástfanginn af bíl. Það var Ford Bronco Ranger sem karl faðir minn átti.“

SVEINN ANDRI SVEINSSON LÖGFRÆÐINGUR UM BÍLAKALLA.
Fréttablaðið, 18. september

tilveran
nær og fjær

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? KOLBRÚN ÓLAFSDÓTTIR, NEMI Í ALÞJÓÐAFRÆÐUM

Á flugi frá Peking til Lundúna

„Ég var nú að koma heim úr námi í Kína, fyrir hálfum mánuði, og er á leiðinni til Lundúna að læra meira,“ segir Kolbrún Ólafsdóttir, nemi við Háskólann í Peking og London School of Economics.

Alþjóðafræðin sem Kolbrún nemur fjallar um alþjóðahagfræði, stjórnmálafræði og sögu en megináherslan í Peking var á öryggismál og málefni Suðaustur-Asíu ásamt innan- og utanríkismálum Kínverja.

Þetta er tveggja ára mastersnám, sem Kolbrún segir hagnýtt til starfa fyrir alþjóðastofnanir, utanríkisþjónustu og fyrirtæki í alþjóðaviðskiptum. „Þetta gæti opnað ýmsar dyr að öllu sem er tengt alþjóðamálum á einhvern hátt,“ segir hún.

„Námið er ótrúlega áhugavert og víkkaði sjóndeildarhring minn mikið. Ég lærði að sjá Vestrið frá öðru sjónarhorni og áttaði mig á því að við vitum ekkert mjög mikið um Kína hér á landi.“

Kolbrún segist að sjálfsögðu hafa farið á Ólympíuleikana að fylgjast með handboltanum. „Ég fór á alla leikina sem ég komst á, ég held þeir hafi verið fimm talsins. Ég keypti mér miða á úrslitaleikinn í febrúar og krossaði fingurna.“

Á síðasta kjörtímabili var Kolbrún aðstoðarmaður Sivjar Friðleifsdóttur heilbrigðisráðherra. Spurð um pólitískan metnað sinn segist hún opin fyrir frekara starfi í þágu Framsóknarflokksins. „Það kemur bara í ljós hvort maður fer aftur í pólitíkina og það er alls ekki útilokað. En ég get alveg eins hugsað mér að fara út í heim og búa til dæmis í Asíu,“ segir hún.

RAFMÓTORHJÓL
YFIR 500 RAF-HESTÖFL

Frá því árið 1999 hefur í smiðju Bills Dubé í Denver í Colorado verið unnið við að smíða og betrumbæta kraftmesta og hraðskreiðasta rafmagnsmótorhjól heims. Þetta sérstæða farartæki ber heitið KillaCycle og er drifið áfram af tveimur riðstraums-rafmótorum sem samanlagt teljast afkasta yfir 500 hestöflum. Orkuna fá mótorarnir úr 90 kílóa þungri liþíumjárn-nanófosfat-rafhlöðu, sem alls getur vistað 9,1 kílóvattstund af raforku. Í desember 2007 náði hjólið tímanum 7,82 sekúndum í kvartmíluspyrnu. Hröðun úr núlli í 100 km hraða er rétt rúm sekúnda.

SJÓNARHÓLL
FÆKKUN LÖGREGLUMANNA

Undarleg sýn ráðherra

„Það er auðvitað algert grín að það sé ekki hægt að borga löggæslumönnum í landinu sómasamleg laun fyrir störf sín,“ segir Bergvin Oddsson, nemi og formaður ungliðahreyfingar Blindrafélagsins, um fækkun lögreglumanna og kjör þeirra. Bæjarstjórar í Kópavogi, Hafnarfirði og Garðabæ hafa áhyggjur af ástandinu. „Mér þykir ótrúlegt að dómsmálaráðherra sjái ekki hag í því að uppfylla kröfur samfélagsins um gæslu. Það er eins og menn hafi hætt að brjóta lög í úthverfunum þar sem ráðherrann fékk áhuga á hermálum og baráttu við alþjóðlega glæpahringi. Hann verður að átta sig á því að alþjóðaveðingin í glæpum er ekki einangrað vandamál dómsmálaráðherra og glæpamanna heldur snertir þetta fólkið í landinu,“ segir Bergvin og vísar svo til frétta af auknu ofbeldi gagnvart lögreglumönnum. „Svo virðist eina launauppbót þessa fólks vera barsmíðar í vinnunni.“

BERGVIN ODDSSON
Nemi

Íslenskur andi yfir Liverpool

NICE08 er norræn listahátíð sem haldin verður í tengslum við Liverpool-tvíæringinn, sem hefst í dag. Ingi Þór Jónsson, Liverpool-búi og framkvæmdastjóri hátíðarinnar, lofar glæsilegri dagskrá með mikilli þátttöku Íslendinga.



VIÐBURÐUR Vladimir Ashkenazy stýrir flutningi Fílharmoníusveitar Liverpool á níundu sinfóníu Beethovens á NICE08-listahátíðinni.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Það er allt að gerast hér í Liverpool þessa dagana. Þetta menningarborgarár er búið að vera ein samfelld veisla og besti hlutinn er enn eftir. Borgin hefur hreinlega lifnað við í ár,“ segir Ingi Þór Jónsson, framkvæmdastjóri NICE08, norrænnar listahátíðar, sem haldin verður í tengslum við Liverpool-tvíæringinn svokallaða.

Tvíæringurinn er ein stærsta listahátíð sem haldin hefur verið í Bretlandi. Búist er við 600.000 manns til Liverpool um helgina vegna opnunarhátíðarinnar, en Liverpool er menningarhöfuðborg Evrópu í ár. NICE08, norræni hluti hátíðarinnar, verður settur 20. nóvember.

Þrír íslenskir myndlistarmenn verða með sýningar á tvíæringnum, þau Katrín Friðriks, Laufey Johansen og Hrafnkell Sigurðsson, auk ljósmyndasýningar Ragnars Axelssonar. Þegar NICE08 hefst í nóvember tekur svo við runa af atburðum þar sem Ísland kemur við sögu á einn eða annan hátt.

Meðal atriða má nefna að Vladimir Ashkenazy stýrir flutningi Fílharmoníusveitar Liverpool á níundu sinfóníu Beethovens, og Langholtskirkjukórinn syngur við sama tilefni. Einnig verða haldnir íslensk/færeyskir jólatónleikar þar sem fram koma Eivör Pálsdóttir, Björg Þórhallsdóttir og Elísabet Waage.

Stuttu eftir að NICE08 lýkur, í byrjun desember, er svo fyrirhugað að Bryndís Jakobsdóttir, Dísa, haldi tónleika í St. Luke‘s Church. Kirkjan sú í miðborg Liverpool var sprengd illa í síðari heimsstyrjöldinni, en í stað þess að endurbyggja kirkjuna ákváðu borgaryfirvöld að leyfa henni að standa eins og hún er til minningar um fórnarlömb stríðsins. Kirkjan er lýst upp á tyllidögum og býður upp á afar glæsilegan vettvang fyrir hljómleika.

INGI ÞÓR JÓNSSON

Þá verða verk íslenskra hönnuða til sýnis og heimildarmyndir frá Íslandi sýndar í kvikmyndahúsum. Íslands-tengdar sýningar verða settar upp á söfnum borgarinnar, og svo mætti lengi telja.

Ingi Þór hefur búið í Englandi síðustu tvo áratugina. Hann bjó lengi í London, en hefur verið búsettur í Liverpool í tæplega þrjú ár, með viðkomu í Manchester. Hann segist kunna mun betur við sig norðanmegin í Englandi. „Ég gæti aldrei flutt aftur til London eftir að hafa búið hér. Hér er allt mun vinalegra, og íbúarnir í raun nauðalíkir okkur Íslendingum að mörgu leyti.“

Ingi Þór segir NICE08-hátíðina byggjast mikið á samvinnu við Bretana. „Það þýðir ekki að ætla sér að bjóða erlendu fólki upp á hvað sem er og ætlast til að það kunni að meta allt sem að þeim er otað. Þetta verður að gerast í samvinnu, að bjóða upp á það besta á beggja forsendum,“ segir Ingi Þór. Hann lofar skemmtilegri dagskrá á hátíðinni og hvetur alla sem vettlingi geta valdið til að láta sjá sig.

kjartan@frettabladid.is

VIKA 32

DAGBÓK NÝRRA ÍSLENDINGA

Charlotte Ólöf Jónsdóttir Ferrier:

Stundar jóga í Lundúnum

„Ég nýt þess að vera í Lundúnum, þó að hér sé meira stress en heima í Reykjavík. Ég er byrjuð að stunda Bikram-jóga. Hver tími tekur 90 mínútur þar sem farið er yfir 26 Hatha-stöður og tvær öndunaræfingar. Þetta er allt öðruvísi en jóga sem ég hef áður prufað, ekki síst þar sem það er 40 gráðu hiti og um 60 prósenta raki í herberginu. Hitinn á meðal annars að hjálpa manni við teygjurnar og koma í veg fyrir meiðsl en þetta eru ferlega erfiðar æfingar. Í þessari viku hef ég alltaf mætt klukkan 6, áður en ég fer í vinnuna og það þó ég hati að vakna svona snemma. Það er samt svo frábært að byrja daginn svona og mér líður strax betur. Annars hef ég líka hitt nokkra gamla vini hér í Lundúnum og farið á sýningar.“

Rachid Benguella:

Les dagblöð til að læra íslensku

„Ég hef gaman af því að lesa á kvöldin, sérstaklega íslensk dagblöð þar sem þau hjálpa mér að læra íslensku. Þótt ég skilji ekki allt sem þar er skrifað þá hjálpa myndirnar til. Ég held að þetta sé góð leið til að læra íslensku svo ég hef reynt að lesa blaðið á hverju kvöldi, þegar ég kem heim úr vinnu. Ég las meira af bókum þegar ég var yngri en missti eiginlega áhugann. Núna eru flestar bækurnar mínar heima hjá konunni minni svo ég hef ekki úr mörgu að velja ef mig langar að grípa í bók. Ég á einhverjar spænskar, franskar og enskar bækur en núna er mig farið að langa til að lesa íslenskar bækur, bækur sem hjálpa mér að skilja tungumálið. Svo er líka ágætt að nota tímann þegar veðrið er slæmt til að lesa.“

Junphen Sriyoha:

Veðrið heldur henni heima

„Í síðustu viku ákvað ég að gera mér dagamun þar sem ég hef verið svo afskaplega upptekin upp á síðkastið,“ segir Junphen. „Þannig að ég fór með vinum mínum að skemmta mér. Við fórum í billjard og keilu og það var afar skemmtilegt. En staðreyndin er sú að nú þegar haustið er gengið í garð með leiðindaveðri þá hef ég varla löngun til að fara nokkurn skapaðan hlut. Ég er meira að segja orðin löt við að fara í sund. Þannig að ég er mikið til heima hjá mér en þá er líka tækifæri til að bæta íslenskuna því Háskóli Íslands er með námskeið og hægt er að nálgast æfingar og gögn á netinu.“

Myndavélar Sýningareintök

allt að

90%

afsláttur

aðeins í Holtagörðum

Olympus Sony Casio Panasonic Canon

Fyrsta sería af þessum stórkostlegu dönsku þáttum

3.989 kr.

Bauknecht KSN530IN
178sm stál ísskápur • 325L kælir • 155L frystir • Total No Frost • Orkunýting A • Ískalt vatn, klakar og kurlaður ís • Frystir 12kg á dag • Framl. á Ítalíu • Mál (hxbxd): 178x90,2x76,4 sm

179.989 kr.
Fullt verð 199.989

Beko DUN1300
60sm uppþvottavél • 12 manna • 3 kerfi • Forþvottur • Lætur vita ef gljáefni vantar • Þurrkar með hita frá elementum • Vatnsflæðivörn • Þvottahæfni A • Orkunýtni A • Þurrkgeta B • Utanmál (hxbxd): 82x60x55sm

59.989 kr.
Fullt verð 69.989

100 riða tæki

Panasonic TX32LX70F
32" V-Real 2 LCD breiðtjald • 1366x768 p. uppl. • V-Real 2 Engine • 100Hz Motion Picture Pro • Sub-Pixel Control • HD Ready • Progressive Scan • Skerpa: 8.500:1 • VIERA Link • 20w Nicam Stereó með V-Audio Surround hljóðkerfi • 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS, PC og heyrnartólstengi • SDHC kortalesari • Textavarp ofl.

119.989 kr.
Fullt verð 149.989

Örbylgjuofn

Elektrónískar stillingar

Whirlpool AMW232HV
750w örbylgjuofn • 18 lítrar • Elektrónískar stillingar • Auto Defrost og Jet Start • Einfaldur og þægilegur ofn

14.989 kr.
Fullt verð 19.989

DVD myndir 989 kr.
Tónlist á CD – PC og PS2 leikir á 489kr. stk.

Hundruðir DVD titla í boði!

OPNUNARTÍMI

Mánudaga	kl. 11-19	Föstudaga	kl. 11-19
Þriðjudaga	kl. 11-19	Laugardaga	kl. 11-18
Miðvikudaga	kl. 11-19	Sunnudaga	kl. 12-18
Fimmtudaga	kl. 11-19		

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

Beint á móti IKEA og í Holtagörðum

MAX RAFTÆKI

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

OMX ÍSLAND 15
3.854 **+1,39%**

Fjöldi viðskipta: 601
Velta: 11.441 milljónir

MESTA HÆKKUN

CENTURY ALUMIN.	7,39%
ATL. PETROLEUM	6,12%
MAREL	4,68%

MESTA LÆKKUN

EIMSKIPAFÉLAGIÐ	8,61%
EXISTA	2,43%
BAKKAVÖR	2,17%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Alfesca 6,63 +0,76% ... Atorka 4,84 -1,22% ... Bakkavör 22,50 -2,17% ... Eimskipafélagið 4,35 -8,61% ... Exista 5,61 -2,43% ... Glitnir 13,60 +0,33% ... Icelandair Group 20,30 +0,0% ... Kaupþing 682,00 +7,00% ... Landsbankinn 21,70 +0,55% ... Marel Food Systems 87,20 +3,90% ... SPRON 3,00 +0,10% ... Straumur-Burðarás 8,08 +0,25% ... Össur 91,40 +1,20%

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Seðlabankar snúa bökum saman

BEN BERNANKE

Aðfaranótt fimmtudags ákváðu stærstu seðlabankar heims að dæla 180 milljörðum dollara á gjaldeyrisskiptamarkaði með dollara, en skammtímamarkaður með dollara hafði frosið í kjölfar hruns fjárfestingarbankans Lehman Brothers og tryggingafélagsins AIG. Vextir á millibankamarkaði með dollara þrefölduðust, og hafa aldrei verið hærri, að sögn Wall Street Journal. Auk Seðlabanka Bandaríkjanna eru það seðlabankar Kanada, Japan, Evrópu, Englands og Sviss sem standa að þessari aðgerð, en tilgangur hennar er að tryggja að fjármálastofnanir hafi aðgang að nægilegu magni dollara. Bankar hafa hamstrað dollara og treysta sér ekki til að lána hver öðrum.

Á sama tíma og peningamarkaðir hafa frosið hafa fjárfestar flúið í örugg skjól svo sem bandaríska ríkisvíxla, en verð þeirra nú er hið hæsta síðan eftir seinna stríð. Ávöxtunarkrafa á þriggja mánaða víxlum féll í 0,06 prósent og hefur aldrei verið lægri. Vandi fjármálakerfisins er skortur á trausti og óvissa um stöðu fjármálastofnana, enda hafa atburðir síðustu daga sýnt að stærstu og öflugustu fjármálastofnanir heims eru ekki ónæmar fyrir fjármálakreppunni.

„Gagnkvæmt traust virðist gjörsamlega horfið af mörkuðum," sagði Jim O'Neill, aðalhagfræðingur Goldman Sachs í London, í viðtali við Bloomberg. Hagfræðingar hafa bent á að aðgerð seðlabankanna sé því fyrst og fremst skamtímaaðgerð, enda sé undirliggjandi vandi slæm eiginfjárstaða margra bandarískra banka, ekki skortur á skammtímafjármögnun. **- msh**

Alitalia í þrot

Líkur hafa aukist á að ítalska flugfélagið Alitalia verði tekið til gjaldþrotaskipta eftir að hópur fjárfesta sem stjórnvöld höfðu verið í viðræðum við dró kauptilboð sitt til baka á fimmtudag. Ástæðan er andstaða verkalýðsfélaga flugmanna og flugþjóna sem sættu sig ekki við tillögur fjárfestanna um kjaraskerðingar og fjöldauppsagnir. Silvio Berlusconi, forsætisráðherra Ítalíu, hafði staðhæft að af samningum yrði, hvað sem liði afstöðu verkalýðsfélaganna. Flugfélagið var tekið til greiðslustöðvunar í lok ágúst. Ítalska ríkið á 49,9 prósenta hlut í félaginu. Óttast er að 20.000 manns muni missa vinnuna við hrun Alitalia. **- msh**

Hættir með Futura

„Við höfum afskrifað allar ferðir með Futura Airways," segir Helgi Jóhannsson, stjórnarformaður Ferðaskrifstofu Íslands, sem rekur Úrval-Útsýn. Helgi undraðist bannið, sem hefði getað kippt fótunum undan hvaða félagi sem er. Í síðustu viku var unnið að því hörðum höndum að leita nýrra aðila til að annast farþegaflug með íslenska ferðalanga eftir að spænsk flugmálayfirvöld settu Futura í tveggja daga flugbann í síðustu viku.

Flugvélar frá spænska flugfélaginu Iberworld, Iceland Express, Icelandair og breska flugfélaginu Astreus, sem heyrir undir Northern Travel Holding, hlupu undir bagga í síðustu viku og munu þau tvö síðasttöldu fljúga fyrir Úrval-Útsýn áfram. **- jab**

Bankar bíða örlaga Lehmans

Íslensku viðskiptabankarnir eiga kröfu hjá Lehman Brothers upp á 25 milljarða króna. Fjármálaeftirlitið telur líkur á að bönkunum takist að innheimta hluta krafnanna.

„Þetta eru fjarri því að vera tapaðir peningar," segir Ólafur Teitur Guðnason, fjölmiðlafulltrúi Straums.

Íslensku viðskiptabankarnir fimm eiga 182,6 milljónir evra, jafnvirði tæpra 25 milljarða króna, kröfu inni hjá fjárfestingarbankanum Lehman Brothers, samkvæmt upplýsingum Fjármálaeftirlitsins, sem birtar voru í gær. Þetta samsvarar 1,8 prósentum af heildareiginfjárgrunni bankanna.

Að sögn Fjármálaeftirlitsins hafa íslensku bankarnir enga sérstöðu í málinu enda hafi stærri erlendir bankar upplýst um kröfur á bandaríska bankann.

Af upphæðinni á Straumur langstærstan hlut, 100 milljónir evra. Það jafngildir 13,6 milljörðum króna miðað við lokagengi evru í gær. Stærstu liðir kröfunnar er tryggingarinnistæða upp á 48,2 milljónir evra og hlutabréf upp á 16,8 milljónir.

Straumur lýsti því í gær að hann eigi enga beina áhættu vegna bandarísku fjárfestingarbankans, sem fór fram á greiðslustöðvun á mánudag. Áhættan liggi hins vegar gagnvart Lehman Brothers International Europe í Bretlandi, sem var miðlari og gagnaðili Straums í viðskiptum með afleiður.

HÖFUÐSTÖÐVAR LEHMAN BROTHERS Margir stórir erlendir bankar hafa upplýst um kröfu á Lehman Brothers og tengd félög. Íslensku bankarnir hafa því enga sérstöðu í málinu, að sögn Fjármálaeftirlitsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Straumur sagði í gær ekki liggja fyrir hvenær né hvernig farið verði með kröfur á hendur Lehman Brothers Holding og tengdum félögum né hvort og þá hve mikið bankinn gæti þurft að afskrifa vegna þessa.

Ekki fékkst uppgefið í gær hvernig kröfurnar skiptast á hina bankana þegar leitað var eftir því að öðru leyti en því að þær væru óverulegar. Að sögn Agnars Hanssonar, forstjóra Icebank, er hluturinn smávægilegur og felst krafan nær alfarið í ábyrgð fyrir þriðja aðila í gegnum Lehman Brothers.

Fjármálaeftirlitið benti á það í gær að um sé að ræða nær eingöngu skuldabréfakröfur eða ígildi þeirra (senior debt) en ekki áhættu í formi hlutabréfa eða víkjandi krafna. Sérstaklega er tekið fram að kröfurnar eru að nokkru leyti á félög sem ekki eru í greiðslustöðvun, en tengjast bandarísku Lehman Brothers. Því megi vænta að takist að innheimta hluta krafnanna.

jonab@markadurinn.is
ÓLAFUR TEITUR GUÐNASON

Risastórir samrunar renna í gegn víða um heim án afskipta samkeppnisyfirvalda:

Sama heimild til staðar í íslenskum og breskum lögum

„Þetta er björgunaraðgerð í nafni almannaheilla og til að varðveita stöðugleika fjármálakerfisins, segir Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra um samruna Lloyds og HBOS í Bretlandi í gær, en við hann varð til stærsti banki Bretlandseyja, með nær þriðjungs markaðshlutdeild.

Athygli vekur að Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, lýsti því yfir á miðvikudagskvöld breska ríkisstjórnin myndi beita sér fyrir því að yfirtökusamningnum verði hraðað í gegn án þess að til komi tímafrek athugun þarlendra samkeppnisyfirvalda, enda gríðarlegir hagsmunir í húfi til að varna því að skoski bankinn verði gjaldþrota.

Markaðurinn sagði frá því á þriðjudag að vaxandi óþreyju væri tekið að gæta hér á landi eftir rannsókn Samkeppniseftirlitsins á samruna Kaupþings og SPRON, ekki síst í ljósi þess að gríðarstórir samrunar, til að mynda kaup Bank of America á Merrill Lynch fjárfestingabankanum, gangi í gegn á klukkustundum og með velþókun stjórnvalda þar í landi.

Geir H. Haarde forsætisráðherra sagði í viðtali við Markaðinn á dögunum, að vel væri hægt að hagræða í bankakerfinu, til dæmis með sameiningu eða samruna fyrirtækja. „Ríkisstjórnin mun stuðla að því fyrir sitt leyti," sagði hann.

„Það er heimild fyrir þessu í breskum lögum og einnig í íslenskum lögum, ef fjármálastofnun er á leið í þrot. Ef sambærilegar aðstæður kæmu upp hér þá ábyrgðumst við slíkar aðgerðir með sama hætti," segir viðskiptaráðherra og bætir við að sem betur fer hafi mál af þessu tagi ekki komið upp hér á landi.

PÁLL GUNNAR PÁLSSON

BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON

Aðspurður um hvort athugun á samruna SPRON og Kaupþings hafi tekið of langan tíma, segir viðskiptaráðherra ólíku saman að jafna. „Þar er á ferðinni hefðbundinn samruni en ekki neyðaraðstoð. Ég geri ráð fyrir að Samkeppniseftirlitið vinni hratt og vel að málinu, en það verður að svara fyrir það."

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, þekkir vel til í fjármálaheiminum, en hann var áður forstjóri Fjármálaeftirlitsins. Hann segir að aðstæður nú á mörkuðum reyni mjög á stjórnvöld sem hafi með fjármálamarkaði að gera.

„Þar skipta miklu máli hinir augljósu hagsmunir af stöðugu fjármálakerfi og það að almenningur verði ekki fyrir skakkaföllum af þroti einstakra banka," segir hann.

„Það vill hins vegar oft gleymast í hita umræðunnar að almenningur og fyrirtæki hafa einnig mikla hagsmuni af virkri samkeppni á fjármálamarkaði," segir Páll Gunnar og tekur fram að við athugun Samkeppniseftirlitsins á samruna sé fyrir hendi svigrúm til að taka tillit til alvarlegra erfiðleika í rekstri einstakra fjármálafyrirtækja.

„Það er að sjálfsögðu eitt af því sem litið er til við þær aðstæður sem nú eru, það er ef samrunaaðilar byggja málatilbúnað sinn á því."

Um þau samrunamál á fjármálamarkaði sem nú eru til umfjöllunar segir Páll Gunnar að þau séu langt á veg komin og Samkeppniseftirlitið vænti þess að þau klárist vel innan þess tímafrests sem lög kveða á um í samrunamálum.

„Það er mikilvægt að viðkvæm mál eins og þessi fái skjótan framgang hjá stjórnvöldum og Samkeppniseftirlitið hefur reynt að tryggja það. Mikið veltur hins vegar á því að öll gagnaöflun gangi greiðlega fyrir sig en því miður reynist hún oft torsótt," bætir hann við, en þess er skemmst að minnast að Samkeppniseftirlitið ákvað að beita Saga Capital dagsektum fyrir að svara ekki spurningum um markaðshlutdeild banka sem eftirlitið setti fram vegna rannsóknar sinnar á samruna Kaupþings og SPRON. **- bih**

Síðustu dagar
síðustu útsölunnar
í bænum!

Veiðimaðurinn Hafnarstræti 5
lokar í september

Nú enn meiri verðlækkun
Næstum allt á hálfvirði
Allt á að seljast

Opið alla helgina
laugardag frá 10 til 16
sunnudag frá 12 til 16

Veiðimaðurinn
1940

Veiðimaðurinn – Hafnarstræti 5 – 101 Reykjavík

skoðun

greinar@frettabladid.is

Hvað þýðir áframhaldandi gengislækkun?

Af lýðskrumi

BJÖRN INGI HRAFNSSON SKRIFAR

Veiking íslensku krónunnar í gær, fjórða daginn í röð, ætti að færa okkur heim sanninn um þunga þeirra efnahagsþrenginga sem dynja yfir íslensku þjóðina og raunar heimsbyggðina alla nú um stundir. Sífellt verður dýrara að vera Íslendingur og sú spurning hlýtur að vakna hver sársaukamörkin eru í tilviki krónunnar. Hvað má gengið veikjast mikið áður en hagkerfið leggst hreinlega á hliðina? Sjálfsagt er ekkert einhlítt svar við slíkum spurningum, en þó er vert að benda á að Seðlabanki Íslands greip til þess óvenjulega ráðs skömmu fyrir páska í vor að efna til sérstaks aukavaxtaákvörðunardags og hækka stýrivextina í einu lagi um 125 punkta. Ástæðan? Jú, krónan hafði veikst jafnt og þétt dagana á undan, gengisvísitalan stóð fast við 160 stig og talið var nauðsynlegt að grípa í taumana með einhverjum hætti. Því var síðan fylgt eftir af hálfu bankans með annarri vaxtahækkun hálfum mánuði síðar, um 50 punkta, og voru þá vextir komnir í 15,50% og hafa haldist óbreyttir síðan.

Við lok markaða í gær stóð gengisvísitala íslensku krónunnar í 178,2 stigum og markaði nýtt hámark, enn á ný. Bandaríkjadalur hefur ekki verið hærri síðan í ársbyrjun 2002, en evra, dönsk króna, sænsk króna, norsk króna eða japanskt jen hafa aldrei verið dýrari. Útlendingar eru farnir að hópast hingað til lands í innkaupaleiðangra. Hér má allt í einu finna einn ódýrasta bjór í Evrópu. Hver hefði nú trúað því? Er furða þótt bros leiki um varir erlendra ferðalanga sem allt í einu verður svo mikið úr farareyrinum? Nei, auðvitað ekki. En hvað með fólkið sem í þessu landi býr? Ætli okkar bros sé farið að stirðna?

„Líklega hefur líking krónu við fljótandi korktappa á úthafi aldrei átt jafn vel við og nú," sagði greiningardeild Glitnis í umfjöllun um gengislækkunina í gær. Það eru orð að sönnu og engin ástæða til að skammast yfir svo sjálfsögðum sannindum, hvað þá að kalla þau lýðskrum. Flotkrónan má sín lítils í þeim ólgusjó sem nú ríkir á alþjóðlegum mörkuðum, en það erum við Íslendingar sem fyrst og fremst borgum brúsann. Hvað halda menn að ríflega sex prósenta gengislækkun þýði á aðeins einni viku ofan á tæplega þrjátíu prósenta gengisfall ársins? Jú, auðvitað verðhækkanir og aftur verðhækkanir. Hækkun á verði matvöru, fatnaði og hvaðeina sem við þurfum að nota í okkar daglega lífi. Það mun aftur skila sér í hækkandi verðbólgu, sem aftur hlýtur að leiða til þess að líkur aukist á vaxtahækkun Seðlabankans.

Þessari öfugþróun má í raun réttri líkja við efnahagslegt fárviðri. Það eru engin landráð að ræða það. Höfuðstóll lána hækkar vegna verðbólgunnar. Greiðslubyrði erlendra lána þyngist stöðugt. Hér duga engar ódýrar samsæriskenningar og stjórnmálamenn fremur en embættismenn eiga og verða að móta stefnuna.

Staðreyndin er sú að Íslendingar verða að horfast í augu við þá staðreynd, sem margar og miklu fjölmennari þjóðir hafa gert á undan okkur, að það er hreint glapræði að halda úti sjálfstæðri og fljótandi mynt við þessar aðstæður. Fórnarkostnaðurinn við það er ógurlegur og verður satt að segja sífellt ógurlegri.

Forsætisráðherra hefur áður sagt að hreint hagsmunamat eigi að ráða því hvort okkur sé betur borgið innan Evrópusambandsins og Myntbandalags Evrópu en utan. Gott og vel. Ætlar einhver að halda því fram að slíkt hagsmunamat hafi ekki nú þegar farið fram? Liggur svarið ekki í augum uppi?

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Engin sérstök frétt

Allir hljóta að vera sammála um að helstu tíðindi af nýlegum miðstjórnarfundi Frjálslynda flokksins hafi verið samþykkt áskorunar um að þingflokkurinn svipti Kristin H. Gunnarsson þingflokksformannsembættinu og munstraði í það Jón Magnússon. Ritstjóri heimasíðu flokksins er þó ekki á þeirri skoðun. Aldeilis ekki. Í frétt á síðunni af fundinum segir nefnilega að auk umræðna um þingmálin fram undan hafi verið rætt um tímasetningu landsþings og hvort flokkurinn ætti að standa að fræðslu um Evrópumálin.

Nýi og gamli tíminn

Mörður Árnason skrifar á síðu Samfylkingarinnar um þverpólitíska sátt vatnalaganefndar og segir að fáa hefði grunað vorið 2006 að slíkt einhuga álit gæti legið fyrir, aðeins hálfu þriðja ári eftir tveggja vetra styrjöld um málið. Telur hann að deilan hafi sprottið af alls ófullnægjandi undirbúningi „... og ekki síður af pólitískum vinnubrögðum sem eiga að tilheyra liðnum tímum í menntuðu nútímalegu lýðræðisríki". Eflaust er gagnlegt fyrir þá er ráku málið á sínum tíma að fá þessa einkunn frá Merði en óvíst að þeir séu honum sammála.

Sundabraut færist fjær

Kristján Möller samgönguráðherra spilaði út ás í Sundabrautarmálinu í Kastljósinu í fyrrakvöld. Sagði nýjar upplýsingar benda til að brú í stað ganga kæmi til greina. Rætt hefur verið um Sundabraut í áratugi. Kostir vegnir og metnir. Hald manna var að göngin hefðu orðið ofan á. Sumir héldu jafnvel að það væri frágengið. Eru þau ekki annars í umhverfismati? En nú þarf sjálfsagt að skoða brúarmálin í þaula, meta umhverfisáhrif og hvað eina og við það færist draumurinn um samgöngubótina fjær og fjær.

bjorn@frettabladid.is

SPOTTIÐ

Réttur smáþjóða

HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

Í DAG | Frjálshyggja og þjóðerni

Þjóðerni er að sögn sumra heimspekinga mikilvægt verðmæti, sem frjálshyggjumenn vanræki. En mættu ekki fleiri vanrækja það að ósekju? Skipta átti veldi Habsborganna í Mið-Evrópu upp eftir þjóðerni 1918. En þar sem fólk af ólíku þjóðerni bjó margt á sama svæði, var verkefnið óleysanlegt.

Annað dæmi var Írland 1921. Mótmælendur voru í minni hluta í landinu öllu, en í meiri hluta í norðurhéruðunum. Bretar skiptu eyjunni upp og héldu norðurhéruðunum. Mér sýnast Rússar nú ætla að leika sama leik í Georgíu. Þeir styðja íbúa héraða, þar sem Ossetar og Abkasíumenn eru í meiri hluta, til að segja skilið við Georgíumenn. Þegar horft er til Balkanskaga, læðist raunar sú hugsun að, hvort íbúar þar ættu ekki að flýta sér að gleyma þjóðerni sínu. Í Bandaríkjunum búa innfluttir Serbar og Króatar saman í friði, af því að öll þeirra orka beinist að því að græða fé á frjálsum markaði. Á Balkanskaga berjast Serbar og Króatar blóðugri baráttu, af því að þeir muna þjóðerni sitt, og getur hvorug þjóðin hugsað sér að vera undir stjórn hinnar.

Sumir heimspekingar kveða samkennd nauðsynlega. Þá flýgur mér í hug áhrifamikið atvik úr kvikmyndinni Kabarett, sem gerð er eftir Berlínarsögum Christophers Isherwoods. Söguhetjurnar eru staddar á veitingastað. Ungur, ljóshærður piltur stendur upp og tekur að syngja skærri röddu baráttusöng þjóðernisjafnaðarmanna, „Morgundagurinn er minn." Smám saman taka aðrir gestir undir, uns þeir syngja loks flestallir sönginn saman. Er slík samkennd blessun eða bölvun?

Þó er til friðsamleg lausn á þeim vanda, sem stæk þjóðerniskennd síðustu aldar hefur valdið: atkvæðagreiðsla. Þetta gerðu Suður-Jótar eftir fyrri heimsstyrjöld. Í sumum héruðum vildi meirihlutinn sameinast Danmörku, í öðrum Þýskalandi. Var í meginatriðum farið eftir úrslitum. Annað dæmi um friðsamlega lausn var þegar Tékkar sættu sig við það að Slóvakar stofnuðu sjálfstætt ríki. Heimurinn er miklu betur kominn með fjölda smáríkja en nokkur stórveldi. Vonandi fá Tíbetbúar, Kúrdar, Ossetar, Abkasíumenn, Tsjetsjenar, Kasmírbúar og fleiri þjóðir, sem una sér illa undir oki voldugra granna, sjálfsforræði einn góðan veðurdag.

Sem betur fer veiktist Rússaveldi snögglega 1991, svo að smáþjóðir á jaðri þess endurheimtu sjálfstæði sitt. Því má ekki heldur gleyma, að sum Evrópuríki eru ekki sjálfsprottin, heldur sköpuð með valdi. Bretónar og aðrar smáþjóðir í Frakklandi voru muldar undir miðstjórnina í París. Skotar á Bretlandi og Katalóníumenn og Baskar á Spáni hafa lítt notið sín í sambýli við fjölmennari þjóðir. En aðalatriðið er ekki, að nýr meiri hluti fái að kúga nýjan minni hluta, til dæmis Eistar rússneska minnihlutann í landi sínu, heldur að sjá svo um, að enginn kúgi neinn. Það er aðeins unnt með því að halda ríkisvaldi í skefjum, eins og frjálshyggjumenn vilja.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

20%

AFSLÁTTUR

af **ÖLLUM**
barnafatnaði,
bleium & barnamat

föstudag, laugardag og sunnudag

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Fjárfesting í heilsu og mannslífum

UMRÆÐAN
Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir skrifar um heilbrigðismál

Bera má saman fjármálakerfi og heilbrigðiskerfi. Þó að fjárfestingar innan þessara kerfa og sú þekking sem þarf til að meta ávinning og áhættur fjárfestinga séu afar ólíkar þurfa svipuð skilyrði að vera til staðar til að tryggja góða ákvarðanatöku. Til dæmis eru þrjár meginástæður taldar skýra þann vanda sem nú ríkir á fjármálamörkuðum: a) skortur á tilhlýðilegum leikreglum, b) skortur á gegnsæi og góðum upplýsingum, og c) gölluð líkön sem notuð eru við áhættumat. Þessir þrír orsakaþættir vandræða í fjármálakerfum valda líka vandræðum í heilbrigðiskerfum. Öllum heilbrigðiskerfum er hætta búin ef ekki er til staðar tilhlýðilegt regluverk, góðar upplýsingar og þekking til að meta kerfislægar áhættur. Við skipulag og stýringu heilbrigðiskerfa þarf að taka mið af þessu.

SIGURBJÖRG SIGURGEIRSDÓTTIR

Landsmenn fjárfesta í heilbrigðiskerfinu með greiðslu skatta. Ný Sjúkratryggingastofnun mun fjárfesta fyrir hönd skattgreiðenda í líkamlegri, andlegri og félagslegri heilsu landsmanna. Með nýjum lögum um sjúkratryggingar hafa kjörnir fulltrúar búið stofnuninni leikreglur til að tryggja aðgengi, jöfnuð, öryggi, gæði, árangur og hagkvæmni þjónustunnar. Það kemur í hlut Sjúkratryggingastofnunar að framfylgja lögunum, tryggja aðgengi að góðum upplýsingum og byggja upp þekkingu til að meta kerfislægar áhættur.

Framkvæmd laganna felur í sér innleiðingu þeirra kerfisbreytinga sem ríkisstjórnin boðaði í stefnuyfirlýsingu sinni í maí 2007. Góðar og áreiðanlegar upplýsingar eru forsenda þess að Sjúkratryggingastofnun nái markmiðum ríkisstjórnarinnar. Góð upplýsingatækni verður lífæð stofnunarinnar og tryggir ekki bara gæði og öryggi þjónustunnar fyrir sjúklinga, heldur má hér finna helstu hagræðingarvon í rekstri heilbrigðisþjónustunnar á Íslandi.

Með Sjúkratryggingastofnun fæst á einum stað í kerfinu heildarsýn við samningagerð um kaup og greiðslur fyrir heilbrigðisþjónustu. Þannig má draga úr kerfislægri áhættu, það er hættunni á því að einn samningur um tiltekna þjónustu raski þjónustu annars staðar í kerfinu. Við mat á kerfislægum aðstæðum og áhættum þarf meðal annars að taka mið af upplýsingum um heilsufarsaðstæður og þarfir landsmanna, samsetningu og stöðu mannauðs og tækni, og kostnað.

Fjárfestar í opinberum heilbrigðiskerfum eru sífellt kröfuharðari hópur. Það sem einkennir þennan hóp á Norðurlöndunum er hollusta við kerfið að því tilskildu að jafnt skuli yfir alla ganga, og að áhættunni sé dreift milli eldri og yngri í kerfinu, milli heilbrigðra og veikra, efnameiri og efnaminni.

Þessi samanburður á að undirstrika að til að vel takist til við framkvæmd nýrra laga verða ákveðnar forsendur að vera til staðar. Kerfisbreytingarnar eru langtíma samstarfsverkefni starfsfólks í heilbrigðisþjónustu. Hafa þarf áhuga og vilja til að takast á við ný verkefni, getu til að læra af reynslu annarra, tilfinningu fyrir gildi smárra skrefa, úthald og skilning á því að árangur skilar sér ekki á einu ári. Markmiðið er verðugt; að tryggja áfram hágæðaþjónustu og þar með velferð á varanlegum grunni.

Höfundur er stjórnsýslufræðingur og einn af hugmyndafræðingunum að baki nýsamþykktum lögum um sjúkratryggingar.

Þekking í þágu mænuskaddaðra

UMRÆÐAN
Guðmundur Örn Gunnarsson

GUÐMUNDUR ÖRN GUNNARSSON

Áætlað er að um 3,5-4,5 milljónir manna í heiminum búi við mænuskaða vegna slysa. Á Íslandi eru rúmlega hundrað einstaklingar mænuskaddaðir. Nær helmingur þeirra slasaðist í umferðarslysum. Þá hlýst mænuskaði einnig af völdum íþrótta, glæpa, sjúkdóma, vinnuslysa, útreiða og af ýmiss konar falli. Meðalaldur þeirra sem skaddast á mænu er um 20 ár þannig að flestir eru mjög ungir þegar þeir verða fyrir þessari lífsreynslu. Karlmenn eru um 80 þeirra sem hljóta mænuskaða vegna slysa. Varlega áætlað eru um 250.000-300.000 einstaklingar í Bandaríkjunum skaddaðir á mænu vegna slysa, 400.000-450.000 í löndum Evrópu og um 500.000-550.000 í Kína.

Margir átta sig ekki á því að skaði á mænu snýst ekki einvörðungu um að bindast hjólastól. Sá hluti líkamans sem er fyrir neðan skaðann lamast eða starfsemi hans skerðist verulega, svo sem útlimir, innyfli, þvagblaðra og innri og ytri kynfæri. Lungnastarfsemi minnkar eða hverfur hjá hátt lömuðu fólki auk þess sem skynið, sem er viðvörunarkerfi líkamans, hverfur. Þess vegna er mænuskaði einn alvarlegasti skaði sem einstaklingur getur hlotið og hann skilur eftir sig mikla eyðileggingu.

En það er alltaf von og sú von endurspeglast í tilurð Mænuskaðastofnunar Íslands sem varð til vegna þrautseigju Auðar Guðjónsdóttur, móður mænuskaddaðrar stúlku, sem hefur árum saman barist fyrir því að íslenska þjóðin beiti sér fyrir því á alþjóðavísu að lækning á mænuskaða verði að veruleika. Elja Auðar hefur vakið verðskuldaða athygli og nú hafa íslensk stjórnvöld, fyrirtæki og einstaklingar tekið höndum saman og sett á fót Mænuskaðastofnun í þeim tilgangi að styðja hugsjón hennar. VÍS er stolt af því að vera eitt þessara fyrirtækja – enda hefur VÍS notið krafta Auðar og Hrafnhildar, dóttur hennar, í þágu umferðarslysaforvarna félagsins.

Mænuskaðastofnun Íslands var stofnuð 11. desember 2007. Markmið stofnunarinnar er að vera leiðandi afl á sviði úrræða fyrir mænuskaddaða og vinna að því með öllum tiltækum ráðum að lækning á mænuskaða verði að veruleika. Aðaltilgangur stofnunarinnar er að vekja athygli á málefninu á alþjóðavettvangi og safna fé til handa læknum, vísindamönnum og öðrum sem vinna að framförum til heilla mænuskösduðum. Annar tilgangur stofnunarinnar er að safna á einn stað upplýsingum um tilraunameðferðir sem nú fara fram víðs vegar um heim á mænuskösduðu fólki og koma á tengslum meðal brautryðjenda sem vinna að lækningu.

Það er álit fagaðila að með starfrækslu stofnunarinnar gæti Ísland orðið leiðandi í þeirri þróun að vestræn ríki taki tiltekin baráttumál á heilbrigðissviði upp á sína arma – safni fé og nýti það til rannsókna og upplýsingagjafar á alþjóðavísu. Það getur haft mjög mikla þýðingu fyrir heimsbyggðina að vel menntuð og vel stæð þjóð tali máli mænuskaddaðra á alþjóðavísu og beiti áhrifum sínum til framfara á sviðinu.

Gagnabanki hefur verið starfræktur í tvö ár undir merkjum heilbrigðisráðuneytisins og WHO, Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar. Yfirmaður hans er Bandaríkjamaðurinn dr. Laurance Johnston. Gagnabankinn er hugsaður sem alþjóðleg upplýsingabrú um nýjungar í meðferð við mænuskaða og er þegar framsettur á nokkrum tungumálum en unnið er að þýðingu hans á fleiri tungumál. Þannig munu vísindamenn um allan heim fá aðgang að upplýsingum og geta miðlað reynslu í þeirri viðleitni að finna lækningu við mænuskaða.

Nú er hafið fjáröflunarátak til styrktar Mænuskaðastofnun Íslands sem nær hámarki með beinni sjónvarpsútsendingu á Stöð 2 föstudaginn 19. september. Leitað verður eftir stuðningi almennings til þess að hægt verði að efla stofnunina og rannsóknir í þágu mænuskaddaðra. Enginn veit hver verður næstur í röðinni.

Höfundur er forstjóri VÍS og varamaður í stjórn Mænuskaðastofnunar Íslands.

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

Kjarasamningar og kreppa

UMRÆÐAN
Víglundur Þorsteinsson skrifar um krónur, evrur og íslenska „kreppu“

VÍGLUNDUR ÞORSTEINSSON

Þegar hækkanir kjarasamninganna komu inn í yfirspennt hagkerfið þar sem hágengi og hráefnahækkanir voru allt að drepa hlaut undan að láta. Fyrirtækin sem það gátu keyrðu út verðhækkanir hið snarasta. Verðbólgan birtist á ný. Allir sem um þurftu að véla sáu að gengisstyrkurinn hlaut að breytast í veikleika og flóttinn úr erlendum lánastöðum og spákaupmennsku með krónunni hófst af ógnarhraða. Bjartsýnin varð að bölsýni. Óttinn og flóttinn tóku völdin.

Afleiðingin er öllum ljós í dag. Krónan hríðféll og er nú um 30% lægri en um síðustu áramót. Við þessar aðstæður glymja upphrópanirnar úr öllum áttum svo sem: Krónan er ónýt. Það þarf nýja þjóðarsátt. Ætlar ríkisstjórnin virkilega ekkert að gera? Í þessari umræðu fljóta síðan alls konar skyndihugmyndir um úrbætur sem engu fá breytt um stöðu mála nú. Jafnvel má heyra stjórnmálaforingja í grímulausu lýðskrumi gera því skóna að auðvelt verði að halda uppi kaupmætti liðinna ára.

Því fer víðsfjarri. Kaupmáttur hefur versnað og batnar ekki í bráð. Enginn mannlegur máttur breytir því. Við erum nefnilega búin að „taka út svo mikið kaup fyrirfram“. Við ráðum því hinsvegar hvort kaupmáttarsamdrátturinn (endurgreiðslan á fyrirfram greiddu laununum) verður við litla eða vaxandi og viðvarandi verðbólgu. Eyðsla undanfarinna ára og tilheyrandi skuldasöfnun verður ekki lagfærð nema með því að spara og greiða skuldir.

Þessi ráð hefur forsætisráðherrann reynt að færa okkur en talað fyrir daufum eyrum hingað til. Allir vilja hinsvegar björgunaraðgerðir, nýja þjóðarsátt eða „kraftaverkalausnir“ eins og nýjan gjaldmiðil, allt í þeirri von að slíkt leysi okkur undan vandanum án fórna.

Þá fyrst að við horfumst í augu við það að engra kraftaverka er að vænta verður hægt að hefja vinnu við að leggja drög að lausninni. Án slíkrar viðurkenningar verður engin von um árangur.

Forsendur þjóðarsáttarinnar

Vilji menn kalla verkefnið „nýja þjóðarsátt“ er rétt að rifja upp út á hvað hún gekk:

1. Það var sameiginleg niðurstaða ASÍ og VSÍ árið 1990 að verðbólguhjólið yrði ekki lengur knúið og að kaupmáttarrýrnun væri óumflýjanleg. Íslensk fyrirtæki voru búin að brenna upp eða rétt að klára að tapa öllu sínu eiginfé á verðbólgubálinu.

2. Þá var það sömuleiðis sameiginleg niðurstaða beggja að óumflýjanlegur kaupmáttarsamdráttur yrði öllum bærilegri við lága verðbólgu en háa.

3. Eflaþyrftisamkeppnisstöðu útflutnings- og samkeppnisgreina með leiðréttingu á gengisskráningu krónunnar til að endurreisa fyrirtækin svo von væri um framtíðarbata.

4. Sérstakar aðgerðir þyrftu að koma til varnar þeim þegnum sem lakast voru settir.

5. Að öðru leyti þyrftu allir að bera þá almennu kjaraskerðingu sem við þjóðinni blasti.

6. Gerðar voru harðar kröfur á fyrirtækin til framleiðniaukningar og endurskipulagningar sem endurgjald fyrir bætta samkeppnisstöðu þeirra.

7. Loks var á því byggt að ríkisstjórn myndi með sínum aðgerðum stuðla að framgangi þjóðarsáttar með fjárlagagerð og gengisskráningu.

Ástand okkar efnahagsmála þá og nú er ekki til að jafna saman. Eigi að síður er okkur nú vandi á höndum. Sá vandi er þó auðleystur ef við hættum að flýja umræðuna óumflýjanlegu um væntanlega kjaraskerðingu.

Lága verðbólgu frekar en háa

Sú kjaraskerðing sem blasir við verður bærilegri við lága verðbólgu en háa. Verkefnið er mun léttara nú en þá að við búum við jákvæða þróun útflutnings og vaxandi þjóðartekjur. Öflugt lífeyriskerfi og mikinn peningalegan sparnað og þvert á alla umræðu nægan og mikinn gjaldeyrisvarasjóð, eða allt að 1.800 milljarða þegar allt er talið. Nokkuð sem ekki var til staðar á árunum 1988 til 1990 þegar þjóðarsáttin var í þróun og undirbúningi. Þá var allt einfaldlega í kaldakoli.

Nú sér brátt fyrir endann á þeim innistæðulausu verðbólgusamningum sem gerðir hafa verið á þessu ári. Að vísu eru nokkrir smáhópar eftir. Engu að síður er nú komið að því að líta upp og glíma við afleiðingar þeirra og forða frekara tjóni en orðið er.

Þegar við neyðumst nú til að stokka upp er óumflýjanlegt að líta til baka og læra af mistökunum. Skuldir okkar hverfa ekki við það að ganga í Evrópusambandið og taka upp evru, verðbólgan ekki heldur. Áður en nokkrar aðgerðir geta orðið til gagns verðum við að viðurkenna staðreyndir. Verðbólgan er og skuldirnar líka. Ef ekkert er að gert getur bólgan allt eins magnast.

Við berum öll ábyrgð á ástandinu og það er engin töfralausn til bjargar. Kaupmáttur okkar sem nú er að rýrna verður ekki aukinn í bráð og líklega ekki fyrr en eftir 12-24 mánuði. Það er hinsvegar engin kreppa við þann kaupmátt sem stefnir í á næstunni.

Við þurfum jafnframt nú eins og á tímum þjóðarsáttarinnar að horfa á peningamálastjórnina, í þetta sinn síðastliðin sjö ár. Skerpa stjórntækin, læra af mistökum sem gerð hafa verið og leiðrétta stefnuna svo „seðlabankastýrið“ virki með þeim hætti sem þarf. Þjóðarsáttin nýja snýst um þær sameiginlegu leiðir sem við þurfum að feta til að gera Seðlabankanum unnt að lækka vexti.

Eitt verkefni á þeirri leið er að ákveða hverja af þrem mismunandi íslenskum krónum við viljum styðjast við í framtíðinni. Já, hverja af þrem viljum við nota því þrjár eru þær sannanlega.

Sú fyrsta er sjálf gengisvogin sem í dag ber stýrivexti sem eru 4,093%. Númer tvö er Seðlabankakrónan með sína 15,5% stýrivexti og loks verðtryggða krónan með vexti til viðbótar verðtryggingu á bilinu 5-11% í dag. Ástand peningamálastjórnar á Íslandi er eins og skip með þrjú stýri sem hvert stýrir sína átt.

Sú stefnuskekkja hefur leitt af sér gengissveiflur sem við höfum búið við og ýtt undir mikla spákaupmennsku með íslensku krónuna. Gert hagnaðarmöguleika spákaupmanna í stöðutökum með og á móti krónunni fyrirsjáanlega vegna auðlesins seðlabanka. Svo mjög að segja má að þeir „róli sér í gengisrólunni“ á tiltölulega áhættulausan máta og sæki gengishagnað fremur auðveldlega.

Verðum að viðurkenna staðreyndir

Slíkt ástand getur ekki og má ekki halda áfram. Nú verðum við að viðurkenna staðreyndir og mistökin. Í því sambandi er rétt að líta til okkar nágrannaþjóða og krónanna þeirra. Vaxtamun eins og hér gildir á íslensku seðlabankakrónunni sjáum við að sjálfsögðu hvergi þar. Þeim nægir vaxtamunur á sínar gengisvogir sem nemur 1-2% og ná árangri. Gengissveiflur þessara mynta eru smávægilegar samanborið við okkar krónu.

Sama árangri getum við náð með því einu að gera eins og þeir samhliða því að taka okkur því taki sem við þurfum hvort eð er. Öll umræða um upptöku nýs gjaldmiðils er flótti frá verkefninu og gerir ekkert annað en að drepa málum á dreif.

Í framtíðinni má síðan ræða Evrópusamband og evru og framtíðarkosti okkar og ekki síður framtíð Evrópusambandsins. Mér segir svo hugur að í þeirri umræðu þurfi fleira að skoða en við höfum gert hingað til.

Það eru margar spurningar sem kvikna. Hvernig verður framtíðar hagþróun hinnar auðlindasnauðu Evrópu? Evrópu Pútíns sem heldur um olíu- og gaskranana? Evrópu fátæktarinnar sem hvergi nærri getur getur staðið við lífeyrisskuldbindingar sínar nú, hvað þá í framtíðinni.

Hvernig reynist 60 ára gömul hugmyndafræði Monet og Schumans á 21. öldinni? Öld Asíu og heimssamkeppninnar? Er hið unga óreynda myntsamstarf með mismunandi skattkerfum og misgengi hagvaxtar á svæðinu líklegt til langlífis? Allt eru þetta spurningar til viðbótar við áður ræddar séríslenskar. Enn fleiri spurningar munu síðan koma til. Þær og aðrar bíða hins vegar betri tíma.

Höfundur er stjórnarformaður BM Vallár.

LEIKHÚSIN standa fyrir ýmsum fjölskylduvænum sýningum sem tilvalið væri að skella sér á um helgina. Þjóðleikhúsið sýnir fjölskylduverkin Einar Áskel og Skilaboðaskjóðuna og Borgarleikhúsið hefur tekið Gosa aftur til sýninga. Nánar á www.leikhusid.is og www.borgarleikhus.is.

Sölufulltrúar **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447

Gjafabréf Perlunnar
Góð tækifærisgjöf!

4ra rétta tilboð
til 25. september

· **Léttreyktur lax** með granateplum og wasabi sósu ·
· **Humarsúpa**, rjómalöguð með grilluðum humarhölum ·
· **Lambahryggur** með lambaskanka og rósmarínsósu ·
· **Banana- og súkkulaðifrauð** með vanillusósu ·

6.490 kr.

Hægt er að panta 4ra rétta seðilinn með sérvöldu víni með hverjum rétti: 9.990 kr.

Aftur á dagskrá!

Banfi kvöldverður

26. september er á ný boðið upp á Banfi kvöldverð í Perlunni, þar sem andi Toscana héraðsins á Ítalíu svífur yfir vötnum. Í boði verður 4ra rétta seðill með eða án víns. Jazztríó Björns Thoroddsen spilar.

Sjá nánar á perlan.is.

Villibráðarhlaðborðið hefst 16. október.

PERLAN

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
Netfang perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Hringbrot

Hanna María Karlsdóttir leikkona segir ofnbakaðan saltfisk herramannsmat. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Saltfiskur fer vel í maga

Hanna María Karlsdóttir leikkona, sem ólst upp við fisk á disk fimm daga vikunnar, lumar á góðri uppskrift að ofnbökuðum saltfisk. Hún eldar réttinn oft enda uppáhaldsmaturinn hennar.

Leikkonan Hanna María Karlsdóttir ólst upp við fisk á borðum fimm sinnum í viku. Hún segist því hrifin af fiski og er ofnbakaður saltfiskur uppáhaldsmaturinn hennar.

„Ég er mikil fiskimanneskja og elda þennan rétt oft. Fiskur er hollur og við eigum að borða miklu meira af honum. Það má líka gera svo margt annað við saltfiskinn en sjóða hann. Ég er mikið fyrir einfaldleika í matargerð og í þessum rétti endar allt í einu fati," segir Hanna María. Hún kveður réttinn bæði fljótlegan og fara vel í maga og því sé hann oft á matseðlinum hjá henni þegar von er á gestum.

„Rétturinn er mjög vinsæll hjá gestum, alveg sama hverrar þjóðar þeir kunna að vera."

Hanna María segist alltaf hafa verið dugleg að elda og hafa það sem reglu að elda eina heita máltíð á dag. Hún segist vanaföst á mat. „Ég er frekar vanaföst og var matvönd sem barn. Vildi bara borða kartöflur og smjör. Ég er ekki mikið fyrir sætindi og það má miklu frekar bjóða mér rúgbrauð með kæfu en tertusneið," segir Hanna María hlæjandi. Með saltfiskréttinum segir hún gott að drekka hvítvín, rauðvín eða hvað sem er. Það fari bara eftir því hvað standi til daginn eftir. Uppskriftina má finna á næstu síðu. *heida@frettabladid.is*

VEITINGASTAÐURINN VOX er á meðal þeirra veitingastaða sem tilnefndir eru til heiðursverðlauna í Norrænni matargerðarlist 2008. Þema ársins í nýrri norrænni matargerðarlist er samkeppnishæf norræn framleiðsluþróun í matargerðarlist, heilbrigði og lífsgæði.

hádegi / kvöld

GÓÐUR STAÐUR Á GÓÐUM STAÐ

Guðfinna Helga Þórðardóttir segir sniglapitsur vinsælar á Eldbökunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Alls kyns kræsingar eru í boði.

Spákonufell þakið sniglum

Þjóðleg heiti eru kannski í hávegum höfð á matseðli pitsustaðarins Eldbökunnar, en áleggið er hins vegar oft framandi og þar stendur Spákonufellið kannski upp úr enda er sú pitsa hlaðin sniglum.

„Spákonufell er mjög vinsæl pitsa hjá okkur; raunar kom á óvart hve vinsæl hún er," segir Guðfinna Helga Þórðardóttir, einn eigenda Eldbökunnar í Ögurhvarfi, um pitsu á matseðli staðarins sem er hlaðin sniglum. „Bakarinn Ásgeir Blöndal er hugmyndasmiðurinn á bak við eiginlega allar pitsurnar okkar. Hann hefur ástríðu fyrir að prófa sífellt eitthvað nýtt og átti einmitt hugmyndina að því að vera með pitsu með sniglum."

Þótt pitsurnar kunni sumar að virðast framandi í augum landsmanna eru heitin þjóðleg. „Allar pitsurnar draga heiti sín af íslenskum fjöllum. Sænautafell og Baula eru dæmi um pitsunöfnin hér á Eldbökunni," segir Guðfinna, sem á staðinn ásamt Guðmundi Jónassyni, Halldóri Ólafssyni og Daníel Helgasyni.

Fleira en framandi álegg sker Eldbökuna þó frá öðrum pitsustöðum á höfuðborgarsvæðinu, að sögn Guðfinnu. „Hér er boðið upp á speltbotna í bæði litlar og miðstærðar pitsur. Þar sem það er erfiðara að vinna með spelt er ekki hægt að bjóða upp á stórar pitsur með speltbotni. Speltið er einnig án sykurs og gers, sem hentar fyrir þá sem hafa gerofnæmi eða sykursýki."

Eldbakan stendur svo að sjálfsögðu undir nafni þar sem eldbakaðar pitsur eru á boðstólum. „Það er ekki hægt að bera eldbakaðar pitsur saman við þær ofnbökuðu þar sem þær eru mun léttari. Maður er ekki afvelta eftir að hafa hámað í sig pitsu eins og oft er sagt," segir Guðfinna.

Ásamt því að vera með góðan sal á efri hæð hússins fyrir þá sem vilja koma og njóta máltíðar á staðnum er Eldbakan með heimsendingarþjónustu. „Það eru þó fríðindi við að borða á staðnum, því hér eru fjórar olíur: hrein ólífuolía, hvítlauks-, jalapeno- og piparolía. Svo er líka ferskur parmesanostur til staðar sem er svolítil sérstaða hjá okkur."

agnesosk@frettabladid.is

SALTFISKUR Í OFNI

Ofnbakaður saltfiskur **FYRIR 4** frá Hönnu Maríu Karlsdóttur

800 g saltfiskur (þykkir bitar)
4 stórar kartöflur
2 laukar
½ kúrbítur
1 græn paprika
1 rauð paprika
4-6 hvítlauksrif
nokkrar ólífur
rósmarín
ólívuolía
basil
steinselja

Veltið saltfiskinum upp úr hveiti og steikið í tvær mínútur á hvorri hlið og leggið til hliðar. Skerið kartöflur í báta og steikið á pönnunni, kryddið með rósmaríni og smá salti, setjið í eldfast mót. Steikið því næst lauk, paprikur og kúrbít, setjið í eldfasta mótið. Raðið síðan fiskinum þar ofan á og skreytið með nokkrum ólífum. Bakið í ofni í um 40 mínútur við 180 gráður.

Meðlætið:

Blandið saman 2 dl af ólífuolíu, hvítlauk, hálfu búnti af basiliku og hálfu af steinselju. Búið til mauk úr þessu og berið fram með fiskinum. Þar liggur galdurinn.

heida@frettabladid.is

Ofnbakaður saltfiskur. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

ÞINGHOLTSSTRÆTI 5
101 REYKJAVÍK
+354 552 5588
DOMO@DOMO.IS
WWW.DOMO.IS

Vörur úr lífrænni ræktun er ávísun á betri heilsu og bragð!

Heilsa býður upp á fjölbreytt úrval af lífrænt ræktaðri matvöru frá BIONA, einum virtasta framleiðanda á sínu sviði. BIONA er fyrir kröfuharða neytendur sem vilja hágæða vottaðar matvörur sem fullnægja ströngustu kröfum um umhverfisvæna- og lífræna ræktun án skordýraeiturs, tilbúins áburðar og erfðabreyttra matvæla. BIONA hentar öllum sem kjósa hollustu og heilnæmt fæði.

BIONA vörurnar fást í Heilsuhúsinu, Heilsuhorninu Akureyri, Fjarðarkaupum, Nóatúni, Krónunni, Samkaup/Úrval, Blómaval, Maður Lifandi, og Melabúðinni.

heilsa
-hafðu það gott

DRAUGAR ÚTI Í MÝRI er yfirskrift fjórðu alþjóðlegu barna- og unglingabókmenntahátíðarinnar sem kennd er við Mýrina og fer fram í Norræna húsinu 19. til 23. september. Fjöldi rithöfunda tekur þátt í hátíðinni og má þar nefna Kristínu Helgu Gunnarsdóttur og Iðunni Steinsdóttur. Sjá www.myrin.is.

Sinfónía fyrir augu barna

Sunnudagar eru dásamlegir. Tími til að uppgötva heiminn og örva skilningarvitin með list og leikjum.

Á sunnudag gefst tóm til að sinna listrænu uppeldi þegar Listasafn Reykjavíkur býður upp á leik og leiðangur á sýningu Braga Ásgeirssonar á Kjarvalsstöðum.

„Við bjóðum börn og fjölskyldur þeirra velkomin í safnið og fögnum hverri heimsókn. Börnum finnst gaman að skoða list, hafa þörf fyrir að skoða allt og vilja ekki sleppa neinu," segir Soffía Karlsdóttir kynningarstjóri, sem vill að börn upplifi list á eigin forsendum.

„Börn eiga að vera frjáls í upplifun sinni á list. Hér svífur því ekkert snobb yfir vötnum né hátíðleg þögn, en auðvitað settar reglur um að ekki megi hlaupa á listasöfnum eða vera með hávaða," segir Soffía, sem þykir gefandi að njóta samveru barna í sölum listasafna, því það kenni hinum fullorðnu mikið.

„Börn hafa yndi af þrautum og leikjum og þannig nálgumst við þau. Við höfum ýmist verið með listsmiðju eða leiki og leiðsagnir, og nú fáum við börn í ratleik þar sem þau leysa ákveðnar þrautir og finna ákveðin efni í listaverkum. Með því skoða þau verkin með nýjum augum," segir Soffía.

„Það er mikil stemning fyrir þessari sýningu og greinilegt að fólki hefur verið farið að lengja eftir heildarsýningu á verkum Braga. Hann gleðst yfir að hitta gesti og mun árita bók sína Augnasinfóníu frá klukkan 15."

Dagskráin hefst kl. 14. Aðgangur er ókeypis. *thordis@frettabladid.is*



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Í Norðursal má skynja veröldina á sama hátt og Bragi, en hann missti ungur heyrn.

ALLT SEM ÞIG VANTAR

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
smaar@frettabladid.is / visir.is

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

BÍLAR & FARATÆKI

BÍLABORG

SSANG MUSSO 100% LÁN . Árgerð 2000, ekinn 100 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 650 þús. 100% lán 22 þús. á mán.

TOYOTA LAND CRUISER 100 V8 33" BREYTTUR 100% LÁN. Árgerð 2000, ekinn 160 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 2.900.000.

LEXUS GS300 100% LÁN. Árgerð 2001, ekinn 108 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 2.390.000. 100% lán áhvílandi.

KIA GRAND SPORTAGE. Árgerð 1998, ekinn 117 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. Verð tiboð 290 þús. verð áður 390 þús.

LAND ROVER RANGE ROVER VOGUE DIESEL 20" FELGUR. Árgerð 2004, ekinn 98 þ.km, DIESEL, Sjálfskiptur. Verð 6.390 áhvílandi lán 3.7 mill.

Bílaborg
Stórhöfða 26, 112 Reykjavík
Sími: 517 1111
http://www.bilaborg.is

Bílás
Bílasala Akranes

Vantar á staðinn flestar gerðir bíla. Malbikað plan á besta stað við innkeyrslu bæjarins.

Bílasalan Bílás Akranes
Smiðjuvöllum 17, 300
Akranes
Sími: 431 2622
www.bilas

bílalind
BÍLASALA

TOYOTA LAND CRUISER 80 4.2 TDI 46" Árgerð 1996. Ekinn 84 þ.km.

Bílalind
Vagnhöfði 9, 110 Reykjavík
Sími: 580 8900
www.bilalind.is

Riding Iceland
Fjórhjóla og mótorhjólaleiga

Fjórhjólaleiga: Can-Am Outlander 400 XT, 2ja manna. Kawasaki KVF 750. Mótorhjólaleiga: Suzuki VSTROM 650. Kawasaki KLR 650. Kawasaki VERSYS 650. Yamaha XT 660.

Fjórhjóla og mótorhjólaleigan
Sími: 6951855
www.ridingiceland.is

INTERPORT

Nú kr. 2.950.000,-

Jeep Grand Cherokee V6 Árgerð 2008 ekinn 34 þkm. Viðmiðunarverð kr. 4.150.000,- Tilboðsverð kr. 2.950.000,- Sjá nánar á www.interport.is

Nú kr. 3.950.000,-

Mercedes Benz E 200 K Árgerð 2007 ekinn 17 þkm. Viðmiðunarverð kr. 4.950.000,- Tilboðsverð kr. 3.950.000,- Sjá nánar á www.interport.is

Bílaport / Interport ehf
Malarhöfða 2, 110 Reykjavík
Sími: 569 3300 / 897 1928
www.interport.is

100 bílar bílasala .is

MMC Pajero Sport GLS 3000, árg. 2004, ek.69 þús.km, Sjálfsk, rafm. Rúður og speglar, Cd, omfl. Góður í vetur!!! Verð 1990 þús.kr!!! áhv. 1580 þús.kr!!!!

100 bílar ehf
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

HEIMS BÍLAR
www.heimsbilar.is

Hyundai Tucson V6 1/2007 Ek. 34 þkm. Álf, krókur, hiti í sætum, Sumar/vetradekk. Verð 3.050.- Tilboð kr. 2.290.- Stgr.

Subaru Forester S-Turbo 8/2004 Ek. 56 þkm. Álf, krókur, AC, CD, einn eigandi. Verð 2.150.- Tilboð kr. 70.000.- útborgun og yfirtaka á 1.500.- láni. Afb. 32 þ. á mán.

Isuzu Trooper TDI 9/2000 Ek. 118 þkm. Sjálfsskiptur, álf, krókur, hiti í sætum, heilsársdekk. Algjör dekurbíll og 100% viðhald og þjónusta. Verð 1.250.- Tilboð 980.- Möguleiki á láni.

Volvo XC70 7/2002 Ek. 91 þkm. Álf, leður, krókur, þjónustubók. Innfluttur nýr af umboði. Verð 2.390.- Tilboð 1.890.-

Volvo V50 8/2005 Ek. 67 þkm. Bsk, álf, CD, rafdr. rúður. Yfirtaka á láni í erlendri mynt kr.1.900.000.- 5.93% vextir + 80.000.- útborgun

Heimsbílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 567 4000
Til sýnis og sölu á Heimsbílum Kletthálsi 2 S: 567-4000. Sjá fleiri myndir á www.heimsbilar.is
www.heimsbilar.is

Takk fyrir vatnið
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Breiðan ehf
821-6292

Musso diesel árgerð 2000, ekinn 125 þús.km., beinskiptur, í góðu lagi, sk.'09, 100% lánað, verð kr. 490.000,- 821-6292

Gallhoper árgerð 1999, diesel, beinskiptur, í góðu lagi, ekinn 155 þús.km., sk.'09, 100% lánað, verð kr. 350.000,- 821-6292.

Nissan double-cab diesel beinskiptur, árgerð 1999, ekinn 177 þús.km., sk.'09, rafrúður, topplúga og d-beisli, 100% lánað, verð kr. 590.000,- 821-6292

Toyota HiAce diesel, árgerð 2000, 4x4, 6 manna, ekinn aðeins 95 þús.km., sk.'09, 100% lánað, verð kr. 1.150.000,- 821-6292

Breiðan ehf
Sími: 821 6292

Bílar til sölu

Stórútsölur í USA styrkja þína krónu!

Sportbílar
islandus.com
www.islandus.com - Sími 552 2000

Haustútsölurnar í USA lækka verð og auka kaupmátt. Nýir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum. Yfir þrjár milljónir bíla á skrá. Dæmi um 2007/2008: Dodge Caliber frá 2.030 þús., Dodge Caravan og Chrysler Town and Country frá 2.000 þús., Toyota Camry frá 2.550 þús., Dodge Charger SXT frá 2.400, S. 5522000 - www.islandus.com:

Lúxusbíll.
Til sölu er Honda Legend árgerð 2000, ekin 83.000km. Er með öllum aukahlutum. Umboðsbifreið, einn eigandi, eins og ný. Kostar ný 7m. Söluverð 1.690þús. Ekkert áhvílandi. Toppbílar 587-2000

Til sölu Mitsubishi Outlander Turbo sport, árg. '05, ek. 57 þ.km. Yfirtaka á láni. Uppl. í s. 868 8832

HYBRID REYNSLUAKSTUR

TOYOTA CAMRY 192HP - 5,5L/100KM! PRUFAÐU Í DAG
islandus.com
www.islandus.com - Sími 552 2000

Skiptu í Hybrid og sparaðu hundruð þúsunda í eldsneyti. Allt að 40% minni eyðsla en samt meiri kraftur. Pantaðu hybrid-reynsluakstur í Reykjavík eða á Akureyri, s. 5522000. Hybrid-bílar eru nú fáanlegir frá fjölmörgum framleiðendum: Chevrolet, Ford, GMC, Honda, Lexus, Mazda, Mercury, Saturn, Toyota o.fl. www.islandus.com:

Toyota Hiace 4X4 diesel árg. 2001. Ekinn 149þ., 6 mannna. Góður bíll. S. 898 2811.

Nizzan Almera árg. '00. Nýsk. Ath. semdalaus. Ssk. Ek. 130 þ. V. 330 þ. Uppl. í s. 898 8835.

VW Passat '99, ek. 150 þ. Sk. '09. Verðtilboð 399 þ. Uppl. í s. 694 4150.

Til sölu Land Rover Deefender diesel árg. '02 ek. 172 þ. með krana á palli. Uppl í s. 698 5362.

Vinnubílar til sölu

2.Cit.Berlingo árg.2007 bensín, 1.Cit. Berlingo árg.2007 dísel, 1.Opel combo árg.2007 dísel, 1.Nissan Primaster árg.2007 dísel. Yfirtaka á góðum erlendum lánum.

Uppl. Stefán 824 1450.

YFIRTAKA!!! Til sölu frábær 7manna Hyundai Trajet árg. '03 ssk., 2.0, fæst gegn yfirtöku láns 1.4m. Uppl. í síma 862 3746 Brynja - 899 2903 Davíð.

Nissan Primera árg. '95 nýsk. í góðu standi. Ek. 175 þús. V. 100 þús. S. 691 9011.

0-250 þús.

Renault Laguna árg'97 e.152. ssk S+Vdekk dráttarkúla ný smurður Góður bíll V. 190þ S.6976556

Hyundai Accent árg. '98. Skoðaður, í góðu lagi. V. 120 þ. Uppl. í s. 869 4394.

Renault Megané 1.4 árg. '97 ek. 175 þ. Sk. '09 góður bíll. V. 120 þ. S. 866 2761.

250-499 þús.

Toyota Corolla 4WD, árg. '98, ekinn 134 þús. Ásett verð 450 þús., selst á 350 þús. Uppl. í s. 847 5504.

Falleg Toyota Yaris árg. 1999 ekinn 161.000. Verð 390 þús. Sími 846 4224 & 487 8142.

VW Golf '01 ek. 150 þkm. Topp bíll. Tilboð óskast. GSM 861-7158.

Nissan Primera GX 1600 árg.98, sk.09 ek.97þ. Tveir eig. frá upph. Reykl. ökut. Verð 270þ. Vetrard. fylgja S:840-4331.

1-2 milljónir

Glæsilegur blæju Ford mustang árg. 2002, ekinn 32 þ.km. Hvítt leður áklæði á sætum. Nánari upplýsingar í síma 848 5805.

2 milljónir +

HYBRID REYNSLUAKSTUR

TOYOTA HIGHLANDER 270HP - 7,8L/100KM! PRUFAÐU Í DAG
islandus.com
www.islandus.com - Sími 552 2000

Skiptu í Hybrid og sparaðu hundruð þúsunda í eldsneyti. Allt að 40% minni eyðsla en samt meiri kraftur. Pantaðu hybrid-reynsluakstur í Reykjavík eða á Akureyri, s. 5522000. Hybrid-bílar eru nú fáanlegir frá fjölmörgum framleiðendum: Chevrolet, Ford, GMC, Honda, Lexus, Mazda, Mercury, Saturn, Toyota o.fl. www.islandus.com:

Legacy Wagon árg. '06, ekinn 22 þ. km. Verð 2.150.000 kr. Uppl. í síma 897 3032.

Bílar óskast

20 ára skólastelpa óskar eftir fallegum og góðum bíl í toppstandi. Verðhugmynd 200-300 þús. Ingibjörg 846-0259

Okkur vantar allar tegundir af bílum á skrá og á staðinni. X4 bílasala S: 565-2500 og 565-9600.

Óska eftir að kaupa bíl á verðbilinu 200 til 400 þúsund. Uppl. í síma 8600761

Jeppar

Volvo XC90 T6 7 manna árg. '05 ek. 50 þús. km. Ásett verð 4,790 millj. Stgr.verð 3,890 millj.Skipti mög. á ód. S:8247590

föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 19. september 2008

Dísa í World Class og Arnar Grant ræða um vinnuna, aldurinn og útlitið

SAMEINA KRAFTA SÍNA

ÓÐUR TIL LIÐINS TÍMA

Finnur Þór Vilhjálmsson setti saman raunveruleika-kvæðið fyrir eftir

KOMINN MEÐ KÆRUSTU

Sveinn Andri Sveinsson frumsýndi kærustuna á leikritinu Fýsn

SAMAN Í VINNUNNI

Ragnar Bragason og Helga Rós Hannam unnu saman í Dagvaktinni

Þú nærð góðum árangri með

ULTRATONE

Reykjanesbær s. 421 1441 • Hafnarfjörður 544 5300 • Reykjavík s. 588 1166 • Selfoss s. 482 1616
Vestmannaeyjar s. 481 1482 • Seyðisfjörður s. 899 9429 • Akureyri s. 461 4970

Vantar Ultratone stofu í þitt bæjarfélag ? Hringdu í s.869 7090 eða sendu línu á ultratone@simnet.is

núna

heyrði ég rétt?

ÁSA OTTESEN STÍLISTI OG TÍSKUBLOGGARI

helgin MÍN

Ég er að fara til Manchester í verslunarferð í dag svo laugardagurinn mun fara í að kaupa föt og kannski nokkrar gjafir. Sunnudagurinn fer svo í heildsölugeðveiki þar sem ég verð labbandi út um allt að leita að skarti, sokkabuxum og öðru fyrir Gyllta köttinn. Um kvöldið er mér svo boðið í mat hjá breskum vini mínum.

Kominn aftur

Aðdáendur hárgreiðslumannsins Baldurs Rafns Gylfasonar geta tekið gleði sína á ný því hann er kominn aftur með skæri í hendi. Hann átti hárgreiðslustofuna mojo/monroe um nokkurra ára skeið og klippti allar helstu skvísurnar í bænum eins og Sirrý í Fólk og Ásdísi Rán. Svo klippti hann líka Pál Óskar, Erp Eyvindar, Atla Rafn leikara og Geir Ólafsson. Nú er hann hins vegar kominn sterkur til baka á hárgreiðslustofuna Kompaníið sem er nýflutt í Turninn á Smáratorgi. Það má því segja að hann sé kominn aftur heim því hann lærði á stofunni á sínum tíma áður en hann fór út í eigin atvinnurekstur.

Upprisinn í Lundúnum

Lítið hefur farið fyrir Hannesi Smárasyni hérlendis síðustu mánuðina og hafa menn verið að velta því fyrir sér hvað hafi orðið um kappann. Föstudagur hefur þó heimildir fyrir því að hann sé búsettur í Lundúnum og sitji alls ekki með hendur í skauti. Heldur sé hann kominn með fyrirtæki á laggirnar sem sérhæfi sig í heimsendingum á tilbúnum mat.

Finnur Þór Vilhjálmsson var lengi að pikka samtalið inn enda sleppti hann engu. MYND/VALLI

Finnur Vilhjálmsson setti saman raunveruleikakvæðið fyrir eftir

ÓÐUR TIL LIÐINS TÍMA

Í nýjasta hefti Tímarits Máls og menningar birtist kvæði sem er skrásett af Finni Þór Vilhjálmssyni lögfræðingi. Þegar kvæðið er lesið yfir kemur í ljós að um er að ræða samtal Arnars Gauta Sverrissonar tískulöggu og Ásgeirs Kolbeinssonar sjónvarpsmanns í þættinum Innlit/útlit. Þegar Finnur er spurður að því hvers vegna hann hafi gert þetta segir hann að það megi hugsa þetta sem óð til ákveðins tímabils. „Kærastan mín var að horfa á þáttinn á Youtube.com. Ég sat við hliðina á henni og var að lesa bók. Þegar ég heyrði samtalið á milli þeirra fannst mér að það væri eitthvað í þessu. Það vakti hjá mér löngun til að skrásetja þetta og athuga málið," segir Finnur. Hann segir að það hafi tekið töluverðan tíma að pikka samtalið inn því hann hafi viljað hafa það alveg orðrétt. „Er ekki sagt að sá sem ekki geti lært af sögunni sé dæmdur til að endurtaka hana?" segir Finnur.

martamaria@365.is

Ásgeir Kolbeins.

Arnar Gauti.

BROTÚRRAUNVERULEIKAKVÆÐINU FYRIR EFTIR

heyrðu geiri þú ert hérna búinn að festa kaup á íbúð hérna úti á granda

já

svona helvíti fínt útsýni sem þú ert með hérna og svona

já mjög skemmtilegt

en þessi íbúð er með þeim verri sem ég hef séð

já það var eiginlega svona aðlaðandi við hana hvað hún var

já akkúrat

hvað hún var eitthvað öll sjúskuð og leiðinleg og ég sá bara möguleikana í að breyta henni

já hérna náttúrlega ertu með sko ógeðslegt eldhús

já

og þú ætlar að breyta í raun og veru öllu hérna er það ekki

þetta verður allt rifið út

já

bara gjörsamlega það verða bara menn sem þurfa útrás sem verður hleypt hingað inn með kúbein

það er bara þannig

þeir mega bara ráðast á þetta

já

sama með þennan vegg hérna

já sem er svolítið mikið barn síns tíma

svolítið mikið þetta verður tekið niður og ný innrétting sem sagt sett hér inn kántrí stællinn fer hér út

já

[...]

Falleg og opinská bók
um líkama og losta

Hispurslaus leiðsögn um unaðsheima kynlífs og hvílubragða í máli og myndum.

VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is

Kynlífsbiblían er ríkulega myndskreytt.

Steinn Ármann Magnússon í Svörtum englum:

Leikur grófa týpu

Á sunnudaginn verða Svartir englar frumsýndir í Sjónvarpinu. Steinn Ármann Magnússon leikari sýnir á sér nýjar hliðar.

„Sagan fjallar aðallega um fjóra lögreglumenn sem eru teymi og ég er einn af þeim. Minn karakter hefði alveg getað dottið hinum megin við lögin og er svolítið gróf týpa. Hann fer óhefðbundnar leiðir og sér ekkert athugavert við að beygja aðeins lögin til að ná árangri," segir hann. Þættirnir eru byggðir á bókunum Skítadjobb og Svartir englar eftir Ævar Örn Jósepsson.

„Það er búið að vera ofsalega gaman að leika í þáttunum. Hlutverk mitt er kannski ekki svo ólíkt því sem ég hef verið að gera, en í gegnum tíðina hef ég verið í gamanleik auk þess sem ég hef fengið hin ýmsu fúlmenni eða illmenni og ætli karakter minn í Svörtum englum myndi ekki flokkast undir eitt þeirra," segir Steinn Ármann, sem hefur starfað sem leikari í lausamennsku í tæp tuttugu ár og hefur nóg að gera. „Ég er að vinna verkefni fyrir Stundina okkar með Helgu Brögu og mun leika lítið hlutverk í myndinni Reykjavík Whale Watching Massacre. Annars er ég skemmtikraftur og veislustjóri annað slagið, auk þess sem ég tala inn á eina og eina auglýsingu og teiknimynd," segir Steinn Ármann.

- ag

Steinn Ármann Magnússon Hefur starfað sem leikari í lausamennsku í rétt tæp tuttugu ár.

augnablikið

SÖNGKONAN MADONNA VAR SMART Á DÖGUNUM Hún mætti á veitingastað í New York í hvítum glansstuttbuxum með splunkunýja Louis Vuitton-tösku. Þessi slær gamla mónógrafið alveg út.

MYND/GETTYIMAGES

föstudagur

Útgáfufélag 365 prentmiðlar **Ritstjóri** Marta María Jónasdóttir *martamaria@365.is*
Penni Alma Guðmundsdóttir *alma@frettabladid.is* **Forsíðumynd** Valgarður Gíslason
Útlitshönnun Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir
sigridurdagny@365.is sími 512 5462 **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Haustblót um helgina

30% af öllu í borðstofuna og eldhúsið
af öllum glösum
af öllum matarstellum
af öllum eldhús og borðstofuhúsgögnum

2 fyrir **1** af öllum kertum

the PIER

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / mánudaga til föstudaga 11:00 til 19:00 / laugardaga 10:00 til 18:00 / sunnudaga 12:00 til 18:00

núna

* allt fyrir ástina...

EKKI MISSA AF FUSION FITNESS Unnur Pálmarsdóttir líkamsræktardrottning stendur fyrir fusion fitness-hátíðinni sem haldin verður í World Class dagana 26.-28. september. Þetta er í sjötta sinn sem hátíðin er haldin og ætti enginn að missa af henni. Hver vill ekki hrista kroppinn undir flottum tónum Páls Óskars eða Hara-systra?

Framkvæmdagleði í Fossvogi

Svava Johansen og Björn Sveinbjörnsson festu kaup á einbýlishúsi í Kvistalandi 1 og fengu það afhent í vikunni. Nú hafa þau lagt inn umsókn til skipulagsfulltrúa um að fá að breyta húsinu og stækka það um rúma 100 fm. Auk stækkunarinnar felst breytingin meðal annars í sér að síkka glugga og grafa frá kjallara. Sagan segir að ofursmiðurinn Gulli Helga sé í startholunum því hann hefur verið hirðsmiður Svövu um margra ára skeið.

Málið er núna hjá skipulagsstjóra.

Ástin blómstraði Einar Kárason rithöfundur mætti með frúna sína, Hildi Baldursdóttur.

Listræn Davíð Pitt arkítekt og Guðrún Edda Þórhannesdóttir sagnfræðingur létu sig ekki vanta. Þess má geta að hann hefur teiknað nokkur af fallegustu húsum Reykjavíkur eins og Árland 1 sem er í eigu Steingríms Wernerssonar.

Spengileg Sveinn Andri Sveinsson lögmaður og Unnur Guðný Gunnarsdóttir flugfreyja.

Sveinn Andri Sveinsson frumsýndi kærustuna

Nældi sér í flugfreyju

Verkið Fýsn eftir Þórdísi Elvu Bachmann var frumsýnt í Borgarleikhúsinu síðastliðið föstudagskvöld. Verkið fékk þrusugóðar viðtökur og ætluðu frumsýningargestir ekki að geta hætt að klappa. Stjörnulögmaðurinn Sveinn Andri Sveinsson kom mörgum á óvart og mætti með nýju kærustuna upp á arminn. Sú heitir Unnur Guðný Gunnarsdóttir og er flugfreyja.

Hjónin Ragnar Bragason og Helga Rós Hannam unnu saman í Dagvaktinni

Hann leikstýrði – hún gerði búningana

Á sunnudaginn hefst Dagvaktin á Stöð 2. Ragnar Bragason, leikstjóri Dagvaktarinnar, fór ekki yfir lækinn þegar hann réð búningahönnuð í verkið því hann fékk eiginkonuna, Helgu Rós Hannam, til liðs við sig. „Samstarfið gengur alltaf ágætlega og við erum yfirleitt sammála um hlutina," segir Helga Rós og segir að leikaranir hafi líka sinn atkvæðisrétt enda bjuggu þeir sjálfir til sína karaktera. Aðspurð segir hún þau hjón þó ekki hafa unnið mikið saman. „Við gerðum Stelpurnar saman á sínum tíma, en annars hef ég unnið meira með öðrum. Ég var til dæmis að vinna annað verkefni á meðan það var verið að skjóta Dagvaktina og var þá ekki á settinu, enda eigum við börn svo við þurfum að vera í hvort í sínu lagi í tökum og sjáumst þá voðalega lítið á meðan. En vonandi eigum við eftir að gera bíómynd saman, það væri skemmtilegt." segir Helga Rós að lokum. - *ag*

Helga Rós Hannam Hún er ánægð með samstarfið við eiginmanninn Ragnar Bragason.

kreppuráð

Hafðu lambahjörtu í matinn. Þú getur fætt heila fjölskyldu fyrir tæpan 200 kall.

Stundaðu nóg af kynlífi, það kostar ekki neitt. Ef það er hins vegar farið að halla undan fæti á þeim vígstöðvum gæti margborgað sig að fjárfesta í Kynlífsbiblíunni.

Djammaðu frekar á Facebook en á börunum niðri í bæ. Þessu fylgja margir kostir, þú getur setið heima á nærbuxunum og daðrað við fólk og þarft varla að hafa áhyggjur af einhverjum skandölum.

Hættu að kaupa vín – bruggaðu sjálfur þínar veigar.

Fækkaðu sjoppuferðum á kvöldin – svo er það líka grennandi.

Ekki segja upp áskriftinni að Stöð 2 – hún margborgar sig þegar þú húkir heima nema þú skilir flatskjánum sem þú keyptir á raðgreiðslum.

Myndlistarvörur
í 30 ár

Vandaðar myndlistarvörur
fyrir listamenn og skólafólk.

Verið velkomin í

LITIR OG FÖNDUR

SMIÐJUVEGI 4 • SÍMI 552 2500
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 12 OG 16 • SÍMI 552 1412

Office 1 Superstore

Skólavörur á 60-80% afslætti

Komið og gerið ótrúleg kaup á skólavörum

Office 1 Superstore

Skeifan 550-4110, Smáralind 550-4140, Hafnarfjörður 550-4120, Selfoss 550-4190, Vestmannaeyjar 550-4180, Egilsstaðir 550-4160, Akureyri 550-4150, Ísafjörður 550-4170

LIFA EFTIR ÞVÍ SEM *ÞAU SEGJA*

Í haust verður engin afsökun fyrir því að forðast tækjasali eins og heitan eldinn, því tveir af þekktustu líkamsræktarfrömuðum landsins munu kenna fólki að gera réttar æfingar á væntanlegum DVD-diski.

Viðtal: **Alma Guðmundsdóttir**
Ljósmyndir: **Valgarður Gíslason**

Arnar Grant og Dísa, oft kennd við World Class, eru samstíga í heilsurræktinni og eru búin að gera myndband saman.

Dísa í World Class og Arnar Grant hafa starfað saman um árabil í World Class. Hún byrjaði í dansi fyrir 25 árum sem þróaðist í átt að heilsuræktinni en hann byrjaði að æfa vaxtarrækt á Akureyri árið 1988. „Ég flutti til Reykjavíkur 2001 og hef unnið síðan þá hjá Dísu og Bjössa í World Class. Ég hafði alltaf mikinn áhuga á þjálfun sem slíkri og þjálfaði hesta lengi vel. Ég gekk í Félag tamningamanna sautján ára gamall og keppti í hestaíþróttum bæði hér heima og í Austurríki þar sem ég bjó í fjögur ár og keppti meðal annars með landsliðinu.“

Aðspurður segist hann þó ekki stunda hestamennskuna ennþá. „Ég var búinn að gera allt sem var í boði í hestunum svo ég yfirfærði þjálfunina yfir á fólk,“ segir Arnar brosandi.

ALLT ER FERTUGUM FÆRT

Þegar Dísa var 21 árs fannst henni mikilvægt að læra eitthvað annað en heilsurækt því hún gat ekki séð sjálfa sig fyrir sér vera að kenna leikfimi fertug að aldri. „Í dag er ég 46 ára, enn að kenna og finn ekkert fyrir því að vera orðin þetta gömul. Ég er alls ekkert í síðra formi en ég hef verið og ég horfi björtum augum á næstu 30 árin því hún Ástbjörg sem kennir fjóra tíma í viku hjá okkur í Laugum er orðin 79 ára og er í frábæru líkamlegu og andlegu formi,“ segir Dísa.

Þegar þau eru spurð að því hvort þau finni fyrir kreppu í ræktinni segja þau svo ekki vera.„Fólk lítur ekki á líkamsrækt sem munað lengur, þetta er bara orðið nauðsynlegt og sérstaklega þegar eitthvað bjátar á, því þó maður missi tök á hlutunum í kringum sig er mjög mikilvægt að missa ekki tökin á sjálfum sér. Það eru líka mörg fyrirtæki farin að sjá kosti þess að borga fyrir starfsfólkið sitt í heilsuræktina, því ef starfsmaður er að rækta sjálfan sig, þá er hann hugmyndaríkari og afkastameiri í vinnu,“ segir Dísa.

Miðað við það sem ég hef heyrt í kringum mig er annar hver maður í einhverju stappi við nágranna sína.

Í næsta mánuði er væntanlegur DVD-diskur sem Arnar og Hafdís unnu í sameiningu. Diskurinn mun vera sá fyrsti sinnar tegundar hérlendis og miðar að því að hjálpa fólki að gera réttar æfingar í tækjasal, en hvað kom til að þið ákváðuð að ráðast í verkefnið?„Það er þetta vandamál sem við heyrum oft, að fólk þorir bókstaflega ekki inn í líkamsræktarstöð því það heldur að þetta sé svo erfitt, flókið og er hrætt um að gera sig að fífli. Það eru allt of margir sem veigra sér við að leita sér aðstoðar við æfingar í tækjum og auka þá líkur á meiðslum og ná litlum árangri. Á disknum sýnum við æfingar sem eru unnar inni á heilsuræktarstöðvunum og hvernig á að framkvæma þær rétt. Við náðum nú ekki að fara yfir allar æfingarnar, því þá væri þetta um sex tíma vídeó, en við förum yfir allt það helsta,“ segir Arnar og hlær .„Það eru svo margir sem vilja bara gera þetta sjálfir, en finnst óþægilegt að koma í ræktina og vita ekki hvað á að gera. Eftir að hafa horft á diskinn getur fólk gengið inn á heilsuræktarstöð og vitað hvernig það á að bera sig að. Í framhaldi af þessu verðum við með æfingaáætlanir á heimasíðunni okkar sem fylgir disknum og fólk getur prentað út, svo þetta mun vonandi taka skjálftann úr fólki og nýtast því vel.“

SAMAN Í MYNDBANDI

Fram undan eru annasamir tímar hjá Arnari því hann ætlar að keppa á sínu tuttugasta móti í fitness og vaxtarrækt og stefnir á Norðurlandameistaratitilinn. Minnstu munaði þó að ferli hans lyki árið 2005 þegar hann fótbrotnaði á báðum ökklum við æfingar. „Snemma árs 2005, þegar ég var þrefaldur Íslands- og bikarmeistari í fitness, braut ég báða fæturna á mér við æfingar. Ég var að hoppa jafnfætis yfir grindur á Laugardalsvellinum þegar ég flaug fram fyrir mig í síðasta stökkinu og lenti beint á nefinu. Ég var svo harður af mér, norðanmaðurinn, að ég haltraði fyrst á eftir og fór ekki strax að láta búa um brotin, en áttaði mig svo á því hversu alvarlegt þetta var. Það var mjög erfitt að geta ekki tekið þátt í næstu tveimur mótum og ég hélt satt best að segja að mínum ferli í fitness væri lokið. Það var ekki fyrr en ég fór í uppskurð til Örnólfs Valdimarssonar á báðum fótum í byrjun árs 2007, sem ég sá fram á að geta keppt aftur og varð fitnessmeistari um haustið sama ár. Þá fékk ég sjálfstraustið aftur og er núna að æfa ellefu sinnum í viku fyrir Norðurlandamótið í fitness og vaxtarrækt sem verður haldið í Háskólabíói 19. október. Margir erlendir þátttakendur munu koma til að taka þátt í því svo maður byrjar sérstaklega snemma að undirbúa sig og matseðillinn hjá mér er mjög einfaldur og hreinn þessa dagana. Mikið vatn, hafragrautur,

* bak við tjöldin

Stjörnumerki:
H: Sporðdreki.
A: Vog.

Uppáhaldsmatur:
H: Góðir fiskréttir og hreindýrasteikur.
A: íslenskt lambakjöt úr Eyjafirði og humar frá Höfn.

H: Íslenska vatnið er alltaf best.
A: Eðaltoppur.

Diskurinn í spilaranum:
H: Eva Cassidy.
A: Safndiskur með Sálinni.

Draumafrí:
H: Skíðaferð í Colorado, Borgarferð til New York, sólarfrí til Balí og veiðiferð í Grímsá.
A: Með fjölskyldunni á Spáni.

Skemmtilegast:
H: Það er svo margt, aðallega að vera til og hafa heilsu til að gera allt þetta skemmtilega.
A: Að elda og borða góðan mat í góðum félagsskap.

Leiðinlegast:
H: Ég veit það ekki.

fiskur, kjúklingur og lambakjöt. Svo skýtur maður próteindrykkjum inn á milli og borðar mikið af grænmeti og ávöxtum. Aðalatriðið er að raða þessu rétt niður á daginn, hafa þrjá klukkutíma á milli mála og hafa stærri máltíðir í kringum æfingarnar. Maður þarf náttúrlega að borða í samræmi við það sem maður er að gera, en ég hef haft það sem reglu að fara aldrei út í of miklar öfgar.“

ENGINN SLAGSMÁLAHUNDUR

Nýlega var fjallað um erjur í fjölmiðlum sem upp komu milli Arnars og nágranna hans, eftir að Arnar braut bílrúðu til að færa bíl sem hafði verið lagt í einkastæði hans. Aðspurður segir hann of mikið hafa verið gert úr málinu. „Ég hef nú alltaf verið talinn vera með mikið jafnaðargeð og rólegur að eðlisfari. Þetta mál var blásið upp þar sem ég er þekkt andlit og gerð úr þessu einhver æsifrétt. Blöðin birtu myndir af mér berum að ofan undir titlinum „Arnar Grant – ræðst á bíl nágrannans“. Það sjá það allir að auðvitað átti atvikið sér ekki stað með slíkum hætti. Miðað við það sem ég hef heyrt í kringum mig er annar hver maður í einhverju stappi við nágranna sína, hvort sem það er út af sameigninni eða kvartanir vegna hávaða. Héraðsdómur hefur komist að niðurstöðu í málinu og tel ég því hér með lokið. Niðurstaðan er sú að ég greiði 20.000 króna sekt í ríkissjóð en maðurinn ber sitt tjón sjálfur.“

Finnið þið fyrir pressu að þurfa alltaf að vera í góðu formi?„Mér finnst það engin pressa, heldur líður mér vel. Við erum bæði tvö þannig að við reynum að lifa eftir því sem við segjum,“ segir Dísa og Arnar bæti því við að fólk þurfi að finna sig í þessu. „Þegar maður finnur þetta jafnvægi er maður í góðum málum og þá er ekki aftur snúið. Þá þarf maður aldrei að neita sér um neitt og þótt maður lendi kannski í matarboði í miðri viku þarf maður ekkert að borða minna, ef maður er ekki í veislum á hverjum degi og er að hreyfa sig og borða skynsamlega flesta daga. Ef maður lítur á þetta sem verðlaun og er stanslaust að borða verðlaunin er ekki til neins að vinna,“segir hann. „Verðlaunin eru bara að finna þetta jafnvægi á sál og líkama,“ segir hún og brosir.

A: Að bíða.

Hverju myndirðu sleppa ef þú yrðir að spara:
H: Ekki kaupa óþarfa.
A: Ég myndi segja upp Morgunblaðinu.

Draumabíllinn minn er:
H: Mercedes Benz CLK 55 AMG.
A: BMW 530 full loaded.

Karl R. Lilliendahl, kvikmyndatökumaður og ljósmyndari:

Heldur þrjár sýningar í Svíþjóð

Ég hélt mína fyrstu ljósmyndasýningu í Gallerí Fótógrafí síðastliðið haust. Þá var sænskur ljósmyndari staddur á landinu og var svo ánægður með myndirnar að hann skildi eftir símanúmerið sitt í gestabókinni. Ég hringdi svo í hann og hann kom mér í samband við menningarsvið borgarinnar Jönköping sem skipulagði þrjár sýningar,“ segir Karl R. Lilliendahl, kvikmyndatökumaður og ljósmyndari, sem verður með ljósmyndasýningu í þremur borgum í Svíþjóð frá október til desember. Þetta mun vera í fyrsta sinn sem Karl heldur ljósmyndasýningu erlendis.

„Allar myndirnar á sýningunni eru teknar í Bologna, Flórens og Róm á Ítalíu. Við fjölskyldan bjuggum á Ítalíu í níu mánuði á meðan konan mín var í mastersnámi, en ég tók feðraorlofið mitt á meðan og sá um sjö mánaða son okkar sem var mikið með mér í myndatökunum. Ég tók myndirnar af fólki úti á götu og hver mynd segir sína sögu, en sýningin ber heitið Uno þar sem það er aðeins ein manneskja á hverri mynd,“ útskýrir Karl.

„Sýningin í Svíþjóð verður færð milli staða og verður sú sama og ég var með hérna heima, en ég bætti við nokkrum myndum,“ segir Karl, sem er auk þess önnum kafinn við þáttagerð hjá Ríkissjónvarpinu um þessar mundir, en hann framleiðir og klippir Sunnudagsþætti Evu Maríu Jónsdóttur. Aðspurður segist hann þó ætla að sinna ljósmynduninni meira í nánustu framtíð. „Sýningarnar úti eru bara fyrsta skrefið og ég stefni á að taka fleiri myndir, bæta við og sýna á fleiri stöðum,“ segir Karl að lokum. *- ag*

Karl R. Lilliendahl er á leið til Jönköping í Svíþjóð þar sem hann mun halda þrjár ljósmyndasýningar. Hér að ofan eru tvö af verkum hans og ein mynd af honum sjálfum á bak við linsuna.

Fönd og gjafavara

FÖNDRA

10 ÁRA

Komið og fagnið með okkur á morgun,

laugardaginn 20. september,
klukkan 11 til 16.

Ýmis frábær tilboð í öllum deildum.
Sýnikennsla og kynning á námskeiðum.



Fönd og gjafavara

FÖNDRA

Dalvegi 18, Kóp. • Sími 568 6500 • www.fondra.is
opið 10-18 virka daga, laugardaga 11-16

útlit

* allt fyrir andlitið...

FARÐU ALLA LEIÐ! Nýjasti maskarinn frá Estée Lauder heitir Sumptuous. Hann er laufléttur og gætir þess vel að augnhárin haldist uppbrett allan daginn. Er hægt að biðja um meira?

Gylltar neglur Þetta lakk frá Chanel er ómissandi fyrir veturinn.

Exceptionnel maskarinn frá Chanel Nýr bursti sem þykkir og sveigir.

Gylltar og glossaðar varir Þetta varalitagloss er algert möst. Liturinn er no. 118.

Gold fever Gylltur kinnalitur frá Chanel sem lætur andlitið ljóma.

Ný haustlína frá Chanel vekur athygli

Förðun í stíl við íbúð

Haustlínan frá Chanel er hönnuð af Peter Philips sem er nýi förðunarhönnuðurinn hjá Chanel. Hans fyrsta verk var að skoða íbúð Mademoiselle Chanel að 31, Rue Cambon í Paris. Íbúðinni hefur verið haldið óbreyttri frá 1971 en 10. janúar 1971 andaðist Gabriel Chanel. Í íbúðinni er að finna marga fallega muni, veggirnir eru í gylltum og heitum litum þar sem kristalsljósakrónur og gylltar kristalskúlur endurvarpa ljósinu. Þar er að finna liti eins og brons, dimmgrænt, gult, kremað og dökkgrábrúnt og gyllta litinn sem var einn af uppáhaldslitum Mademoiselle Chanel.

martamaria@365.is

Mér fannst ég sjá árangur strax

Eitt af best geymdu leyndarmálunum er undrakremið, Secret De Vie, frá Lancôme. Vísindin hafa sýnt fram á að húðin byggist upp af sex frumutegundum. Efnið „Extrait de Vie“ sem er eitt af grunnefnunum í kreminu inniheldur sex bestu og virkustu efnin sem endurheimta fullkomna hringrás húðarinnar. Við notkun á Secret De Vie aukast efnaskipti frumnanna um 118%, líkt og nýju lífi hafi verið sprautað í hjarta þeirra. Dag frá degi er húðin endurnýjuð, endurlífguð, stinnari og unglegri.

Melissa djúpsteikingarpottur
643098
- 1500w djúpsteikingarpottur
- Tekur 1.5l olíu
- 0° - 190°C hitastillir
- Gúmmí fætur

4.990kr
FRÁBÆRT VERÐ

Gildir til 26. september eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Kanarí
í janúar og febrúar

Jólaferð 20. des. – UPPSELT
Jólaferð 19. des. – AUKAFLUG

Ótrúleg sértilboð
frá 59.950 kr.*

Heimsferðir bjóða ótrúleg sértilboð á ferðum til Kanarí í janúar og febrúar. Nú er rétti tíminn til að tryggja sér vetrarfrí í sólinni á hreint frábærum kjörum. Mjög takmarkaður fjöldi flugsæta og gistingar í boði á hverri dagsetningu – þannig að það er um að gera að bóka strax. Fjölbreytt úrval gististaða í boði!

Aðeins 250 sæti á einstökum kjörum!
Takmarkað sæta- og gistiframboð á sértilboðskjörum á hverri dagsetningu.

Turbo Club Apartments

Ótrúlegt verð!
Frá kr. 69.990
– vikuferð með allt innifalið
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð í viku 21. og 28. janúar.

ALLT INNIFALIÐ

Parquesol
– Smáhýsi með 2 svefnherbergjum
Frábærlega staðsett - endurnýjuð 2006 – mjög góður kostur!
Frá kr. 59.950
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11ára, í smáhýsi m/2 svefnherbergjum í viku. Sértilboð 21. og 28. janúar eða 4. og 11. febrúar.
8 nátta ferð 4. jan. kr. 6.100 aukalega.
9 nátta ferð 12. jan. kr. 7.800 aukalega.

Parquemar
– Stúdíó
Einfaldur kostur á frábærum kjörum!
Frá kr. 59.990
Netverð á mann, m.v. 2 í stúdíó í viku. Sértilboð 21. og 28. janúar.
8 nátta ferð 4. jan. kr. 4.000 aukalega. 9 nátta ferð 12. jan. kr. 5.900 aukalega.

Hotel Eugenia Victoria
– Hótelherbergi með allt innifalið
Eitt vinsælasta hótelið – góð gisting!
Frá kr. 89.990
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli með allt innifalið í 8 nætur.
Sértilboð 4. janúar.

ENNEMM / SÍA • NM35107

Tryggðu þér sæti – bókaðu strax!

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

Mundu MasterCard ferðaávísunina!

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000
Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is

NOKKUR ORÐ
Kjartan Guðmundsson

Alsæla kreppunnar

Í lok ágúst réðu Íslendingar sér vart fyrir kæti. Lífið var ljúft, smáfuglar kvökuðu við raust og fólki fannst rigningin góð. Ástæðan fyrir óstjórnlegri kátínu heillar þjóðar var býsna léttvæg. Ólympíusilfurverðlaun í handbolta, einhverri þrautleiðinlegustu keppnisgrein mannkynssögunnar, þóttu nægt tilefni til að gera sér glaðan dag og líta framtíðina björtum augum. Fyrirsagnir fjölmiðla sögðu sína sögu. „Silfurstrákarnir okkar!“, „Hetjurnar komnar heim!“, „Stórasta land í heimi!“. Jákvæðnin réði svo sannarlega ríkjum á köldu landi ísa.

Nú, tæpum mánuði síðar, er allt í volli. Fellibyljir herja á landið. Mávagargið á tjörninni er allsendis óþolandi. Stöðugur fréttaflutningur af síversnandi gengi krónunnar og gjaldþroti hvers milljónabankans á fætur öðrum er einungis rofinn með einstaka tíðindum af viðurstyggilegum kynferðisbrotum og líkamsárásum. Hve þungt er yfir bænum.

Það er á stundum sem þessum sem einhvers konar skilningur myndast á því hvers vegna íþróttir þjóna nánast sama hlutverki og trúarbrögð í mörgum fátækari löndum. Gott gengi landsliðs í íþróttum megnar nefnilega að leiða huga fólks frá hversdagslegum erfiðleikum um hríð. Heilu þjóðirnar þjappa sér saman í trausti og trú á íþróttahetjurnar sínar. Marx sagði að trúin væri ópíum fólksins. Íþróttir eru e-pillur krepputímanna.

Með hliðsjón af þessu gætu yfirvöld gert margt vitlausara en að dæla aurum í hvers kyns íþróttastarfsemi. Skítt með krónuna, evruna, okurprísa, spillingu og bruðl með almannafé. Ef strákarnir okkar ná gullinu á næsta móti verður allt gott aftur.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



30-90% afsláttur

BÓKA LAGERSALA

GARÐATORGI – GARÐABÆ LAGERSALA

LAGERSALA OPIÐ ALLA DAGA KL. 11–19

- Allir sem versla á markaðnum fá vandaða bók í kaupbæti.
- Öll börn sem koma á markaðinn fá óvæntan glaðning.
- Allir sem versla fyrir meira en 10.000 krónur fá að gjöf bókina *Veður og umhverfi*, í þýðingu Unnar Ólafsdóttur veðurfræðings, eða *Ekkjuna* eftir Stephen King.

1.990 kr.
54% afsláttur

690 kr.
47% afsláttur
MARGAR GERÐIR

2.490 kr.
45% afsláttur

990 kr.
30% afsláttur



1.990 kr.
57% afsláttur

1.990 kr.
30% afsláttur



3.990 kr.
45% afsláttur

895 kr.
80% afsláttur

2.490 kr.
38% afsláttur

Tilboðin gilda á meðan birgðir endast

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

Við rýmum fyrir jólabókunum – komdu og gerðu góð kaup

Kringlukráin
Skagfirsk sveifla með Geirmundi Valtýssyni í kvöld
Tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum

SALURINN Í SEPTEMBER 2008


LAUGARDAGUR 20. SEPTEMBER KL. 17
TÖFRAR Í TÍBRÁ: SÖNGTÓNLEIKAR UPPSELT
INESSA GALANTE OG JÓNAS INGIMUNDARSON
Tónleikar í samstarfi við BM VALLÁ, SKIPTI OG SAMTÖK IÐNAÐARINS

SUNNUDAGUR 21. SEPTEMBER kl. 20:30
HÁTÍÐARTÓNLEIKAR:
ATLI HEIMIR SVEINSSON SJÖTUGUR
ÖRFÁ SÆTI LAUS


FIMMTUDAGUR 25. SEPTEMBER kl. 20
KINKI – SKEMMTIKRAFTUR AÐ SUNNAN
KERTALJÓSAKONSERT
TÓNLIST OG TEXTI BENÓNÍ ÆGISSON

LAUGARDAGUR 27. SEPTEMBER KL. 17
TÖFRAR Í TÍBRÁ: KLARINETTUTÓNLEIKAR
EINAR JÓHANNESSON OG MARTIN BERKOFSKY
Tónleikar í samstarfi við BM VALLÁ, SKIPTI OG SAMTÖK IÐNAÐARINS

DAGANA 4. – 11. OKTÓBER 2008
EKVADOR AÐ FORNU OG NÝJU
MIÐASALA Á SÝNINGAR JACCHIGUA-HÓPSINS
HEFST MÁNUDAGINN 22. SEPTEMBER KL. 10

SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS BYR

Allir gera það sem þeir geta

Í gær voru þrjár nýjar myndlistarsýningar opnaðar í Listasafni Reykjavíkur í Grófinni. Þar sýna Libia Castro, Ólafur Ólafsson og Ingibjörg Jónsdóttir ný verk og að auki er ný sýning á verkum Errós komin upp.

MYNDLIST Libia Castro og Ólafur Ólafsson: Allir gera það sem þeir geta. Verkstæðið var opnað í gær en sýningin varir til 2. nóvember. MYND/LISTASAFN REYKJAVÍKUR

Ný sýningaröð er nú hafin í A-sal Listasafnsins. Þar er ætlunin að kynna myndlist sem er á einn eða annan hátt unnin í tengslum við samfélagið og íbúa þess. Verkefninu er ætlað að leita uppi samband og samræður út fyrir veggi safnsins; út í almenningsrými borgarinnar, fjölmiðla og landið allt. Fyrstu listamennirnir til að sýna í sýningaröðinni eru Libia Castro og Ólafur Ólafsson.

Viðfangsefni þeirra er að rannsaka eðli og efni auglýsinga, auk þess að taka og sýna sjónvarpsviðtöl við ólíka fulltrúa íslensks samfélags, allt frá stöðumælavörðum til ráðherra. Libia og Ólafur hafa mótað sýningarrýmið sem framleiðslu- og kynningarsvæði, að meðtöldu upptökuveri og klippistofu, þar sem þau standa fyrir opinberum prufutökum mikinn hluta sýningartímans.

Þau kalla sýninguna „Allir gera það sem þeir geta“. Á meðan á sýningunni stendur verða prufutökurnar enn fremur „sendar út“ með færanlegum myndvörpum á ýmsa veggi í hverfum borgarinnar.

Frá því að samstarf Libiu og Ólafs hófst árið 1997 hafa þau skapað umhverfistengd verk í mörgum löndum, þar á meðal Kúbu, Tyrklandi, Hollandi, Danmörku, Þýskalandi, Belgíu, Bandaríkjunum og Ítalíu, ásamt föðurlandi hvors um sig, Spáni og Íslandi. Verk þeirra hafa verið sýnd á mikilvægum alþjóðlegum listviðburðum og sýningarstöðum, svo sem Manifesta7 (2008), CAC Màlaga (2007), Listahátíð í Reykjavík (2005), De Appel CAC Amsterdam (2004) og áttunda Havanatvíæringnum (2003). Libia og Ólafur hafa verið tilnefnd til virtra listverðlauna og verið boðin þátttaka í margs konar alþjóðlegum verkefnum. Sem stendur eru þau búsett í Rotterdam í Hollandi og í Berlín í Þýskalandi þar sem þau taka þátt í dagskrá vinnustofumiðstöðvarinnar Künstlerhaus Bethanien.

Kveikjan að innsetningu Ingibjargar Jónsdóttur er tíminn, viðfangsefni allra tíma, samofinn spurningu okkar um tilurð alheimsins. Uppspretta og þrætuepli heimspekinga og vísindamanna og hverju mannsbarni undrunarefni. Tuttugasta öldin með öllum sínum framförum hefur fremur aukið á skilningsleysi okkar og vakið upp flóknari spurningar. Hafþór Yngvason er sýningarstjórinn að báðum þessum sýningum.

Á sýningunni úr Erró-safneign Listasafns Reykjavíkur er áherslan lögð á málverk, prentverk og klippimyndir með vísun til þátta úr austrænni og vestrænni menningu. Erró er meistari myndflatarins, og beitir hér í verkum sínum á sannfærandi hátt með fjölmenningarlegum skírskotunum og raðar þeim saman á óvæntan hátt í því skyni að ögra, gleðja, stríða og skerpa skilningarvitin. **pbb@frettabladid.is**

Þjóðleikhúsið
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

Skilaboðaskjóðan
e. Þorvald Þorsteinsson
lau. 20/09 kl. 14 örfá sæti laus
Ævintýri fyrir alla fjölskylduna aftur á svið!

Ástin er diskó, lífið er pönk
e. Hallgrím Helgason
fös. 19/09, lau. 20/09
Ekki missa af svaðalegum söngleik

Klókur ertu Einar Áskell
e. Bernd Ogrodnik
sun. 21/09 kl. 11 & 12.30 uppselt,
aukasýning kl. 15

Leikhúsperlur
Afmælisdagskrá Atla Heimis Sveinssonar
Stóra sviðið sun. 21/09 kl. 16
örfá sæti laus

Má bjóða þér forskot?
Fimm sýningar á 5.000 kr.
Nánar á www.leikhusid.is

Gefum góðar stundir
Minnum á gjafakort Þjóðleikhússins

GERÐUBERG
www.gerduberg.is

STEINA – Sjónþing og opnun vídeólistasýningar
Sunnudaginn 21. september kl. 13:30-16:00

Kynjaskepnur
úr íslenskum þjóðsögum
Jón Baldur Hlíðberg
sýnir teikningar úr semnefndri bók.

Flæði
Guðný Svava Strandberg
sýnir pennateikningar og vatnslitamyndir.

Mola
Sýning á útsaumuðum munstrum og táknum frá indíánaættbálkum í Suður-Ameríku.

Sýningarnar standa til 2. nóv. og eru opnar virka daga frá 11-17 og helgar 13-16.
Boðið er uppá leiðsagnir eftir samkomulagi
Sími 575-7700 – gerduberg@reykjavik.is

Hringdu í síma 512 50 60 ef blaðið berst ekki

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Föstudagur 19. september

Tónleikar

21.00 **Hljómsveitirnar Slugs, Númer Núll, Noise, Swords of Chaos og Ashton Cut** spila á Belly's, Austurstræti (við hliðina á Habi-Bi). Enginn aðgangseyrir.

21.00 **Electronika** Fram koma Gjöll, Digital Madness og Dj. Distursion. Kaffi Cultura við Hverfisgötu. Aðgangur ókeypis.

Fyrirlestrar

12.15 **Utanríkisráðuneytið** stendur fyrir opnum umræðufundi með Amre Moussa, framkvæmdastjóra Arababandalagsins, í hátíðarsal Háskóla Íslands. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra ávarpar fundinn.

Ljósmyndasýningar

Fimm ungir ljósmyndarar standa fyrir ljósmyndasýningu í Lost Horse Gallery, Skólastræti 1. Opið þri.-fös. kl. 11-17 og á laugardögum kl. 13-17. Sýningin stendur til 29. september.

Dansleikur

Rokk&Ról ´08 Rokkabillyband Reykjavíkur, Vax og Bjartmar Guðlaugsson spila á Austfirðingaballi á Players, Bæjarlind 4, Kópavogi.

Myndlist

Sjónarrönd Sæþór Örn Ásmundsson sýnir málverk í Saltfélaginu, Grandagarði 2. Sýningin stendur yfir út septembermánuð. Opið mán.-fös. 10-18 og lau. 11-16.

Hjörtur Hjartarson sýnir verk í Verðandi Galleri á Laugavegi 51. Sýningin stendur til 30. september og er opin á afgreiðslutíma verslana við Laugaveginn.

Opnanir

17.00 **Nýtt líf í Japan** Helga Birgisdóttir (Gegga) opnar sýningu í herbergi Kirsuberjatrésins, Vesturgötu 4. Sýningu lýkur 4. okt.

Viðburður

Í tilefni af veitingu Íslensku sjónlistarverðlaunanna 2008 stendur yfir fjölbreytt dagskrá á Akureyri. Nánari upplýsingar á www.sjonlist.is.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Í TÍMA Á midi.is
www.osk.is stendur fyrir sýningunni.
SYNGDU MEÐ
AÐSÓKNARMESTA MYND ÁRINS
18 ÁRA ALDURSTAKMARK NEMA Í FYLGD MEÐ FULLORÐNUM
VEITINGASALA OPIN
ÖRFÁ SÆTI LAUS!
MIÐASALA Í FULLUM GANGI Á MIDI.IS
MIÐASALA OPNAR KL. 17.00 Í HÁSKÓLABÍÓI
MAMMA MIA!
THE MOVIE
REGÍNA ÓSK & HANSA HITA UPP MANNSKAPINN ÁSAMT UNDIRLEIK
Landsbankinn
HÁSKÓLABÍÓ
Í DAG KL. 20:00

HAFSKIPSMÁLIÐ
UPP ÚR KAFINU

HAFSKIPSMÁLIÐ var á sínum tíma einhver mestu tíðindin í íslenskri viðskiptasögu. En þegar skiptastjórar í þrotabúi skipafélagsins luku störfum kom í ljós það sem margir höfðu lengi talið: Félagið hefði varla orðið gjaldþrota ef eðlilega hefði verið að málum staðið.

Að baki var ævintýraleg umfjöllun fjölmiðla með Helgarpóstinn í broddi fylkingar, harður atgangur í sölum Alþingis og dæmalaus framganga embættismanna. Stjórnendur félagsins voru hnepptir í gæsluvarðhald í margar vikur og réttur þeirra virðist hafa verið fótum troðinn í krafti hins opinbera valds.

Hvernig horfir Hafskipsmálið við nú?

Afdrif Hafskips – í boði hins opinbera **er glögg samantekt um málið frá því hamagangurinn hófst árið 1985 og allt þar til síðustu dómarnir féllu í Hæstarétti sex árum síðar. Höfundur rekur með skýrum og aðgengilegum hætti gang Hafskipsmálsins og setur söguna í samhengi sem vafalítið á eftir að vekja lesendur til umhugsunar um vinnubrögð-in sem viðhöfð voru.**

Höfundur bókarinnar er STEFÁN GUNNAR SVEINSSON sagnfræðingur. Hann er fæddur í Reykjavík árið 1981, útskrifaðist með B.A.-próf í sagnfræði frá Háskóla Íslands árið 2004 og M.A.-gráðu frá London School of Economics árið 2006.

www.forlagid.is

JPV ÚTGÁFA

METALLICA

KINGS OF LEON

> Í SPILARANUM

Metallica - Death Magnetic
Joan Baez - Day After Tomorrow
Travis - Ode to J. Smith
Johnny Flynn - A Larum
Kings of Leon - Only by the Night

tónlist

tonlist@frettabladid.is

Tónleikar og mynd í Berlín

Trúbadorinn Siggi Ármann og trommuleikarinn Frosti Runólfsson eru nýkomnir frá Berlín þar sem þeir spiluðu á tónleikastaðnum Volksbühne í miðborginni við góðar undirtektir.

Tónleikarnir voru haldnir í kjölfar frumsýningar nýrrar heimildarmyndar um Sigga og þrjá aðra trúbadora, þau Helga Val, Pétur Ben og Láru Rúnarsdóttur. Leikstjóri hennar er hin rússneska Vera Uschakova sem býr í Berlín. Svo getur farið að myndin verði sýnd í sjónvarpi hérlendis en það á eftir að koma betur í ljós.

„Þetta gekk mjög vel. Við fengum mjög góð viðbrögð við myndinni og konsertinum. Það voru hátt í þrjú hundruð manns í salnum og hann var alveg troðfullur," segir Siggi Ármanns, sem spilaði lög af væntanlegri plötu sinni á tónleikunum. Kemur hún út á næsta ári og nefnist Life Is an Adventure og

Í BERLÍN Trúbadorinn Siggi Ármann og Frosti Runólfsson eru nýkomnir heim frá Berlín þar sem þeir spiluðu við góðar undirtektir.

aðstoðaði Kjartan Sigurjónsson hann við gerð hennar. Þrjú ár eru liðin síðan síðasta plata Sigga, Music for the Addicted, kom út.

- fb

> Plata vikunnar

Ultra Mega Technobandið Stefán - Circus

★★★★

„Einstök samsuða úr júrótrassi og keyrslurokki með fíngerðum hljómborðsmelódíum og pönkuðum söng."

TJ

TÓNNINN GEFINN
Trausti Júlíusson

Þú hefur stjórnina

Enn er óvissan mikil hvað varðar útgáfu og dreifingu á tónlist. Sala á geisladiskum hefur dregist saman og þó að sala á niðurhali fari vaxandi og vínylplatan sé að koma aftur fer heildarsala á tónlist í heiminum minnkandi. Plötuútgáfur, bæði stórar og smáar, hafa verið að draga saman seglin, en á móti kemur að færst hefur í aukana að tónlistarmenn gefi út sjálfir og selji jafnvel eingöngu í gegnum netið.

Plötufyrirtækin hafa legið undir miklu ámæli að undanförnu. Þeim er fundið flest til foráttu: Þau eiga að hafa sukkað með fé, okrað á neytendum og hlunnfarið tónlistarmenn. Og þau brugðust seint og illa við þeim tæknibreytingum sem netið hafði í för með sér.

Mörg plötufyrirtæki voru stofnuð af eldhugum sem höfðu mikil og góð áhrif á tónlistarsöguna. Atlantic á sjötta áratugnum, Stax á þeim sjöunda, Rough Trade á þeim áttunda, Tommy Boy á níunda og Ninja Tune á þeim tíunda eru bara örfá dæmi. Maður á erfitt með að ímynda sér tónlistarsöguna án þeirra og þau gerðu manni lífið auðveldara. Það mátti treysta merkinu.

Nú vilja hins vegar ýmsir halda því fram að tími plötufyrirtækjanna sé liðinn. Menn geta gefið út sjálfir og dreift. Eða hvað? Tónlistin hefur aldrei verið aðgengilegri. Þú getur nálgast hvað sem er á netinu. Strax. Það eru samt tvö stór vandamál sem fylgja öllu þessu aðgengi. Í fyrsta lagi hefur reynst erfitt að finna leið til þess að tónlistarmenn fái greitt fyrir tónlistina sína á netinu. Það er allt fullt af ókeypis tónlist þannig að það þarf hreinlega enginn að borga krónu. Í öðru lagi er framboðið svo gríðarlegt að það er erfitt að velja það besta úr. Á Myspace eru til dæmis nokkrar milljónir tónlistarmanna.

Án efa finnast lausnir á þessum vandamálum báðum, með eða án þátttöku plötufyrirtækja. Það er fullt af fólki og fyrirtækjum að leita nýrra leiða. Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar stendur fyrir alþjóðlegri ráðstefnu um þessi mál á Hótel Sögu 15.-16. október næstkomandi. Sú ráðstefna ber heitið You Are in Control og þar taka til máls fjölmargir sérfræðingar, bæði innlendir og erlendir. Nánari upplýsingar má finna á www.icelandmusic.is. Spennandi...

Í FYRSTA SKIPTI SAMAN Á MYND SÍÐAN 1986 Þegar Mamma Mia var frumsýnd í Stokkhólmi hittist ABBA-fólkið aftur og lét mynda sig ásamt helstu leikurum myndarinnar á svölum Rival-hótelsins.

Allir elska ABBA!

Nú ríkir Abba-fár sem aldrei fyrr þótt liðin séu 25 ár frá því að bandið hætti. Hér eru tuttugu atriði sem þú vissir (líklega) ekki um ABBA.

■ Á sjöunda áratugnum var Björn Ulvaeus í þjóðlagabandinu The Hootenanny Singers og Benny Andersson í bítlagrúppunni The Hep Stars. Böndin spiluðu stundum saman og strákarnir kynntust í samkvæmi 1966 og ákváðu að reyna að semja lög saman. The Hep Stars spiluðu það fyrsta, „Isn't It Easy to Say", inn á plötu sama ár.

■ Agnetha Fältskog var ekki nema sautján ára þegar hún samdi lagið „Jag var så kär" um kærasta sem hún var nýhætt með. Lagið fór á topp vinsældalistans í Svíþjóð 1967.

■ Norðmaðurinn Frida (Anni-Frid) Lyngstad gekk þrettán ára gömul í fyrstu hljómsveitina sína. Hún fluttist til Svíþjóðar með ömmu sinni og var orðin þekkt sólóstjarna, eins og Agnetha, fyrir ABBA.

■ Eftir að bæði The Hep Stars og The Hootenanny Singers höfðu lagt upp laupana ákváðu Björn og Benny að gefa saman út plötuna Lycka árið 1970. Þar sungu kærusturnar þeirra, Agnetha og Frida, bakraddir í laginu „Hej gamle mand". Það lag markar upphaf ABBA.

■ Umboðsmaðurinn Stig Andersson lagði áherslu á Eurovision. Benny og Björn sendu því lag í sænsku forkeppnina 1971, „Säg Det Med En Sång" sem Lena Andersson söng. Það lenti í þriðja sæti.

PLATAN LYCKA MEÐ BJÖRN OG BENNY Á þessari plötu frá 1970 þóttu strákarnir undir miklum áhrifum frá Brian Wilson.

FYRSTA ABBA-BARNIÐ Elin Linda Ulvaeus kom í heiminn 23. febrúar 1973.

■ Hljómsveitin reyndi aftur við Eurovision tveimur árum síðar með laginu „Ring Ring". Það varð líka í þriðja sæti í sænsku forkeppninni.

■ Frægðarför ABBA byrjaði af hógværð. Lagið „People Need Love", sem stílað var á hið óþjála hljómsveitarnafn „Björn & Benny, Agnetha & Anni-Frid" komst í 17. sæti í Svíþjóð 1972. Lagið kom út í Bandaríkjunum hjá smáfyrirtækinu Playboy Records og var þar stílað á Björn & Benny (with Svenska Flicka).

■ ABBA-nafnið var tekið upp 1973. Sænska fiskvinnslufyrirtækið ABBA gaf hljómsveitinni ABBA leyfi til að heita ABBA af því fiskvinnslan var ekki í útflutningi á afurðum sínum.

■ Björn og Agnetha eignuðust dóttur árið 1973 og son árið 1977. Fridu og Benny varð ekki barna auðið saman.

■ Michael Trekow hafði mikil áhrif á ABBA-sándið og má jafnvel segja að hann sé fyrir ABBA það sama og George Martin var fyrir Bítlana. Michael tók „hljóðvegg" Phils Spector sér til fyrirmyndar.

■ Heimsfrægð ABBA varð ekki eins skjót eftir Eurovision-sigurinn 1974 og sveitin hafði ímyndað sér. Hljómsveitin fór í Evróputúr fljótlega eftir sigurinn en þurfti að hætta við nokkra tónleika vegna miðasölutregðu.

■ Bandið hélt áfram að dæla út snilldarlögunum. Ástralir kveiktu einna fyrstir á ABBA-perunni. Englendingar tóku bandið snemma upp á arma sína sem og aðrar Evróputhjóðir. Loks kveiktu Bandaríkjamenn á perunni og ABBA urðu alheims stórstjörnur.

■ Árið 1976 eyddi pólska ríkisstjórnin öllum fjárheimildum sínum til vestrænnar popptónlistar í ABBA. Það var samt ekki nóg til að anna eftirspurn.

■ Árið 2006 tilkynnti Universal-útgáfan að ABBA hefði selt 370 milljón plötur á heimsvísu. Það ár hafði safnplatan ABBA Gold selst í 26 milljón eintökum.

■ Frægðin setti sitt mark á hjónaböndin. Björn og Agnetha skildu árið 1979 og Benny og Frida árið 1981. Samböndin höfðu lengi verið stirð.

■ Sjaldgæfasta ABBA-platan er smáskífa með laginu „Hovas Vittne". Lagið var samið og tekið upp fyrir fimmtugsafmæli Stig Andersson og gefið út í 200 eintökum á rauðum vínyl. Plötunni var dreift til afmælisgesta.

■ ABBA hafa verið boðnar ótrúlega háar upphæðir fyrir að koma saman aftur. „Við höfum aldrei gert „kommbakk"," sagði Björn við eitt slíkt tækifæri. „Eiginlega allar aðrar hljómsveitir hafa gert „kombakk", það eru ákveðin skilaboð fólgin í því."

■ Benny Anderssons Orkester var stofnuð 2001. Sveitin, sem er oft allt að tuttugu manna, spilar gamaldags sveitaballatónlist og hefur gert fjórar plötur. Benny spilar á harmóníku í bandinu. Það spilar ekki oft og jafnan er mikil eftirsókn í miða.

■ ABBA-safn verður opnað í Stokkhólmi áður en langt um líður. Búið er að hanna margmiðlunarsýningu og safna saman safngripum, en húsnæði er enn ófundið.

■ Meðal ólíklegra ABBA-aðdáenda eru Óttarr Proppé, Magga Stína og Björk; Moby, Joey Ramone, Kurt Cobain, Pete Townshend, Sid Vicious, strákarnir í Kiss og Metallica og golfstjarnan Tiger Woods!

AÐRIR AUKATÓNLEIKAR
LAUGARDAGINN 11. OKTÓBER KL. 16:00

MIÐASALA HEFST Í DAG KL. 10:00

8,000 MIÐAR SELDUST UPP Á INNAN VIÐ ÞREMUR KLUKKUSTUNDUM Á FYRSTU TVO TÓNLEIKANA

Þú færð nýja lagið **Tölum saman** með **Vilhjálmi Vilhjálmssyni** á Tónlist.is

Sérstakir gestir: **Helena Eyjólfsdóttir** og **Þorvaldur Halldórsson**

Minningar

TÓNLEIKAR

VILHJÁLMUR VILHJÁLMSSON

10. OG 11. OKTÓBER • LAUGARDALSHÖLL

LANDSLIÐ SÖNGVARA · 10 MANNA HLJÓMSVEIT · KÓRAR · STRENGJASVEIT

BJÖRGVIN HALLDÓRSSON · BUBBI · DIDDÚ · EGILL ÓLAFSSON · LADDI

ELLEN KRISTJÁNSDÓTTIR · GUÐRÚN GUNNARSDÓTTIR · HELGI BJÖRNS · JÓHANN VILHJÁLMSSON

JÓNSI · KK · LAY LOW · PÁLL RÓSINKRANZ · RAGNHEIÐUR GRÖNDAL · STEFÁN HILMARSSON

VÍKING Léttöl · FK FJARÐARKAUP · BYLGJAN 989 · Miðasala á midi.is og á sölustöðum Miða.is · bravó! Góðar stundir

> **BRITNEY Í X-FACTOR**

Britney Spears mun flytja lagið Womanizer, fyrstu smáskífuna af væntanlegri plötu sinni, í breska X-factor þættinum í desember. Aðstandendur þáttarins gleðjast mjög yfir þessu samstarfi og búast við því að áhorfendatölur rjúki upp úr öllu valdi, enda hlakka margir til að sjá Britney upp á sitt besta.

fólk

folk@frettabladid.is

Enn meiri Beðmál á leiðinni

Aðdáendur Sex and the City geta heldur betur glaðst. Nú þegar er farið að undirbúa nýja Sex and the City-mynd, í kjölfar þeirra gríðarlegu vinsælda sem myndin sem kom út nú í ár vakti, og hyggst höfundur bókanna á bak við þáttaröðina nú bæta við höfundarverkið.

Candace Bushnell áformar að skrifa tvær bækur um Carrie Bradshaw, sem Sarah Jessica Parker leikur, en þær eiga að gerast á unglingsárum hennar og bera heitið „The Carrie Diaries“.

„The Carrie Diaries munu fara með lesendur á mótunarár Carrie í menntaskóla og veita þeim innsýn í vinasambönd hennar, ástarsambönd og hvernig hún gerði rithöfundardraum sinn að veruleika,“ segir í kynningu frá útgefendunum, HarperCollins. „Carrie í menntaskóla fylgdi ekki straumnum, hún var fyrst,“ segir Candace sjálf. „Þar byrjaði hún að fylgjast með og tjá sig um samskipti fólks,“ bætir hún við.

Bækurnar eru væntanlegar á markað árið 2010, en ekki er vitað hvenær má eiga von á framhaldsmynd. „Warner Brothers Newline hefur mikinn áhuga á að gera aðra Sex and the City-mynd, og ég held að það sé verið að púsla henni saman núna, með aðstoð okkar,“ sagði sjónvarpsstjóri HBO, sem sýndi þættina upprunalega. „Hvenær það verður að veruleika veit ég hins vegar ekki,“ bætti hann við.

MEIRI CARRIE Candace Bushnell vinnur nú að tveimur bókum um unglingsár söguhetjunnar Carrie Bradshaw, hér í örmum Mr. Big.

MISSA AF AIRWAVES Sign verður ekki á landinu þegar Airwaves-hátíðin fer fram.

Sign ekki á Airwaves í ár

Hljómsveitin Sign verður ekki á Airwaves þetta árið, en sveitin hefur verið fastagestur á hátíðinni um skeið. „Við verðum ekki á Íslandi þegar Airwaves er. Við verðum úti í Englandi að spila,“ segir Ragnar Sólberg, söngvari og gítarleikari.

Þetta verður í fyrsta skipti í fjögur, fimm ár sem Sign missir af hátíðinni, að sögn Ragnars. „Það er kannski kominn tími til að hleypa einhverjum öðrum að.“

En er ekkert skrítið að missa af þessum árlega stórviðburði? „Það er það, það er skrítið að vera ekki til staðar en það verður allt í lagi. Við verðum á tónleikaferðalagi með hljómsveit sem heitir Aiden og ferðumst um England, akkúrat á þessum tíma.“

Sign ferðast með Aiden allan októbermánuð og eru þrettán tónleikar á fimmtán dögum skipulagðir í Bretlandi, frá 1. til og með 15. október. Þá eru tólf tónleikar fyrirhugaðir seinni hluta mánaðarins, 16.-31. október, en spilað verður í Svíþjóð, Finnlandi, Þýskalandi, Austurríki og Hollandi. **- kbs**

STORMASAMT SAMBAND Samkvæmt heimildum tímaritsins Star er samband Nicole Richie og Joel Madden ekki á grænni grein. NORDICPHOTOS/GETTY

Nicole rauk að heiman

Ekki ku allt vera með felldu hjá turtildúfunum Nicole Richie og Joel Madden. Tímaritið Star heldur því fram að Nicole hafi yfirgefið heimili þeirra eftir heiftarlegt rifrildi á dögunum og haldið heim til móður sinnar með dóttur þeirra, Harlow, með í för. Hún sneri þó aftur heim degi síðar, en heimildarmaður blaðsins segir hana með þessum hætti hafa ætlað að „senda Joel ákveðin skilaboð“.

Samband parsins mun vera nokkuð stormasamt og ekki er meira en vika síðan að Nicole reiddist unnusta sínum mög, eftir að hann sást í félagsskap leikkonunnar Mischu Barton í eftirpartíi eftir VMA-verðlaunahátíðina.

Okkur að kenna

Nú hefur danska dreifingarfyrirtækið Trust Nordisk selt dönsku gamanþættina Klovn til allra Norðurlandanna. Í fréttatilkynningu frá fyrirtækinu kennir það Íslendingum um þessar óvæntu vinsældir en RÚV var fyrst norrænna stöðva til að kaupa hina óborganlegu þætti Caspers Christensen og Franks Hvam. Eftir að fyrsta árið gekk vel á RÚV og stöðin keypti fjórar raðir til fóru aðrar stöðvar á Norðurlöndunum að veita Klovn athygli. Trust Nordisk segir þá félaga hetjur á Íslandi. Aldrei fyrr hefur dönsk gamanþáttasería farið eins víða og ætla söluaðilar sér að koma þáttunum víðar í ljósi þessara norrænu vinsælda og setja markið á Mipcom-markaðinn í október.

Fyrsta röðin af Klovn kemur út í vikunni á vegum Sammynda.

- pbb

Íslenskt óveður í auglýsingu

Tökur á nýrri auglýsingu fyrir drykkinn Actimel frá franska mjólkurvöruframleiðandanum Danone fóru nýverið fram við gatnamót Austurstrætis og Pósthússtrætis.

Íslenska fyrirtækið Á ís, sem einnig kallast On the Rocks, sá um framleiðsluna en auglýsingin er ætluð fyrir þýskan markað. „Þetta gekk allt rosalega vel. Allir útlendingarnir og kúnnarnir fóru mjög ánægðir af landi brott," segir Pétur Sigurðsson hjá Á ís.

Þrátt fyrir töluverða gjólu við tökurnar var notuð vindvél, sem er frekar sjaldgæft hér á landi. „Við vorum með stærstu gerðina. Þau vildu hafa brjálað rok og rigningu til að minna fólk á að taka þennan drykk fyrir haust- og vetrarveðrið því hann á að styrkja ónæmiskerfið."

Pétur reiknar með að auglýsingin verði frumsýnd í Þýskalandi um næstu mánaðamót. Leikstjóri hennar er Þór Ómar Jónsson og með aðalhlutverkið fer Þórunn Lárusdóttir. - fb

ROK OG RIGNING Sérstök vindvél var notuð við tökur á auglýsingunni, sem verður sýnd í Þýskalandi á næstunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Snúðar með partí

Vinahópurinn Someone Else, sem samanstendur af fjórum plötusnúðum og aðstoðarmönnum þeirra, heldur sitt fyrsta partí á skemmtistaðnum Q Bar á laugardagskvöld.

Hópurinn ætlar að vera duglegur við skemmtanahald á næstunni og lofar mikilli skemmtun þetta fyrsta kvöld. Plötusnúðarnir sem munu þeyta skífum nefnast DJ Karíus og Baktus, DJ Shaft og Yamaho og spila þeir latin-, teknó-, og neosálartónlist.

„Someone Else byrjaði þannig að við héldum Studio 54-kvöld á Q Bar sem heppnaðist rosalega vel. Þeir sem reka staðinn vildu halda fleiri svona kvöld og þá sáum við að þetta væri eitthvað sem vantaði í skemmtanalífið," segir Hildur Sif Kristborgardóttir, sem sér um almannatengsl fyrir hópinn.

SOMEONE ELSE Efri röð frá vinstri: Agatha, Hildur Sif, Birna Sif og Natalie. Neðri röð frá vinstri: Skapti, Heimir, Raffi og Óli Hjörtur.

Someone Else hefur á stefnuskránni að flytja inn erlenda plötusnúða og jafnvel spila erlendis en þær hugmyndir eru enn á vinnslustigi. Partíið á Q Bar á laugardag hefst klukkan 22 og er frítt inn. - fb

GENGUR BETUR Cheryl Cole hefur aftur sett upp giftingarhringinn, svo eitthvað virðist hjónaband hennar og Ashley Cole ganga betur.

Ashley lærir af mistökum

Cheryl Cole, eiginkona fótboltamannsins Ashley Cole, er nú loks farin að skarta giftingarhring sínum aftur. Þau hjúin komust í fréttirnar fyrr á árinu eftir að breskir fjölmiðlar afhjúpuðu ítrekað framhjáhald Ashleys. Cheryl, sem sjálf er þekkt úr hljómsveitinni Girls Aloud, fór frá honum um tíma, en ákvað síðar að gefa honum og hjónabandinu annað tækifæri.

Cheryl skartar hringnum í viðtalsþættinum Friday Night with Jonathan Ross, þar sem hún talar einnig um álagið sem fylgir því að vera undir smásjá fjölmiðla. „Það er ekki til neitt einkalíf í þessum bransa. Ég hef talað opinskátt um hjónaband mitt í fortíðinni, sem mér hegnist fyrir núna. Ég er búin að læra að maður á ekki að gera það," segir Cheryl, sem kveðst halda að almenningur trúi því ekki að „fræga fólkið" hafi tilfinningar. „Fólk þarf að slaka aðeins á og átta sig á því að við erum líka mannleg," segir hún.

Rokkari háður svefnlyfjum

Pete Wentz, bassaleikari í sveitinni Fall Out Boy og eiginmaður Ashlee Simpson, getur ekki sofið án aðstoðar svefnlyfja. Wentz þjáist af svefnleysi, kvíða, athyglisbresti og þunglyndi og getur ekki sofið lengur en í klukkutíma án aðstoðar lyfja.

„Ef ég tek ekki Ambien [töflu], sef ég í klukkutíma. Með Ambien get ég sofið frá 2 til 7. En ef maður sofnar ekki af lyfinu fer maður að sjá ofsjónir. Fyrir um fjórum mánuðum tók ég Ambien og kveikti næstum því í húsinu," segir tónlistarmaðurinn í nýlegu viðtali við tímaritið Playboy.

Þar sem Ashlee ber nú fyrsta barn þeirra hjónakorna undir belti fer hún töluvert fyrr í bólið, sem gerir Pete nokkuð einmana. „Hún fer upp í rúm klukkan átta... svo þá er ég bara einn með hundunum. Þú getur ekki ímyndað þér hvað spjallað er um þá," segir Wentz.

Bíó fyrir ungt fólk

Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík býður upp á nýjan dagskrárlið í ár fyrir ungt fólk og börn á aldrinum 5 til 25 ára, sem kallast Mínus25. Dagskrárliðir Mínus25 fara fram í Hinu húsinu og Norræna húsinu á meðan á hátíðinni stendur (25. september til 5. október). Yfir 150 ungmenni hafa nú þegar skráð sig á hin ýmsu námskeið sem Mínus25 hefur upp á að bjóða. Á stuttmyndanámskeiði verða meðal leiðbeinenda handritshöfundurinn Margrét Örnólfsdóttir og leikstjórarnir Ari Kristinsson og Grímur Hákonarson. Einnig verður samkeppni í kvikmyndatónlist og hafa þegar um tuttugu krakkar skráð sig til leiks. Í Norræna húsinu verður síðan skemmti- og fræðsludagskrá fyrir unga kvikmyndagerðarmenn. Meðal fyrirlesara verður danska leikkonan Paprika Steen, leikstjórinn Dagur Kári Pétursson og franski handritshöfundurinn Philippe Claudel.

DAGUR KÁRI PÉTURSSON Dagur Kári verður meðal fyrirlesara á Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík.

HELGI BJÖRNSSON Helgi Björnsson stígur á svið með tveimur hljómsveitum á Nasa á laugardagskvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Sólin og Reiðmenn saman

Reiðmenn vindanna spila í fyrsta skipti í höfuðborginni annað kvöld. Gestir á Nasa fá SSSól í kaupbæti.

„Þetta verður rosalega skemmtilegt," segir Helgi Björnsson, sem stígur á svið með tveimur hljómsveitum á Nasa á laugardagskvöld, annars vegar SSSól og hins vegar Reiðmönnum vindanna. Hljóðfæraleikararnir verða reyndar þeir sömu í báðum tilvikum, fyrir utan þá Matthías Stefánsson og Kjartan Valdimarsson sem verða aukamenn hjá Reiðmönnum vindanna. „Þetta verður tvískipt. Við setjum kúrekahattana upp og tökum smá kántrífíling og svo verða gömlu Sólarsmellirnir settir í gang, svona best-of Sólin."

Eitt ár er liðið síðan SSSól spilaði síðast í höfuðborginni en um síðustu helgi spilaði hún á Búðum þar sem hún rifjaði upp gamla takta. Reiðmenn vindanna eru aftur á móti að spila í fyrsta sinn í borginni og segir Helgi að þrýstingur hafi verið kominn á spilamennskuna. Kemur það ekki á óvart þar sem fyrsta plata sveitarinnar, Ríðum sem fjandinn, hefur slegið rækilega í gegn og selst í um sex þúsund eintökum.

Helgi hefur í nógu að snúast þessa dagana því hann er einnig að leika í kvikmyndinni Reykjavík Whale Watching Massacre sem Júlíus Kemp leikstýrir. Tökum á henni lýkur í lok september og eftir það flýgur Helgi til Berlínar þar sem hann ætlar að opna nýjan næturklúbb í leikhúsbyggingu sinni.

Tónleikarnir á Nasa á laugardag hefjast eftir miðnætti og er miðaverð 1.500 krónur. **freyr@frettabladid.is**

SAMBÍÓIN

ÁLFABAKKA

CHARLIE BARTLETT	kl. 5:50 - 8:10 - 10:30	12
JOURNEY 3D DIGITAL-3D	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	L
DEATH RACE	kl. 8 - 10:10	16
TROPIC THUNDER	kl. 5:50 - 8:10 - 10:30	16
SVEITA BRÚÐKAUP	kl. 3:40 - 5:50 - 8:20	L
DARK KNIGHT	kl. 5:30 - 10:30	12
DARK KNIGHT	kl. 5:50 - 8:40	VIP
STAR WARS	kl. 3:40	L
WALL-E m/ísl. tali	kl. 3:40	L
KUNG FU PANDA m/ísl. tali	kl. 3:40	L

KRINGLUNNI

CHARLIE BARTLETT	kl. 5:50 - 8 - 10:10	12
JOURNEY 3D DIGITAL-3D	kl. 3:50 - 6 - 8:10 - 10:20	L
SMART PEOPLE	kl. 8 - 10:10	12
GET SMART	kl. 3:40 - 5:50	L
WALL-E m/ísl. tali	kl. 3:40D	L

SELFOSS

TROPIC THUNDER	kl. 8	16
DEATH RACE	kl. 10:20	16
SVEITA BRÚÐKAUP	kl. 8	L
THE STRANGERS	kl. 10:20	16
GRÍSIRNIR ÞRÍR m/ísl. tali	kl. 6	L
MAMMA MÍA	kl. 5:50	L

AKUREYRI

MIRRORS	kl. 8 - 10:10	16
SVEITABRÚÐKAUP	kl. 8	L
DEATH RACE	kl. 10:10	16

KEFLAVÍK

STEP BROTHERS	kl. 8 - 10:10	12
MAMMA MÍA	kl. 5:50	L
GRÍSIRNIR ÞRÍR m/ísl. tali	kl. 6	L
SVEITABRÚÐKAUP	kl. 8	L
DEATH RACE	kl. 10:10	16

NÝTT Í BÍÓ!

PINEAPPLE EXPRESS – Troddu þessu í pípuna og reyktu það! – SUPERBAD – LÚXUS – 16

Brideshead Revisited – Mögnuð mynd byggð á samnefndri bók eftir Evelyn Waugh. Öllum freistingum fylgja afleiðingar.

MIRRORS – ILLIR ANDAR HERJA Á FJÖLSKYLDU HANS! KIEFER SUTHERLAND Í MAGNAÐRI SPENNUMYND! – ALLS EKKI FYRIR VIÐKVÆMA! – 16

STEP BROTHERS – 12 – L

TROPIC THUNDER – FRÁ BEN STILLER KEMUR EIN KLIKKAÐASTA GRÍNMYND ÁRSINS! – 16

MAMMA MIA! – YFIR 100.000 MANNS – Ó.H.T, RÁS 2 – L

GRÍSIRNIR ÞRÍR – 550 kr. fyrir börn – 650 kr. fyrir fullorðna – L – Frábæra teiknimynd fyrir alla fjölskylduna með íslensku tali.

JOURNEY TO THE CENTER OF THE EARTH – L

MAKE IT HAPPEN – L

SKRAPP ÚT – 12

Sveitabrúðkaup – L

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000

PINEAPPLE EXPRESS D	kl. 5.30 - 8 - 10.30	16
PINEAPPLE EXPRESS LÚXUS - D	kl. 5.30 - 8 - 10.30	16
MIRRORS	kl. 8 - 10.30	16
STEP BROTHERS	kl. 5.45 - 8 - 10.15	12
MAKE IT HAPPEN	kl. 4 - 6	L
MAMMA MIA	kl. 5.30 - 8 - 10.30	L
GRÍSIRNIR 3	kl. 4	L

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 – 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

STEP BROTHERS	kl. 5.45 - 8 - 10.30	12
TROPIC THUNDER	kl. 5.30 - 8 - 10.30	16
MAKE IT HAPPEN	kl. 8 - 10.20	L
SKRAPP ÚT	kl. 6 - 8 - 10	12
GRÍSIRNIR 3	kl. 6	L

5%

HÁSKÓLA BÍÓ SÍMI 530 1919

PINEAPPLE EXPRESS	kl. 5.30 - 8 - 10.30	16
BRIDESHEAD REVISITED	kl. 6 - 9	12
MIRRORS	kl. 10.30	16
SVEITABRÚÐKAUP	kl. 5.45 - 8	L
MAMMA MIA	kl. 5.30 - 8 - 10.30	L
MAMMA MIA SING A LONG	kl. 8 -	

5%

allar myndir - allar sýningar - alla daga

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

PINEAPPLE EXPRESS	kl. 8 - 10	16
JOURNEY TO THE CENTER EKKI Í 3D	kl. 6 -8	12
STEP BROTHERS	kl. 10	L
MAMMA MIA	kl. 6	L

5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI – AUKAKRÓNUR

Nýtt í bíó – LAUGARÁS BÍÓ – Sími: 553 2075 – bara lúxus

PINEAPPLE EXPRESS – SUPERBAD

UPPLIFÐU FERÐINA TIL MIÐJU JARÐAR Í 3D – real D 3D – DOLBY DIGITAL – MYND OG HLJÓÐ – T.S.K. – 20 stundir – V.J.V - Topp5.is/FBL – S.V - MBL – BRENDAN FRASER – JOURNEY TO THE CENTER OF THE EARTH

MAMMA MIA! – STÆRSTA MYND ÁRSINS YFIR 100.000 GESTIR

GRÍSIRNIR ÞRÍR – TROPIC THUNDER

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM!

LAUGARÁS BÍÓ – SÝNINGARTÍMAR

PINEAPPLE EXPRESS	kl. 5.45, 8 og 10.15	16
JOURNEY 3D - DIGITAL 3D	kl. 4, 6 og 8	L
GRÍSIRNIR ÞRÍR	kl. 4	L
MAMMA MIA	kl. 4, 6.30 og 9	L
TROPIC THUNDER	kl. 10.15	16

SparBíó – föstudag – SAMbio.is – SAMBÍÓIN

JOURNEY 3D – 850kr – kl. 3.40 í Álfabakka, kl. 3.50 í Kringlunni

STAR WARS – 550kr – kl. 3.40 í Álfabakka

WALL-E ísl. tal. – 550kr – kl. 3.40 í Álfabakka, kl. 3.40 í Kringlunni

GET SMART – 550kr – kl. 3.40 í Kringlunni

MAMMA MIA – 550kr – kl. 5.50 á Selfossi, kl. 5.50 í Keflavík

ALLTAF 750 kr. í bíó

ef þú borgar með KORTINU

Gildir í öllum kvikmyndahúsum Sambíóanna

Sæktu um á kaupthing.is/kortid

KAUPÞING – Hugsum lengra – KORTIÐ

TÓNLIST

Hvar er Mjallhvít?

Hvar er Mjallhvít?

★★

Efnilegt byrjendaverk með gamaldags tónlist.

Efnilegt

Strákarnir í hljómsveitinni Hvar er Mjallhvít? eru efnilegir hljóðfæraleikarar, það heyrist langar leiðir, en eiga nokkuð í land til að geta talist góðir laga- og textasmiðir. Músíkin minnir oft á bönd eins og Ný dönsk og Spilverkið, jafnvel Mannakorn og Mezzoforte. Á heimasíðu sinni segjast þeir meðal annars vera undir áhrifum frá Toto og The Police og það heyrist stundum í gítarsándi og spileríi.

Þetta er gamaldags plata, sem þarf ekki að vera neikvætt, en strákarnir mættu samt alveg líta sér nær í tíma, þótt ekki nema væri til annars en að uppfæra hljóðheim sinn og stíl.

„Ég kalla allt ömmu mína“, þar sem rokkað er stífast, er fínt, og „Að verð‘ eins og hann“ með lyftulegu saxófón-sólói og skondnum söngkafla er ágætt. Umslagið er ágætlega heppnað og þeir fá plús fyrir að syngja á íslensku.

Það er ekki spurning að með áframhaldandi pælingum og þjálfun smellur allt saman hjá strákunum. Ég er viss um að ef þeir halda áfram munu þeir líta á þessa fyrstu plötu sína sem skondið byrjendaverk, sem þeim þykir vænt um, en roðna samt smá yfir líka.

Dr. Gunni

VÍSIR.IS
"...ég sá það á vísi"

> Arnar og Bjarki líklega áfram

Gísli Gíslason, formaður meistaraflokksráðs ÍA, var daufur í bragði í leikslok í gær en sagði að nú tæki við mikið uppbyggingarstarf hjá félaginu. „Þetta er náttúrlega mjög súrt, núna loksins þegar þessi dagur er upp runninn. En þetta er í þriðja sinn sem ÍA fellur og við erum ákveðnir í að koma sterkari til baka og súra bragðið hverfur vonandi fljótt," segir Gísli, sem staðfesti að viðræður um að þjálfararnir Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir héldu áfram með Skagaliðið væru þegar hafnar og hann reiknaði með því að gengið yrði frá því fyrr en síðar. Bræðurnir hafa áður lýst því yfir að þeir vilji halda áfram með liðið.

sport
sport@frettabladid.is

SIGMUNDUR KRISTJÁNSSON ÞRÓTTARI: EKKERT OF SÁTTUR ÞÓ SVO AÐ ÞRÓTTUR HALDI SÆTI SÍNU Í EFSTU DEILD

Mér er í raun skítsama um þennan leik

Þróttarar tryggðu sæti sitt í Landsbankadeildinni í gær þrátt fyrir að hafa tapað fyrir Val 2-0 á Vodafone-vellinum. „Mér er í raun skítsama um þennan leik þar sem við vorum að tryggja sæti okkar í deildinni," sagði Sigmundur Kristjánsson, leikmaður Þróttar, þegar hann var nýbúinn að fagna ásamt félögum sínum og stuðningsmönnum.

„Það er ekki oft sem maður fagnar eftir tapleiki. Við vorum ágætir í fyrri hálfleik en í seinni hálfleik vorum við bara úti að skíta. Það var HK sem hjálpaði okkur að ná markmiðinu. Við erum samt ekki hættir og stefnum að sjálfsögðu á að vinna þá tvo leiki sem eftir eru," sagði Sigmundur.

Bjarki Guðmundsson, markvörður Þróttar, fékk að líta gula spjaldið undir lok leiksins. Það var hans fjórða gula spjald í sumar og því ljóst að hann fer í leikbann. „Bjarki hljóp að miðlínunni til að fá sér vatn. Dómarinn vildi meina að hann væri að mótmæla og gaf honum spjald. Ég stóð þarna hjá og veit að Bjarki sagði ekkert," sagði Sigmundur um atvikið.

Bjarki var allt annað en sáttur við gula spjaldið, missti stjórn á skapi sínu og fékk rautt eftir leikinn. Þegar hann var á leið inn í klefa kýldi hann plast sem var í loftinu við innganginn með þeim afleiðingum að það brotnaði. Rasmus Hansen, leikmaður Vals, fékk einnig rauða spjaldið en það var fyrir gróft brot undir lok leiksins.

Willum Þór Þórsson, þjálfari Vals, var sáttur við sigurinn. „Það var mikill kraftur í okkur fyrstu mínútur seinni hálfleiksins og það skóp þennan sigur. Fram undan hjá okkur er einn af úrslitaleikjunum um Evrópusætið þegar við mætum Fram og við verðum að koma tilbúnir í þann leik," sagði Willum.

Leikurinn í gær var ekki mikil skemmtun fyrir utan fyrstu sex mínútur seinni hálfleiks þegar Helgi Sigurðsson og Guðmundur Steinn Hafsteinsson skoruðu mörkin tvö en sá síðarnefndi var að skora sitt fyrsta mark í Landsbankadeildinni. **- egm**

Sagan endurtók sig eftir átján ár

ÍA féll úr efstu deild í þriðja sinn í sögu félagsins eftir markalaust jafntefli gegn KR á heimavelli. KR-ingar voru líka örlagavaldar þegar ÍA féll síðast, árið 1990. Skagamenn ætla að stokka upp og endurbyggja liðið.

Valur	2-0	Þróttur

Vodafonev., áhorf.: Óuppgefið. Magnús Þórisson (7)

1-0 Guðmundur Hafsteinsson (47.)
2-0 Helgi Sigurðsson (51.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	9–6 (3–1)
Varin skot	Kjartan 1 – Bjarki Freyr 1
Horn	6–4
Aukaspyrnur fengnar	12–9
Rangstöður	5–1

VALUR 4–4–2		ÞRÓTTUR 4–3–3	
Kjartan Sturluson	6	Bjarki F. Guðmunds.	6
Rasmus Hansen	6	Eysteinn Lárusson	5
Atli S. Þórarinsson	6	Michael Jackson	5
Barry Smith	6	Þórður Hreiðarsson	6
Bjarni Ó. Eiríksson	5	Kristján Ó. Björnsson	5
Hafþór Æ. Vilhjálms.	4	Rafn Andri Haralds.	4
(46., Baldur Aðalst.)	7)	(60., Hjörtur Hjartar.)	5)
Baldur Bett	5	Hallur Hallsson	3
Sigurbjörn Hreiðars.	7	(60., Adolf Sveins.)	6)
Guðm. Hafsteinsson	7	Dennis Danry	7
Guðm. Benediktsson	7	Andrés Vilhjálms.	5
(67., Henrik Eggerts)	6)	(70., Magnús Lúðv.)	5)
***Helgi Sigurðsson**	**8**	Jesper Sneholm	4
(88., Baldur Þorólfs.)	-)	Sigmundur Kristjáns.	6

**Maður leiksins*

ÍA	0-0	KR

Akranesv., áhorf.: Óuppgefið. Eyjólfur Kristinsson (6)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	11–21 (5–5)
Varin skot	Trausti 4 – Stefán Logi 3
Horn	3–7
Aukaspyrnur fengnar	15–19
Rangstöður	0–2

ÍA 4–3–3		KR 4–4–2	
***Trausti Sigurbjö.**	**7**	Stefán L. Magnússon	6
Árni T. Guðmunds.	7	Skúli J. Friðgeirsson	6
Heimir Einarsson	7	Gunnlaugur Jónsson	6
Helgi P. Magnússon	5	Grétar S. Sigurðarson	7
Guðjón Sveinsson	6	Guðm. R. Gunnarsson	6
Guðm. B. Guðjóns.	6	Gunnar Örn Jónsson	6
Bjarki Gunnlaugsson	7	(73., Atli Jóhanns.	-)
Jón Vilhelm Ákason	6	Jónas Guðni Sævars.	7
(78., Árni Pjeturs.	-)	Bjarni Guðjónsson	7
Björn Bergmann	6	(80., Guðm. Péturs.	-)
Stefán Þórðarson	6	Viktor B. Arnarsson	6
Arnar Gunnlaugsson	5	(82., Óskar Hauks.	-)
(62., Þórður Guðj.	6)	Guðjón Baldvinsson	7
		Björgólfur Takefusa	5

**Maður leiksins*

STAÐA EFSTU OG NEÐSTU LIÐA:

1. Keflavík	**20**	**14**	**4**	**2**	**51:26**	**46**
2. FH	19	12	2	5	42:23	38
3. Valur	**20**	**11**	**2**	**7**	**33:25**	**35**
4. Fram	20	11	1	8	27:19	34
5. KR	**20**	**10**	**3**	**7**	**32:21**	**33**
9. Þróttur	20	5	7	8	26:40	22
10. Fylkir	**20**	**5**	**4**	**11**	**21:36**	**19**
11. HK	20	4	3	13	23:43	15
12. ÍA	**20**	**2**	**6**	**12**	**17:42**	**12**

HREINT hugsar vel um sína!
Fagleg ræsting fyrirtækja og stofnana
Hreint RÆSTING
• Reykjavík • Akureyri • Selfossi
Sími 554 6088 • hreint@hreint.is • www.hreint.is

SVEKKTUR Þórður Guðjónsson átti erfitt með að leyna gremju sinni eftir leikinn og kvartaði í dómurunum.
FRÉTTABLAÐIÐ/EIRÍKUR

VIÐ FÖRUM BARA UPP NÆSTA SUMAR Þetta gæti Gísli Gíslason, formaður rekstrarfélags ÍA, verið að segja við ungu mennina Arnar Thor og Helga Pétur er þeir gengu af velli í gær eftir að hafa fallið í 1. deild.
FRÉTTABLAÐIÐ/EIRÍKUR

FÓTBOLTI Það er enginn uppgjafartónn í Skagamönnum þrátt fyrir að félagið hafi í gærkvöld endanlega fallið í 1. deild eftir 0-0 jafntefli við KR á Akranesvelli.

„Þetta var fínn leikur sem var reyndar spilaður við erfiðar aðstæður. Úrslit úr öðrum leikjum urðu eins og við þurftum en þetta féll ekki með okkur gegn KR og við náðum ekki að setja þetta eina mark sem til þurfti," segir Þórður Guðjónsson, leikmaður og framkvæmdastjóri ÍA.

Lítið var um opin marktækifæri framan af leik á Akranesvelli en í seinni hálfleik fékk hvort liðið um sig ágæta möguleika til þess að hirða öll stigin þrjú. En allt kom fyrir ekki og jafntefli var í raun vond úrslit fyrir bæði lið þar sem Skagamenn þurftu sigur til þess að eygja von um að bjarga sér frá falli og KR-ingar eru í harðri baráttu um þriðja sæti deildarinnar.

„Þetta jafntefli gerði vissulega lítið fyrir bæði lið en við erum þó enn í baráttunni um þriðja sætið," segir Bjarni Guðjónsson, leikmaður KR sem gekk í raðir Vesturbæinga frá ÍA fyrr í sumar. „Ég var svona smá áttavilltur í upphafi leiks en síðan kom þetta. Ég er KR-ingur í dag og þetta var bara eins og hvert annað verkefni," segir Bjarni.

Falldraugurinn var búinn að fylgja ÍA svo að segja í allt sumar og Þórður kvað Skagamenn því í raun vera við öllu búna upp á framhaldið að gera.

„Undirbúningur fyrir 1. deildina hefst bara strax á morgun [í dag] og við munum fara vel og vandlega yfir okkar mál og skoða hvað hefur verið að fara úrskeiðis hjá okkur. Ekki bara í sumar heldur einnig síðustu árin. Það vantar í raun fullt af árgöngum inn í liðið hjá okkur og þetta er eitthvað sem við erum óvanir upp á Skaga og þurfum að endurskoða af mikilli alvöru. Fram undan er því mikið uppbyggingarstarf og krefjandi barátta," segir Þórður.

Spurður út í gömlu mennina í liðinu kvaðst Þórður ekki útiloka það að flestir þeirra myndu halda áfram. „Við þurfum náttúrlega bara að skoða það hver og einn. Annars sé ég í fljótu bragði ekkert því til fyrirstöðu að menn haldi áfram þar sem við gömlu mennirnir erum ekkert verr á okkur komnir en margir af þessum strákum sem eru að koma upp," segir Þórður.

Logi Ólafsson, þjálfari KR, var ekki sáttur í leikslok á Akranesvelli í gær. „Mér fannst við ekki nýta okkar hæfileika og möguleika í leiknum. Aðstæðurnar voru vissulega erfiðar en mér fannst við ekki nógu beinskeyttir í fyrri hálfleik á móti vindi og við vorum ekki að skapa nógu mikið. Við náðum svo að skapa okkur nokkur færi í seinni hálfleik eins og þeir reyndar en í heildina litið er ég ekki sáttur. Við vorum ekki að leika vel í þessum leik," segir Logi.

Logi sem þjálfaði ÍA á sínum tíma viðurkenndi að honum þætti leitt að sjá á eftir Skagaliðinu falla niður um deild. „Mér þykir mikið til Skagamanna komið og ég á marga góða vini upp á Akranesi. Þannig að mér finnst þetta vissulega súrt í broti fyrir þeirra hönd. Mótið byrjaði illa hjá ÍA og endaði illa en ég er viss um að Skagamenn koma á mikilli siglingu upp í Landsbankadeild mjög fljótt," segir Logi. **omar@frettabladid.is**

Fjölnir vann auðveldan sigur á afar döprum Fylkismönnum sem eru enn í fallhættu eftir 3-0 tap:

Fjölnismenn náðu loksins markmiði sínu

FÓTBOLTI Fjölnir náði loksins markmiðum sínum fyrir tímabilið með 3-0 sigri á slökum Fylkismönnum í gær.

Davíð Þór Rúnarsson skoraði tvö mörk fyrir Fjölni og Pétur Markan eitt en Fylkismenn réðu ekkert við skipulagðan leik Fjölnismanna og náðu sjaldan að skapa sér færi af einhverju viti.

Fjölnismenn óðu hins vegar í færum og hefðu getað verið 5-0 yfir eftir aðeins 25 mínútur.

„Við erum búnir að bíða lengi eftir þessum leik," sagði Ásmundur Arnarsson, þjálfari Fjölnis. „Ég er samt sáttur við sumarið og nú þurfum við að undirbúa okkur fyrir bikarúrslitin. Það er leikur sem við viljum að sjálfsögðu vinna."

„Allt það sem við lögðum upp með hvarf á fyrstu 25 mínútunum," sagði Sverrir Sverrisson, þjálfari Fylkis. „Menn voru ekki klárir í slaginn og hugarfarið var einfaldlega ekki rétt. Ég held að allir strákarnir séu mjög svekktir með sjálfa sig og þeir koma með réttu hugarfari í næsta leik." **- esá**

FYLKIR	0-3	FJÖLNIR

0-1 Davíð Þór Rúnarsson (11.)
0-2 Pétur Georg Markan (20.)
0-3 Davíð Þór Rúnarsson (90.)

Fylkisvöllur, áhorf.: Óuppgefið.
Jóhannes Valgeirsson (7)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	10–13 (4–5)
Varin skot	Fjalar 2 – Þórður 4
Horn	3–9
Aukaspyrnur fengnar	10–13
Rangstöður	2–2

Fylkir 4–3–3 Fjalar Þorgeirsson 7 - Andrés Jóhannsson 5, Þórir Hannesson 4, Valur Gíslason 3, Kjartan Breiðdal 3 - Ian Jeffs 5, Kristján Valdimarsson 4 (68., Kjartan Baldvinsson 5), Halldór Hilmisson 4 (78., Björn Hermannsson) - Ingimundur Óskarsson 6, Haukur Ingi Guðnason 5, Jóhann Þórhallsson 2 (60., Ólafur Stígsson 5).

Fjölnir 4–3–3 Þórður Ingason 7 - Magnús Einarsson 7, Óli S. Flóventsson 7, Kristján Hauksson 7, Gunnar Gunnars. 7 - Heimir Guðmunds. 6, Tómas Leifsson 6 (70., Ólafur Johnson 6), Gunnar Guðmunds. 8 - Ólafur Snorra. 7 (81., Ómar Hák.), Davíð Rúnars. 8, ***Pétur Markan 8** (88., Aron Jóhanns.)

ÁTÖK Það var ekkert gefið eftir í Árbænum í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

erum og verðum

ALLT AF ÓDÝRARI

INTEL TÖLVUPAKKI 3

- Intel Core2Duo E7200
- 4GB DUAL DDR2 800MHz
- 500GB WD SATA2 - 16MB
- 512 Geforce NX9600GT
- 22" Acer skjár, 5ms DVI
- Windows Vista Home Premium

129.950

AMD TÖLVA 1

- AMD Sempron LE1150
- 1GB DDRII 667MHz
- 160GB SATA II WD - 16MB
- 512MB ATI Radeon X1250
- Windows Vista Home Basic

@tt.is

49.950

INTEL TÖLVA 4

- Intel Core 2 Duo E8400
- 4GB DUAL DDR2 800MHz
- 640GB WD SATA2 - 16MB
- 512MB Geforce NX9600GT
- Windows Vista Home Premium

@tt.is

109.950

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl.

UPPFÆRSLA B

- Intel Core2Duo E2180
- 2GB DDR2 667MHz minni
- MSI móðurborð
- Geforce 7100 skjákort
- Dolby 7.1 hljóðkort

22.950

MX 518 MÚS

Logitech MX518 Gaming Grade Optical er glæsileg og þægileg mús með fullt af tökkum

4.950

LOGITECH WAVE

Glæsilegt lyklaborð hlaðið flýtihnöppum, ábrenndir ísl.stafir, PS2/USB

5.950

LOGITECH Z3

Logitech Z-3e hátalarkerfi, 40W RMS, 2 öflugir hátalarar, stórt bassabox, og fjarstýring

13.950

SENNHEISER HD201



Sennheiser HD 201 létt og þægileg lokuð heyrnatól sem að ná utan um eyrun

2.750

TURNUPPFÆRSLA 4

- AMD Athlon 64 X2 6000+
- 4GB Dual DDR2 800MHz
- 640GB SATA2 WD - 16MB
- 384MB Geforce 9600GSO
- GB Lan og 7,1 hljóðkort

@tt.is

79.950

COLORS TURNKASSI

Colors It 8025-C43 er góður kassi með 520W aflgjafa, svartur

5.950

SAMSUNG DVD SKRIFARI

Samsung S202J svartur skrifari 20x/8x/16x DVDR ± R/RW, DL 12x með hugbúnaði

3.950

ACER ASPIRE 7720G-5A

- 1.83GHz Intel Core 2 Duo
- 4GB DDR2 667MHz
- 640GB SATA 5400rpm
- 256MB Geforce 9300
- 17" WideScreen skjár

137.950

500GB ICYBOX MP302

500GB IcyBox MP302 margmiðlunarspilari, spilar kvikmyndir og tónlist fjarstýring fylgir.

22.950

160GB WD PASSPORT

Lítill og nettur utanáliggjandi diskur frá WD tengist í USB2, tilbúinn til notkunnar, fæst í svörtu, hvítu og bleiku

10.750

MSI NX8500GT

Microstar GeForce NX8500GT, 512MB 800MHz DDR2, 460MHz Core, Dx2, viftulaust, PCI-E 16X

6.950

MSI NETKORT

Microstar PCI þráðlaust netkort, Super G, 108Mbps 802.11g (PC60G-F)

2.950

2GB MINNISLYKILL

Sandisk Cruzer Micro Skin 2GB minnislykill vandaður og flottur fyrir allmenna notkunn

1.950

4GB MINI MINNISLYKILL

4GB Corsair Flash Mini högghelldur minnislykill frá Corsair með 10 ára ábyrgð Einn sá allra minnsti

3.750

ACER ASPIRE ONE

- 1.6GHz Intel Atom N270
- 1GB DDR2 533MHz
- 120GB SATA 5400rpm
- 8.9" WideScreen skjár
- Aðeins 1 kg

54.950

@tt.is

Allt tölvutengt á betra verði

www.att.is

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS 750 KR HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700

ÚRSLIT

N1-deild karla

Víkingur-Valur 29-34 (15-14)
Mörk Víkings (skot): Sverrir Hermannsson 8/3 (14/4), Davíð Georgsson 7 (7), Pálmar Sigurjónsson 4 (4), Hjálmar Þór Arnarson 4 (7), Sveinn Þorgeirsson 3 (11), Þröstur Þráinsson 2 (3), Sigurður Örn Karlsson 1 (1), Hreiðar Haraldsson (2)
Varin skot: Björn Viðar Björnsson 11/1 (34/2 32,4%), Árni Gíslason 4 (15/2 26,7)
Hraðaupphlaup: 7 (Pálmar 3, Þröstur 2, Davíð, Sverrir)
Fiskuð víti: 4 (Brynjar, Davíð, Pálmar, Sveinn)
Utan vallar: 10 mínútur
Mörk Vals (skot): Sigfús Páll Sigfússon 8 (10), Baldvin Þorsteinsson 7/1 (8/1), Arnór Malmquist Gunnarsson 7/2 (9/2), Ingvar Árnason 3 (3), Orri Freyr Gíslason 3 (4), Hjalti Pálmason 2 (7), Sigfús Sigurðsson 1 (3), Heimir Örn Árnason 1 (3/1), Sigurður Eggertsson 1 (4), Elvar Friðriksson 1 (5)
Varin skot: Ólafur H. Gíslason 5 (24/2 20,8%), Pálmar Pétursson 9/1 (19/2 47,4%)
Hraðaupphlaup: 7 (Arnór 3, Ingvar, Elvar, Baldvin) **Fiskuð víti:** 4 (Orri, Sigfús Páll, Heimir, Sigurður) **Utan vallar**: 8 mínútur

Akureyri-FH 26-31 (14-13)
Mörk Akureyrar (skot): Jónatan Magnússon 12/7 (14), Árni Þór Sigtryggsson 6 (15), Hörður Fannar Sigþórsson 2 (2), Andri Snær Stefánsson 2 (5), Rúnar Sigtryggsson 2 (5), Þorvaldur Þorvaldsson 1 (1), Oddur Grétarsson 1 (2).
Varin skot: Hafþór Einarsson 12/40 30%, Jesper Sjögren 0/3 0%
Hraðaupphlaup: 0
Fiskuð víti: 6 (Andri 2, Rúnar 2, Oddur, Árni, Hörður)
Utan vallar: 6 mínútur
Mörk FH (skot): Ólafur Guðmundsson 9 (16), Aron Pálmarsson 7 (13), Ásbjörn Friðriksson 4 (8), Guðmundur Pedersen 4 (9), Sigurður Ágústsson 3 (3), Ari Þorgeirsson 2 (2), Jón H. Jónsson 1 (1), Hjörtur Hinriksson 1 (1).
Hraðaupphlaup: 2 (Guðmundur, Sigurður)
Fiskuð víti: 0
Utan vallar: 14 mínútur
Varin skot: Daníel Andrésson 10/18 56%, Magnús Sigmundsson 7/25 28%

N1-deildin fór á fullt í gærkvöldi með tveim leikjum:

Sigrar hjá FH-ingum og Valsmönnum

HANDBOLTI Nýliðar FH byrjuðu vel í N1-deildinni er þeir lögðu Akureyri norðan heiða. Hinir nýliðarnir, Víkingur, töpuðu á sama tíma fyrir Valsmönnum á heimavelli.

Víkingar leiddu í hálfleik og jafnræði var með liðunum framan af síðari hálfleik en er um stundarfjórðungur var eftir af leiknum skildu leiðir og Valsmenn sigu framúr.

Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals, var að vonum ánægður með stigin tvö minnugur þess hve illa Valsmenn hófu síðasta tímabil.

„Við vorum ekki góðir varnarlega. Fengum á okkur allt of mörg mörk einum færri. Sóknarlega erum við ryðgaðir. Við þurfum að vera skynsamir. Við vorum það ekki í fyrri hálfleik en vorum það í seinni. Ég fagna tveimur stigum þó að leikurinn hafi ekki verið upp á marga fiska," sagði þjálfari Vals.

STERKUR Sigfús Páll fór mikinn í liði Vals í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Nýliðar FH fengu óskabyrjun í N1-deild karla þegar þeir unnu Akureyri 31-26. FH byrjaði betur en svo jafnaðist leikurinn og staðan var 14-13 í hálfleik.

Síðari hálfleikur var æsispennandi þar til nokkrum mínútum fyrir leikslok þegar Daníel Ágústsson fór í mark FH og lokaði því. Fimm marka sigur FH gaf þó ekki alveg rétta mynd af spennandi leik.

„Við erum í betra formi en flest lið og með mikla snerpu. Við ákváðum bara að klára þetta á síðustu tíu mínútunum. Svona erum við, við erum ungir og graðir," sagði Aron Pálmarsson FH-ingur. **- gmi / - hþh**

Þeir múruðu fyrir teiginn

Grindavík vann sinn sjöunda útisigur í átta leikjum og gulltryggði endanlega sætið í Landsbankadeildinni með sigri á HK sem á enn veika von um að halda sæti sínu. HK var með boltann en Grindavík fékk færin í leiknum og skoraði.

FÓTBOLTI HK-ingar komust í hóp með fjölmörgum liðum Landsbankadeildar karla sem hefur ekki tekist að brjótast í gegnum varnarmúr útivallarútgáfu liðs Grindvíkinga. Grindvíkingar fögnuðu sínum sjöunda útisigri í átta leikjum þegar þeir unnu HK 2-0 á Kópavogsvellinum í gær.

HK-ingum mistókst að nýta yfirburði sína úti á vellinum og fundu fáar leiðir framhjá mannmargri vörn Grindvíkinga sem hélt hreinu í fimmta sinn á útivelli í sumar. Það reyndi sem dæmi nánast ekkert á Zankarlo Simunic í marki Grindavíkur.

HK-menn voru meira eða minna með boltann allan tímann en réðu ekki við skyndisóknir Grindvíkinga, sem alltaf gátu leitað til Scott Ramsay þegar þurfti að skapa eitthvað upp úr engu í sóknarleiknum.

Scott Ramsay hafði verið ólíkur sjálfum sér í síðustu leikjum en HK-inga fengu þó að kynnast snilli Skotans í gær. Það var þó varnarlínan sem sá til þess að HK-liðið komst lítið áleiðis.

„Eins og ég er búinn að vera hrikalega óánægður með liðið í tveimur af síðustu þremur leikjum þá er ég ánægður með að menn voru tilbúnir að fylgja því sem Janko lagði upp með í dag, sem var að fara út og berjast. Það skilaði sér," sagði Eysteinn Hauksson, sem stjórnaði Grindavíkurvörninni eins og herforingi. „Ég held að hver einasti fjölmiðill hafi ekki bara spáð okkur neðsta sætinu því því langneðsta. Við erum tveimur leikjum á undan áætlun og ég er stoltur af liðinu," sagði Eysteinn. Hann segir að breytingar Milans Stefáns Jankovic á vörninni hafi gengið upp.

„Við vorum búnir að fá átta mörk á okkur í síðustu þremur leikjum og Janko var ekki sáttur við það þannig að hann setti upp þriggja manna vörn. Það gekk vel í dag og er kannski eitthvað sem við getum byggt á," sagði Eysteinn að lokum.

„Þeir múruðu fyrir teiginn hjá sér og við fundum ekki leið. Við fundum enga lausn og fengum ekki færi í leiknum," sagði Gunnleifur Gunnleifsson, fyrirliði HK, sem varði meðal annars þrisvar sinnum frá Grindvíkingi sem var sloppinn einn í gegn. „Við byrjuðum á því að pressa eins og við höfum gert í undanförnum leikjum og við ætluðum að setja á þá mark. Þeir skoruðu úr sínum færum á meðan við fáum engin færi," sagði Gunnleifur.

HK-ingar geta þakkað sigri Fjölnis á Fylki að þeir eru ekki fallnir en staðan er engu að síður mjög slæm. „Við gefumst aldrei upp hérna í HK. Við förum í fýlu yfir þessum leik í kvöld en svo byrjuðum við að undirbúa Fjölnisleikinn. Það er stutt í næsta leik og við getum ekki verið að grenja þetta eitthvað," sagði Gunnleifur.

ooj@frettabladid.is

SÁ GAMLI SEIGUR Sinisa Valdimar Kekic skilaði sínu fyrir HK og spilaði vel en það dugði Kópavogsliðinu ekki til sigurs í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

HK	0-2	Grindavík

Kópavogsv., áhorf.: 427 — Kristinn Jakobsson (6)

0-1 Aljosa Gluhovic (10.)
0-2 Gilles Ondo (30.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	12–19 (1–6)
Varin skot	Gunnleifur 4 – Zankarlo 1
Horn	6–5
Aukaspyrnur fengnar	11–9
Rangstöður	0–5

HK 4–4–2		GRINDA. 5–3–2	
Gunnleifur Gunnlei.	7	Zankarlo Simunic	6
Damir Muminovic	5	Bogi Rafn Einarsson	7
(46., Stefán Eggert.	6)	Zoran Stamenic	7
Erdzan Beciri	6	***Eysteinn Hauks.**	**7**
Ásgrímur Albertsson	6	Marinko Skaricic	7
Hörður Árnason	6	Aljosa Gluhovic	6
Hörður Magnússon	6	Orri Freyr Hjaltalín	5
Finnur Ólafsson	4	(90., Alexander Þóra.	-)
(46., G. Brajkovic	6)	Jóhann Helgason	5
Almir Cosic	4	Jósef Jósefsson	6
Aaron Palomares	3	Scott Ramsay	7
(70., Rúnar Sigurjó.	4)	(90., Emil Símonar.	-)
Iddi Alkhag	3	Gilles Ondo	5
Sinisa Kekic	7	(66., T. Stolpa	4)

**Maður leiksins*

FH steinlá í Laugardalnum:

Von FH er veik

FÓTBOLTI Framarar kjöldrógu FH-inga, 4-1, í Laugardalnum á miðvikudag.

Það var ekki að sjá á leik FH að liðið væri að berjast um Íslandsmeistaratitilinn. Aftur á móti var engu líkara en að Framarar væru í fallbaráttuleik eins og síðustu ár því þeir voru mun grimmari og uppskáru eins og þeir sáðu. Keflvíkingar eru því komnir með aðra höndina á bikarinn og geta orðið meistarar um helgina. **- hbg**

FRAM	4-1	FH

1-0 Björn D. Sverrisson, sjm (44.)
2-0 Paul McShane (51.), 3-0 Sam Tillen, víti (54.), 4-0 Ívar Björnsson (61.), 4-1 Dennis Siim 868.)

Laugardalsv., áhorf.: 508, Þóroddur Hjal. (4)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	11–21 (7–7)
Varin skot	Hannes 4 – Gunnar 2
Horn	8–10
Aukaspyrnur fengnar	13–11
Rangstöður	11–2

Fram 4–5–1 *Hannes Þór Halldórsson 7 - Daði Guðmundsson 7, Auðun Helgason 7, Reynir Leósson 7, Sam Tillen 7 - Ingvar Ólason 5, Paul McShane 6 (62., Heiðar Geir Júlíusson 5), Halldór H. Jónsson 6, Joseph Tillen 7, Hjálmar Þórarinsson 7 (85., Örn K. Hauksson -), - Ívar Björnsson 6.

FH 4–3–3 Gunnar Sigurðsson 3 - Ásgeir G. Ásgeirsson 6, Tommy Nielsen 3, Dennis Siim 4, Hjörtur Logi Valgarðsson 4 - Davíð Þór Viðarsson 4, Björn D. Sverrisson 3 (56. Atli Guðnason 4), Matthías Vilhjálmsson 3 (56., Guðmundur Sævarsson 4), Tryggvi Guðmundsson 4, - Matthías Guðmundsson 4, Atli Viðar Björnsson 3.

Arsenal
Tottenham
28.-30. október
Verð á mann í tvíbýli:
72.900 kr.
Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting með morgunverði í 2 nætur.

Chelsea
Sunderland
31. okt. -2. nóv.
Verð á mann í tvíbýli:
69.900 kr.
Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, miði á leikinn, gisting með morgunverði í 2 nætur.

Boltinn
er hjá okkur!
Enski boltinn er farinn að rúlla og hörkuleikir í boði í allan vetur. Við bjóðum frábært úrval leikja og getum útvegað miða á alla leiki í Ensku úrvalsdeildinni.
Nánar á expressferdir.is eða í síma 5 900 100
Express ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

TILBOÐ! Flug og miði á leikinn
Man Utd.
West Ham
28.-30. október
Verð á mann:
47.900 kr.
Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, miði á leikinn.

F1 on/SÍA F102718 2

ABBA HÁTÍÐ UM HELGINA
Á SKEMMTISTAÐNUM STEAK AND PLAY

ABBA VERÐLAUNAKARÍÓKÍKEPPNI

Meiriháttar karíókíkeppni verður haldin á skemmtistaðnum
STEAK AND PLAY, Grensásvegi 5, í kvöld, föstudag, kl. 23:00.
Keppendur velja sér ABBA lag úr miklu úrvali og sýna hvað í þeim býr.

Þátttökugjald aðeins 1000 kr. og vegleg verðlaun í boði:

1. Verðlaun: 20.000 kr. inneign á Steak and Play og 3 bjórkassar.
2. Verðlaun: 15.000 kr. inneign á Steak and Play og 1 bjórkassi.
3. Verðlaun: 10.000 kr. inneign á Steak and Play og 1 bjórkassi.

Dómarar: Sverrir Stormsker tónlistarmaður og
Snorri Snorrason Idolstjarna.

Á laugardagskvöldið verður svo haldin greifaleg ABBA hátíð þar sem ABBA lög munu hljóma allt kvöldið og myndböndum þessarar frábæru hljómsveitar varpað á risaskjái og dansað og sungið fram á rauða nótt.

STEAKANDPLAY

ÓKEYPIS AÐGANGUR.

HÚSIÐ LOKAR 5: 30.

Gull
léttöl

Grensásvegi 5-7 - Simi 553 4030
steakandplay.is - steakandplay@steakandplay.is

> **Alyssa Milano**

„Það er indælt að vera mikilvægur en það er mikilvægara að vera indæll.“ Milano leikur í þættinum Charmed en Skjár einn byrjar að sýna nýja þáttaröð í kvöld.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ KLEMENS ÓLAFUR ÞRASTARSON ER BÚINN AÐ FÁ NÓG AF KANASJÓNVARPINU

Draslið á RÚV getur ekki verið löglegt

Annað kvöld, að loknu veðri og auglýsingum, borgum við peninga fyrir að fylgjast með Vinum í raun, bandarískri þáttaröð um fjögur skólasystkini úr grunnskóla sem hittast aftur. Að því loknu er bandaríska gamanmyndin Rokkskólinn. Þar er fífl með rokkstjörnudrauma sem reynir að „koma sér í sviðsljósið og græða fúlgur fjár,“ segir RÚV. Svo er mynd um mann „sem á sér þann draum um að verða alvöru útsendari Alríkislögreglunnar“. Byggð á „sönnum atburðum“. Kvöldinu lýkur með Sahara, bandarískri bíómynd um ævintýramanninn Dirk Pitt, sem er í fjársjóðsleit.

En í lögum um RÚV segir að þjónusta þess feli í sér eftirfarandi: **1. Að leggja rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð.** 2. Að senda út til alls landsins og gera efni aðgengilegt almenningi. **3. Að framleiða og dreifa hvers konar útvarpsefni fyrir sjónvarp og hljóðvarp á sviði fréttamiðlunar, fræðslu, lista og afþreyingar. 4. Að veita almenna fræðslu og gera dagskrárþætti er snerta málefni lands og þjóðar. 5. Að halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og mannréttindi. 6. Að flytja fjölbreytt skemmtiefni við hæfi fólks á öllum aldri.** 7. Að veita víðtæka, áreiðanlega, almenna og hlutlæga fréttaþjónustu. **8. Að flytja efni á sviði lista, vísinda, sögu, íþrótta og annars tómstundastarfs. 9. Að miða útvarpsefni við fjölbreytni íslensks þjóðlífs, þar á meðal að sinna eðlilegum þörfum minnihlutahópa.**

Í samningi menntamálaráðherra við RÚV segir enn fremur: **RÚV skal leggja áherslu á sjónvarpsefni á Norðurlandamálum og skal efnið að jafnaði vera að lágmarki 5 prósent af útsendu efni. Og RÚV skal hafa frumkvæði að því að kynna og sýna þætti og kvikmyndir frá öðrum ríkjum Evrópu, svo og kvikmyndir frá öðrum heimshlutum sem lítið hafa verið kynntar hér á landi.**

Kæru landar, flestum þykir okkur vænt um RÚV og sérstaklega Gufuna. Kanasjónvarpið RÚV getur eflaust sýnt fram á að það fari stundum eftir þessum lögum og skilyrðum. En svona metnaðarlaust úrval getur ekki verið í anda laganna. Þetta er okkar sjónvarp. Hvernig væri að gera eitthvað í þessu? Hugmyndir sendist á **thorgerdur.katrin.gunnarsdottir@mrn.stjr.is**

EKKI MISSA AF

▶ **11.55 Ryder Cup 2008 BEINT** STÖÐ 2 SPORT

▶ **20.15 Útsvar** SJÓNVARPIÐ

▶ **20.45 Skins** STÖÐ 2 EXTRA

▶ **21.55 Prime** STÖÐ 2

▶ **22.00 Eleventh Hour** SKJÁR EINN

SJÓNVARPIÐ

16.35 Leiðarljós (Guiding Light)
17.20 Táknmálsfréttir
17.25 Spæjarar (25:26)
17.47 Snillingarnir (49:54)
18.10 Ljóta Betty (Ugly Betty)(20:23)(e)
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.40 Sjónlist Bein útsending frá afhendingu Sjónlistarorðunnar 2008 í Flugsafni Íslands á Akureyri. Verðlaunin eru veitt fyrir framúrskarandi framlag á sviði hönnunar og myndlistar. Umsjónarmaður er Þorsteinn J. og útsendingu stjórnar Sigurður Jakobsson.
▶**20.15 Útsvar** 24 stærstu bæjarfélög landsins keppa sín á milli í skemmtilegum spurningaleik. Hér eigast við Norðurþing og Hveragerði. Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir stýra þættinum. Dómari og spurningahöfundur er Ólafur Bjarni Guðnason.
21.20 Furðusaga (Tall Tale) Bandarísk fjölskyldumynd frá 1995. Ungur drengur í vestrinu sækir styrk í þjóðsagnapersónur til að berjast við illmenni sem ætlar að sölsa undir sig land fjölskyldu hans. Aðalhlutverk: Patrick Swayze, Oliver Platt og Scott Glenn.
22.55 Ellie Parker Bandarísk gamanmynd frá 2005 um ástralska stúlku sem reynir fyrir sér sem leikkona í Hollywood. Aðalhlutverk: Naomi Watts, Keanu Reeves og Chevy Chase.
00.35 Taggart - Dauðasök (Taggart: Cause to Kill) Ungar konur eru myrtar og ummerkjum svipar mjög til morðs sem var framið löngu áður en misindismaðurinn er tryggilega geymdur bak við lás og slá. (e)
01.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BÍÓ

08.00 Kicking and Screaming
10.00 Robots
12.00 Buena Vista Social Club
14.00 Kicking and Screaming
16.00 Robots
18.00 Buena Vista Social Club
20.00 Irresistible Sálfræðitryllir með Susan Sarandon og Sam Neill í aðalhlutverkum.
22.00 16 Blocks
00.00 Kill Bill: Vol. 2
02.15 Mississippi Burning
04.20 16 Blocks
06.00 Deja Vu

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Sylvester og Tweety, Kalli kanína og félagar og Ben 10.
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 La Fea Más Bella (152:300)
10.15 Missing (16:19)
11.10 60 minutes
12.00 Hádegisfréttir
12.35 Neighbours
13.00 Forboðin fegurð (39:114)
13.45 Forboðin fegurð (40:114)
14.35 Bestu Strákarnir (8:50)
15.05 Friends (9:24)
15.30 Friends (13:23)
15.55 Galdrastelpurnar (26:26)
16.18 Bratz
16.43 Nornafélagið
17.03 Dexter's Laboratory
17.28 Bold and the Beautiful
17.53 Neighbours
18.18 Markaðurinn og veður
18.30 Fréttir
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.17 Veður
19.30 The Simpsons 9
19.55 Mænan er ráðgáta - Söfnunarátak
▶**21.55 Prime** Rómantísk gamanmynd með Meryl Streep og Uma Thurman í aðalhlutverki. Tískuljósmyndarinn Rafi verður ástfangin af mun yngri manni. Hún kynnist nú í fyrsta sinn ástinni eins og hana hafði alltaf dreymt um. Hún gengur til sálfræðings reglulega til þess að ræða um djúpstu leyndarmál og þrár en málin flækjast til muna þegar í ljós kemur að ungi maðurinn er sonur sálfræðingsins.
23.35 From Hell Dularfullur sakamálatryllir. Ódæðisverk eru framin í Whitechapel í Lundúnum árið 1888. Íbúarnir eru óttaslegnir og eru þeir þó ýmsu vanir í eymd sinni og örbirgð. Fórnarlömbin eru konur og það er ljóst að hinn blóðþyrsti morðingi hefur ekki fengið nægju sína. Lögregluvarðstjórinn Fred Abberline tekur að sér málið en til að leysa það verður hann að leggja líf sitt að veði.
01.35 The Crucible
03.35 Everyday People
05.05 Friends (13:23)
05.30 Fréttir og Ísland í dag

SPORT besta sætið

07.00 Landsbankadeildin 2008 HK - Grindavík.
08.50 Landsbankamörkin 2008 Allir leikirnir, öll mörkin og bestu tilþrifin í umferðinni skoðuð.
09.45 Gillette World Sport Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi og skyggnst á bakvið tjöldin.
10.15 Inside the PGA Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni.
10.40 2006 Ryder Cup Official Film
▶**11.55 Ryder Cup 2008** Bein útsending frá Ryder Cup en þar mætast Evrópa og Bandaríkin í þessari stærstu golfkeppni í heimi. Að þessu sinni fer keppnin fram í Kentucky í Bandaríkjunum. Á þessum fyrsta keppnisdegi er keppt bæði í „fourball“ og „foursome“.
22.30 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu þar sem hver umferð er skoðuð í bak og fyrir.
23.00 Spænski boltinn Fréttaþáttur spænska boltans þar sem hver umferð fyrir sig er skoðuð í bak og fyrir. Leikir helgarinnar skoðaðir og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.
23.30 World Series of Poker 2008

SPORT 2 enski boltinn

17.30 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Portsmouth og Middlesbrough í ensku úrvalsdeildinni.
19.10 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Blackburn og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni.
20.50 Premier League World 2008/09 Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
21.20 English Premier League 2008/09
21.50 PL Classic Matches Newcastle - Man. United, 96/97. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
22.20 PL Classic Matches Arsenal - Liverpool, 03/04. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
22.50 English Premier League 2008/09
23.20 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik WBA og West Ham í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

07.15 Rachael Ray (e)
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Game tíví (e)
09.15 Vörutorg
10.15 Óstöðvandi tónlist
16.45 Vörutorg
17.45 Dr. Phil
18.30 Rachael Ray
19.20 Friday Night Lights (e)
20.10 Charmed - NÝTT Áttunda og síðasta þáttaröðin um Halliwell-systur sem eru rammgöldróttar og berjast við illa anda. Heillanornar ungu eru máttugustu nornir heims og sinna sinni helgu skyldu; að tortíma hinu illa og bjarga sakleysingjum, samhliða því sem þær lifa lífi sínu sem venjulegar konur í venjulegum heimi.
21.00 Singing Bee - NÝTT
▶**22.00 The Eleventh Hour** (8:13) Dramatísk þáttaröð sem gerist á sjónvarpsstöð og aðalsöguhetjurnar eru fréttamenn og pródúsentar á fréttaskýringaþætti. Yfirmenn stöðvarinnar eru ósáttir með áhorfið og ráða unga og glæsilega konu til að hafa yfirumsjón með framleiðslunni og það fellur misvel í kramið hjá gömlu fréttahaukunum.
22.50 Criss Angel Mindfreak Sjónhverfingameistarinn Criss Angel er engum líkur. Hann leggur líf sitt að veði og framkvæmir ótrúlega hluti og áhorfendur eiga vart eftir að trúa sínum eigin augum.
23.15 Swingtown (e)
00.05 Sexual Healing (e)
01.05 Law & Order: Criminal Intent (e)
01.55 High School Reunion (e)
02.45 America´s Funniest Home Videos (e)
03.10 Jay Leno (e)
04.00 Jay Leno (e)
04.50 Jay Leno (e)
05.40 Vörutorg
06.40 Óstöðvandi tónlist

SJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 Fréttir og **Föstudagsþátturinn** Endurtekið á klukkutíma fresti til kl. 12.15 daginn eftir.
N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Borgarveisla
í haust & vetur

Fullt af frábærum sértilboðum!
www.heimsferdir.is

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000
www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara. Allt verð er nettóverð á mann.

Barcelona
Frá kr. 24.900
Flugsæti báðar leiðir m. sköttum



Prag
Frá kr. 24.900
Flugsæti báðar leiðir m. sköttum

Búdapest
Frá kr. 59.990
Flug og gisting
Brottför 23. okt., m.v. gistingu í tvíbýli á Mercure Duna í 3 nætur.

Kraká
Frá kr. 24.900
Flugsæti báðar leiðir m. sköttum

Montreal
Frá kr. 29.990
Flugsæti báðar leið m. sköttum, 2 fyrir 1, 26. sept.
Gisting frá kr. 4.900
Netverð á mann á nótt, m.v. gistingu í tvíbýli á Travelodge Montreal með morgunverði. Gisting á Best Western Ville Marie kr. 5.900 á mann á nótt.

Róm
Frá kr. 19.900
Flugsæti aðra leið m. sköttum, 7. eða 10. okt.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 19.55
Mænan er ráðgáta - Söfnunarátök í opinni dagskrá

Stöð 2 og Bylgjan standa fyrir söfnun til styrktar Mænuskaðastofnun Íslands. Í kvöld verður sendur út fjölbreyttur skemmti- og söfnunarþáttur í beinni útsendingu og opinni dagskrá. Kynnar verða Simmi og Jói. Auk þeirra koma að útsendingunni Edda Andrésdóttir, Kolbrún Björnsdóttir og Heimir Karlsson. Meðal skemmtikrafta eru Stefán Hilmarsson, Guðrún Gunnarsdóttir, Bergþór Pálsson, Páll Óskar, Ný dönsk og Diddú auk fjölda annarra.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
Singing Bee
Skjár einn kl. 21.00

Nýr íslenskur tónlistar- og skemmtiþáttur sem byggður er á bandarískri fyrirmynd. Hér keppa menn í að kunna og fara rétt með texta. Hljómsveit þáttarins, Buff, byrjar að spila og syngja þekkt lag en þegar hún hættir eiga keppendur að taka við og fylla í eyðurnar. Jón Jósep Snæbjörnsson stjórnar þættinum.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.05 Morgunvaktin
06.40 Veðurfregnir
06.50 Bæn
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.05 Óskastundin
09.45 Morgunleikfimi
10.03 Veðurfregnir
10.13 Sagnaslóð
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Fréttayfirlit
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
13.00 Vítt og breitt
14.03 Tónleikur
15.03 Útvarpssagan: Dyr standa opnar
15.30 Heimsauga
16.00 Síðdegisfréttir
16.10 Veðurfregnir
16.13 Hlaupanótan
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.25 Spegillinn
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.00 Leynifélagið
20.30 Stjörnukíkir
21.10 Flakk
22.07 Veðurfregnir
22.12 Orð kvöldsins
22.15 Litla flugan
23.00 Kvöldgestir
00.07 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

2 EXTRA

16.00 Hollyoaks (19:260) Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
16.30 Hollyoaks (20:260)
17.00 Ally McBeal (13:23)
17.45 Skins (3:10)
18.30 Happy Hour (6:13)
19.00 Hollyoaks (19:260)
19.30 Hollyoaks (20:260)
20.00 Ally McBeal (13:23) Frábærir gamanþættir sem unnu til fjölda verðlauna á sínum tíma. Þættirnir fjalla um lögfræðinginn Ally McBeal og samstarfsfólk hennar.
▶ **20.45 Skins** (3:10) Önnur þáttaröð þessara geysivinsælu en átakanlegu bresku þátta um hóp unglinga sem reyna að takast á við daglegt líf í skugga átröskunar, eiturlyfjaneyslu og fleiri vandamála sem steðja að unglingum í dag.
21.30 Happy Hour (6:13) Lánið leikur ekki við Henry Beckman. Konan yfirgefur hann og hann missir vinnuna og íbúðina. Hann ákveður að leigja íbúð með Larry, sjálfselskum og raunveruleikafirrtum glaumgosa sem útvegar honum vinnu og reynir að kenna honum að lifa lífinu.
22.00 Las Vegas (11:19) Enn fylgjumst við með lífi og störfum öryggisvarða í Montecito-spilavítinu þar sem freistingarnar eru óheyrilega margar fyrir spilafíkla, glæpahyski, fjárglæframenn og aðrar veikgeðja sálir.
22.45 The Kill Point (7:8)
23.30 Twenty Four 3 (17:24)
00.15 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

ÍNN

20.00 Mér finnst... Raunveruleikasjónvarp þar sem konur tjá sig hispurslaust um allt sem stendur og situr, rís og hnígur, vakir og sefur á þessari plánetu. Umsjónarkonur eru Ásdís Olsen og Kolfinna Baldvinsdóttir.
21.00 Skoðanaskipti Marta Guðjónsdóttir varaborgarfulltrúi veltir fyrir sér borgarmálum ásamt gesti sínum.
21.30 Guðjón Bergmann Heilsufar Íslendinga er til umræðu hjá Guðjóni Bergmann sem fær til sín góða gesti.
Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn

DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr **10.10** Jersild Live **10.35** Aftenshowet **11.00** Aftenshowet 2. del **11.25** Grøn glæde **11.50** Rabatten **12.20** Med livet i hænderne **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **13.35** Pigebandet Frank **14.00** Boogie Listen **15.00** Min funky familie **15.30** Det kongelige spektakel **15.45** Den lille prinsesse **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Talent 2008 **18.45** X Factor **19.00** TV Avisen **19.30** Fuld af løgn **20.50** Tina Dickow - Roskilde 08 **21.20** Happy Gilmore **22.50** Boogie Listen

NRK 1

10.00 NRK nyheter **10.10** Med hjartet på rette staden **11.00** NRK nyheter **11.05** Jessica Fletcher **12.00** NRK nyheter **12.05** Barmeny **12.30** „Allo, „Allo! **13.00** NRK nyheter **13.01** Megafon **13.30** Dracula junior **14.01** NRK nyheter **14.10** Hannah Montana **14.35** Edgar og Ellen **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Newton **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Fragglene **16.25** En unge til **16.35** Pip **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Norge rundt **17.55** Beat for beat **18.55** Nytt på nytt **19.25** Grosvold **20.10** Detektimen. Taggart **21.00** Kveldsnytt **21.15** Intrigemaker **22.45** Berserk til Valhall **23.15** Kulturnytt

SVT 1

10.00 Rapport **10.05** Debatt **10.50** Mitt i naturen **11.25** Carin 21:30 **11.55** Svensson, Svensson **12.25** Veronica Mars **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Hannah Montana **14.30** Djursjukhuset **15.00** Disneydags **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Doobidoo **19.00** Final Call **20.35** Kulturnyheterna **20.50** Till varje pris **22.35** Sändningar från SVT24

Goran Superform á 6 vikum

GORAN SUPERFORM er raunhæft heilsunámskeið sem tryggir þér fullkominn árangur frá byrjun.

Tilgangur þess er að þú takir hröðum líkamlegum og huglægum framförum og stígir örugg en einföld skref til betri skilnings á eigin heilsu.

Þú kynnist nýjum möguleikum í matarvali, mat sem örvar fitubrennslu. Hvernig þú átt að glíma við matar- og sykurþörfina. Hvernig þú ferð að því að brenna meira og léttast.

VILT ÞÚ:

- Efla orku þína og komast í form?
- Léttast og bæta meltinguna?
- Styrkja ónæmiskerfi og heilbrigði?
- Koma jafnvægi á hormónana?
- Auka andlega vellíðan?
- Bæta minni og einbeitingu?

Nýtt á Íslandi Goran Superform matartaska!

Nú getur þú tekið með mat, sem sniðinn er samkvæmt þinni orkuþörf, heim eftir hverja æfingu.

Goran útbýr matartösku sér hannaða fyrir þig sem tryggir hámarks árangur!

Fimm tímar í viku – brennsla – styrking – liðleiki.
Takmarkaður fjöldi.
Einkaráðgjöf og uppbygging hjá Goran.
Persónuleg næringarráðgjöf.
Ráðgjöf við matarinnkaup.
Fræðsla og eftirfylgni – 2 fyrirlestrar.
Frábær spennandi lífrænn matur.
Næringardrykkur í lok hvers tíma.
Slökun og herðanudd í pottum að æfingu lokinni,
kl. 6:30, 7:30, 10:00, 12:00, 16:30 og 17:30.

Skráðu þig strax í síma 578-8200

Námskeiðin byrja 22. september!

Grand Spa | Sigtúni 38 | 105 Reykjavík | Sími 578 8200 | grandspa@grandspa.is

GrandSpa

GAMLA MYNDIN

„Tískan hjá mér var náttúrlega að vera ekki í tísku. Þetta er gamall jakki af frænda mínum og mér finnst ótrúlegt að ég hafi verið með svona mikið hár og svona stór gleraugu. Ég er átján ára þarna og ábyggilega í viðtali út af einhverjum tónleikum með hljómsveitinni Nýja kompaníinu sem ég spilaði með.“

Sigurður Flosason saxófónleikari. Myndin er tekin í september 1982.

Margrét Lára sýnir trixin í takkaskónum

„Ég veit ekki hvort ég fer á kostum en vonandi virkar þetta,“ segir Margrét Lára Viðarsdóttir, knattspyrnukona og íþróttamaður ársins.

Verið er að leggja lokahönd á DVD-disk þar sem Margrét Lára, í samvinnu við þjálfara sinn hjá Val, Elísabetu Gunnarsdóttur, kennir strákum og stelpum hvernig þau geta orðið enn betri í fótbolta. Einnig kemur við sögu Guðjón Baldvinsson, markahrókur úr KR, sem og ungir og efnilegir fótboltamenn af báðum kynjum. Diskurinn ber heitið Trixin í takkaskónum.

„Já, þetta á ekki síður að höfða til stráka en stelpna. Ekki veitir af því að efla karlaknattspyrnuna í landinu líka,“ segir Margrét Lára í léttum dúr. Á disknum er farið yfir helstu grunnatriðin í sambandi við skot, tækni, móttöku boltans og svo framvegis. „Við tókum þetta upp í ágúst. Rétt eftir verslunarmannahelgina. Þetta var heilmikið púl. Maður varð að vera á hreyfingu stanslaust í tvo daga,“ segir Margrét Lára. Hún og Elísabet sáu um handrit og uppsetningu disksins. Margrét Lára er spennt að sjá hverjar viðtökurnar verða því hún sér alveg fyrir sér framhald. „Í fyrra var ég með fyrirlestra um allt land og þetta er eðlilegt framhald af þeirri vinnu. Íþróttir eru í raun besta forvörn sem hugsast getur. Og ég legg mikið upp úr því að hjálpa öðrum til að ná árangri og efla krakka og unglinga. Þessi diskur er svolítið sóknarþenkjandi ef svo má að orði komast. Og það er aldrei að vita nema við eigum eftir að gefa út varnardisk og markmannsdisk. En við eigum eftir að fá einkunnina,“ segir Margrét Lára og vísar þá til þess hvort diskurinn muni seljast eða ekki.

- jbg

MARGRÉT LÁRA Knattspyrnusnillingurinn er nú að senda frá sér DVD-disk þar sem hún sýnir trixin í takkaskónum.

ÓLI PALLI Á BBC Útvarpsmaðurinn þekkti verður fulltrúi Íslands í útvarpsþætti á BBC. Hann mun þar kynna hlustendum íslenska tónlist. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ÓLAFUR PÁLL GUNNARSSON: KYNNIR ÍSLENSKA TÓNLIST Á BBC

Skagastrákur kominn á BBC

„Já, hugsa sér,“ segir útvarpsmaðurinn Ólafur Páll Gunnarsson – Óli Palli – spurður hvort þetta sé ekki eitthvað: Að strákurinn af Skaganum bara kominn í BBC sem má heita mekka útvarpsmennskunnar. „Ég er bara þokkalegur í enskunni, held ég, þakka þér fyrir.“

Í nóvember verður Óli Palli með í tveggja tíma þætti þar sem hann mun kynna hlustendum BBC Merseysideíslenskatónlist.Þátturinn er liður í mikilli menningarhátíð sem efnt er til í Liverpool sem er menningarborg Evrópu þetta árið. „Ég á að vera þarna í hlutverki íslensks sendiherra. Ég er nú ekkert farinn að leggja þetta upp nákvæmlega. En maður reynir að leika góða íslenska tónlist. Blanda saman nýju og svo einhverju gömlu sem stendur upp úr í rokksögunni,“ segir Óli Palli. Hann segir jafnframt að BBC sé eins og Betlehem útvarpsmannsins. Hin helga borg. Allt sem gert er í útvarpi miðist við BBC. „Þeir bjuggu þetta til.“

Á VETTVANGI Útvarpsmaðurinn knái tekur viðtal við Þorstein Eggertsson, einmitt í Liverpool en í baksýn má sjá Sverri Stormsker. FRÉTTABLAÐIÐ/JAKOB

Óli Palli gerir ekki ráð fyrir því að rokktónlistarmenn muni leggjast á sig til að koma sínu efni sérstaklega að. En þegar hann er minntur á að sjálfur konungurinn, Bubbi Morthens, sakaði hann um það fyrir skömmu að láta undir höfuð leggjast að spila lög með honum á Rás 2 segir Óli Palli: „Ég get lofað þér því að ef þetta verður eins og ég held má reikna með að eitt Utangarðsmannalag fái að heyrast. Til dæmis Fuglinn er floginn. Kæmi mér ekki á óvart.“

Óli Palli segir aðspurður að helstu fyrirmyndir sínar í útvarpi séu Jón Múli og Svavar Gests. Og svo verður ekki hjá því komist að nefna breska útvarpsmanninn John Peel sem var á BBC Channel One – stöð unga fólksins. „Það er gott að geta bent á hann. Eins og Rolling Stones hafa sýnt að það má rokka fram í ellina hefur hann sýnt fram á að það má spila rokktónlist þar til maður dettur niður dauður,“ segir Óli Palli og hefur greinilega ekkert á móti því að sjá sig í þeim sporum.

jakob@frettabladid.is / sjá einnig síðu 16

FRÉTTIR AF FÓLKI

Aðdáendur **Ólafs Ragnars** og félaga í Dagvaktinni ættu að fylgjast vel með sjónvarpsútsendingu frá landssöfnun Mænuskaðafélags Íslands sem verður á Stöð 2 í kvöld. Eins og kunnugt er hefur Dagvaktin göngu sína á sunnudagskvöld en forskot verður tekið á sæluna í kvöld. Þá verða sýnd nokkur atriði sem rötuðu ekki í endanlega útgáfu þáttanna, atriði sem ekki þóttu passa eða ekki var pláss fyrir.

Hlynur Sigurðsson, fyrrum fréttamaður á Sjónvarpinu og umsjónarmaður Fasteignasjónvarpsins, hefur tekið við starfi kynningarstjóra Latabæjar, eins og greint var frá á þessum stað fyrr í vikunni. Hlynur lét það verða sitt fyrsta verk að senda frá sér tilkynningu þess efnis að **Magnús Scheving**, hefði prýtt forsíðu dagblaðsins Canberra Times. Canberra er höfuðborg Ástralíu og lesa um tvö hundruð þúsund manns blaðið á hverjum degi, samkvæmt tilkynningu Hlyns.

Austfirðingar ætla að gera sér glaðan dag á Players í kvöld en það verða hljómsveitirnar Vax og Rokkabillyband Reykjavíkur sem halda uppi fjörinu og... sjálfur **Bjartmar Guðlaugsson**. Fastlega má gera ráð fyrir því að helsti aðdáandi Bjartmars, fréttahaukurinn og Reyðfirðingurinn **Helgi Seljan**, láti sjá sig en hann naut þess heiðurs nýverið að róta fyrir Bjartmar og lítur á það sem einn hápunkta ferils síns.

- hdm, jbg



LÁRÉTT
2. heilu, **6.** vírus, **8.** sjór, **9.** pota, **11.** númer, **12.** skattur, **14.** gort, **16.** átt, **17.** traust, **18.** fornafn, **20.** rún, **21.** áfall.

LÓÐRÉTT
1. hluti, **3.** í röð, **4.** jarðbrú, **5.** dýrahljóð, **7.** fótabúnaður, **10.** eyrir, **13.** nytsemi, **15.** ruddi, **16.** smáskilaboð, **19.** guð.

LAUSN
LÁRÉTT: 2. öllu, **6.** rs, **8.** mar, **9.** ota, **11.** nr, **12.** tíund, **14.** grobb, **16.** sv, **17.** trú, **18.** mér, **20.** úr, **21.** slag.
LÓÐRÉTT: 1. brot, **3.** lm, **4.** landbrú, **5.** urr, **7.** stígvél, **10.** aur, **13.** not, **15.** búri, **16.** sms, **19.** ra.

VEISU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Lárus Elíasson.
2. Guðmundur Steinarsson.
3. Yoweri Kaguta Museveni, forseti Úganda.

Urður og Kristjana sameina krafta sína

„Ég var að læra hjá Kristjönu niðri í FÍH og okkur hefur lengi langað að gera eitthvað saman. Svo þegar Kristjana hringdi í mig og spurði hvort við ættum ekki að halda tónleika saman sagði ég auðvitað já því það er ekkert meira spennandi en að syngja með henni,“ segir Urður Hákonardóttir um tónleika sem hún og Kristjana Stefánsdóttir ætla að halda á Múlakvöldi á Café Rósenberg 23. október næstkomandi.

„Ég fékk þessa hugmynd þegar Funkmaster 2000 var að spila á Glaumbar um daginn. Ég fékk þá til að spila undir hjá okkur og við verðum með mjög fönkí stöff og mikið stuð. Við munum til dæmis taka lög með Chaka Khan og hljómsveitinni Rufus sem við höldum báðar mikið upp á,“ útskýrir Kristjana.

Báðar hafa söngkonurnar í nógu að snúast þessa dagana. Kristjana Stefánsdóttir gaf nýverið út plötuna Better Days Blues sem hún mun fylgja eftir með tónleikaferðalagi um Suðurland í nóvember, en Urður hefur sagt skilið við hljómsveitina Gus Gus og vinnur nú að sólóplötu.

„Væmin tilfinningaplata er eflaust besta en ógirnilegasta leiðin til að lýsa plötunni. Hún er samt svolítil diskóplata, en það gæti breyst. Ég stefni á að klára hana fyrir áramótin, en ég er ekki með útgáfufyrirtæki svo það á allt eftir að koma í ljós með útgáfu,“ segir Urður.

- ag

HÆTT Í GUSGUS Urður vinnur nú að sólóplötu með diskóívafi, en óvíst er hvenær hún kemur út.

LOFAR MIKLU STUÐI Kristjana lofar mjög fönkí tónleikum á Múlakvöldi á Café Rósenberg 23. október næstkomandi þar sem hún og Urður munu leiða saman hesta sína.

Öndvegisrúm

VORUM AÐ TAKA INN NÝJA RÚMFATALÍNU FRÁ

McGREGOR® BY Vandyck

Höfum opnað nýrri og glæsilegri rúmadeild

heimahusid0908

Tvíbreitt rúm án rafmagns:
Tvískipt gormadýna m. pokagormum og Memori Foam. 180x200 sm.

Rafmagnsbotn,
tvískipt dýna m. pokagormum og Cold Foam. 96x200 sm.

Bjóðum upp á vaxtalaust lán í allt að 12 mán.
Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16.

HEIMA mood heima
HÚSIÐ Öndvegi

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

BAKÞANKAR
Bergsteins Sigurðssonar

Haustlægð

Undanfarið hefur sótt að mér einhver drungi. Að gömlum sið kenndi ég veðrinu um en í gær fór að leita á mig grunur um að kannski væri ástæðan önnur. Kíkjum á litla samantekt á nokkrum fyrirsögnum sem birtust á síðum dagblaðanna í liðinni viku.

FÖS: Gjaldþrot blasir við ferðaskrifstofunni XL og Atlas selt. XL Leisure gjaldþrota. Enn tapar Eimskip. Olíuverð skekkir vöruskiptatölur. Ný stefnumótun í peningamálum má ekki bíða. Vextir áfram í hæstu hæðum. Vilja ekki krónuna. Kynbundinn launamunur hefur aukist.

LAU/SUN/MÁN: Stórt og mikið áfall. Tími aðgerða í gjaldmiðilsmálum. Kreppan klýfur hjónabönd. Skuldsett börn fella foreldra. Heimatilbúinn efnahagsvandi. Virði Eimskips tíund af skuldum. Varar við nýrri heimskreppu. Dagvöruverslun minnkar. KPMG átaldi fegrað bókhald. Búast má við mótvindi áfram. Kjörin hafa versnað. Kaupþingsmenn á apafarrými. Brostinn draumur. Grafalvarlegt að villa um fyrir fjárfestum.

ÞRI: Versti dagur frá 2001. Gengi Decode í nýrri metlægð. Alvarleg staða Eimskips. Markaðsdýfa um heim allan. Fjárfestingarbönkum lokað. Fær flugið í hausinn. Styrking dollarans étur upp lækkunina. Engin viðskipti – hátt álag. Ríkissjóður rekinn með tapi. Uppnám og óvissa á fjármálamörkuðum. Skellir á Wall Street eru skellir hér. Rekstur Atlanta seldur á 0 krónur. Harmsaga XL Leisure. Neikvæð í fyrsta sinn í fjögur ár. Miklar ábyrgðir og háar skuldir í brennidepli. Fallið um 82 prósent.

MIÐ: Stöðugt fleiri leita aðstoðar vegna skulda. Krónan aldrei verið veikari. Nýsir á barmi gjaldþrots. Fótunum kippt undan manni. Skuldatryggingarálag eykst vegna óróleika. Ástandið vestra jafnast á við kreppuna miklu. Úlfakreppan harðnar enn. Nánast endalaus hrakfallasaga. Stór hluti eiginfjár í húfi. Veröldin var svolítið önnur en í dag.

FIM: Krónan kolfellur. Hætta á hruni. Fjárfestar hafa lítið traust á krónunni. Fjárfestar forðast krónuna. Hætta á afskráningu. Hriktir í hagkerfum. Forstjóri Glitnis aldrei átt fleiri andvökunætur. Fjárfestingabankar riðuðu til falls í gær. Aukið álag í niðursveiflu. Enginn hagvöxtur. Slæm lausafjárstaða gerir mörgum erfitt fyrir. Brotna niður í atvinnuleysi. Botninum hvergi nærri náð.

ÞETTA nægir mér í bili. Vill einhver hnippa í mig þegar þetta er gengið yfir?



GÓÐAN DAG!

Í dag er föstudagurinn 19. september, 263. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	7.00	13.22	19.41
Akureyri	6.46	13.06	19.24

Heimild: Almanak Háskólans